allt
**ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON:**
*Eldar sérstakan hafragraut*
* matur * tilboð
**Í MIÐJU BLAÐSINS**



birta
**HUGRÚN RAGNARSDÓTTIR:**
*Fyrirsætan sem fór bak við myndavélina*
* börn * kvennafrí * tapas
**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




Hagstæðasta bílalánið
FRJÁLSI


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. október 2005 – 284. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000


## FÖSTUDAGUR

### Aukin nýsköpun

Bætt samkeppnisstaða Íslands á undanförnum árum er ekki síst að þakka þeirri áherslu sem lögð hefur verið á aukna nýsköpun. Þetta segir Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra í grein í Fréttablaðinu í dag.



UMRÆÐAN 28

### Slegist um Edduna



Aldrei hafa borist fleiri innsendingar til Edduverðlaunanna sem afhent verða 13. nóvember segir Elísabet Ronaldsdóttir formaður ÍKSA.

FÓLK 54

### Sigurður til Grindavíkur

Sigurður Jónsson var í gær ráðinn þjálfari knattspyrnuliðs Grindavíkur. Nýi þjálfarinn er stórhuga og ætlar sér að gera liðið að Íslandsmeisturum innan þriggja ára.



ÍÞRÓTTIR 48

## VEÐRIÐ Í DAG




**YFIRLEITT BJARTVIÐRI,** síst þó við norðaustan- og austanvert landið. Hætt við stöku éljum allra austast. Hiti við eða rétt yfir frostmarki að deginum en víðast næturfrost. VEÐUR 4






# Fara 200 milljónir fram úr heimildum

**Útlit er fyrir að sérfræðilæknar fari um 200 milljónir fram yfir fjárheimildir gildandi samnings við Tryggingastofnun, að sögn formanns samninganefndar lækna. Mest er aukning á þjónustu hjartasérfræðinga, eða 25 prósent.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Sjálfstætt starfandi sérfræðilæknar, sem eru á samningi við Tryggingastofnun ríkisins, fara um 200 milljónir króna fram úr fjárheimildum gildandi samnings, að sögn Kristjáns Guðmundssonar, formanns samninganefndar Læknafélags Íslands.

„Það hefur orðið töluverð aukning í sérfræðiþjónustu á þessu ári,“ segir Kristján. „Að mestu leyti er verið að sinna fleiri sjúklingum. Mest er aukningin hjá hjartasérfræðingum, um 25 prósent. Heildaraukning í sérgreinunum nemur átta prósentum. Þetta er þróun sem hvorugur samningsaðila sá fyrir. Það er verið að veita meiri þjónustu en ráð var fyrir gert.“

Kristján segir að fullur skilningur ríki milli samninganefnda TR og lækna á þeirri stöðu sem upp sé komin. Nú sé verið að greina af hverju svo mikil eftirspurn sé eftir þjónustu hinna ýmsu sérgreina. Í vetur hafi til að mynda verið mjög mikil aukning hjá barnalæknum þegar bæði inflúensa og RS-vírus hefðu lagst á landsmenn.

„En aukningin nú er í öllum sérgreinum og það stefnir í að áttatíu prósent lækna sem eru á samningi hjá TR fari yfir einingakvótann, mismikið þó,“ segir Kristján og kveður samninganefndir lækna og TR hafa fundað stíft undanfarnar vikur vegna þessarar stöðu. „Það gerist ekki í ríkisrekstri að hægt sé umsvifalaust að sækja peninga af því að menn vilji auka þjónustu sína. Á hinn bóginn teljum við að það sé afar erfitt að draga úr þjónustu, þannig að þarna er verið að takast á við erfið álitamál. Fyrst og fremst er verið að greina hvar og hvers vegna aukningin verði. Þar er verið að spá fyrir um það sem eftir er af árinu og þá miðað við sama árshluta í fyrra.“

Á yfirstandandi ári gerir samningurinn ráð fyrir samtals 11.336.000 einingum sem hver er metin á 214 krónur. Heildarupphæð samnings TR og sérfræðilækna er því ríflega 2,4 milljarðar króna. - jss



**UMVAFINN SILFRI HAFSINS** Hoffell SU 80 frá Fáskrúðsfirði fékk hnúfubak í nótina þegar skipið var á síldveiðum við Berufjarðarál. Hnúfubakurinn var í leit að æti og svamlaði í dágóðan tíma í síldartorfunni. Hann olli engum skemmdum á veiðarfærunum og þegar búið var að dæla síldinni um borð fékk hvalurinn frelsi á ný. MYND / ALBERT EIRÍKSSON

Ljósálfasveitin Muggar í skátafélaginu Vífli í Garðabæ:

# Börn gerast heimsforeldrar

**HJÁLPARSTARF** „Við erum skátar og skátar eiga að hjálpa öðrum jafnvel þótt þeir séu svona langt í burtu,“ segir Óskar Þór Þorsteinsson skáti úr Garðabæ og meðlimur í Ljósálfasveitinni Muggar. Sú sveit hefur nú tekið að sér það hlutverk að vera heimsforeldrar Önnu Karínu sem er tíu ára fátæk stúlka í El Salvador.

Ábyrgðin kallar á heilmikla framtakssemi en börnin munu sjálf sjá um að styrkja stúlkuna og tryggja að hún geti gengið í skóla og haft í sig og á.

Ljósálfarnir höfðu að þessu sinni safnað dósum og flöskum handa Önnu Karínu og hafði söfnunin tekist svo vel að heimsforeldrarnir ungu óðu dósir upp í ökkla þegar blaðamann bar að garði í Skátaheimili Vífils þar sem þeir hafast við.



**UNGIR HEIMSFORELDRAR** Ljósálfarnir eru stoltir af því að hjálpa öðrum þó fjarri séu.

Ljósálfarnir voru allir sammála Óskari um að skátar ættu að hjálpa öðrum og nefndu þeir fjölmörg dæmi þess að þeir hefðu komið öðrum til hjálpar. „Einu sinni ætluðu milljón strákar að lemja einn strák en þá hjálpuðum við honum,“ segir Emil ljósálfur en Unnsteini skátaforinga þykir þá sögurnar orðnar full magnaðar og hvetur þá til að halda áfram að telja. - jse



**BROTTFÖRIN UNDIRBÚIN** Tólf eru í áhöfn Loftleiðavélarinnar í heimsminjaferðinni í stað sjö í hefðbundnu flugi.

Þriggja vikna heimsminjaferð:

# Lúxusferð með Loftleiðaþotu

**FERÐALÖG** Nítíu og tveir efnaðir Bandaríkjamenn lögðu upp í þriggja vikna heimsminjaferð frá Íslandi á miðvikudag. Förin er á vegum bandarísku ferðaskrifstofunnar Starquest Expeditions en Loftleiðir Icelandic leggja til farkost og áhöfn.

Boeing-þota var sérstaklega innréttuð fyrir flugið og er hún eingöngu búin viðskiptafarrýmissætum. Ferðalagið kostar tæpar þrjár milljónir króna á mann.

„Við sjáum sóknarfæri á þessum svokallaða lúxusflugmarkaði því sífellt fleiri vilja njóta hámarksþæginda og þjónustu á ferðum til framandi áfangastaða,“ segir Guðni Hreinsson, markaðsstjóri Loftleiða. - bþs / sjá síðu 16

Banaslys í Borgarfirði:

# Maður festist í drifskafti

**BANASLYS** Maður um sextugt lést í gærmorgun þegar hann lenti í drifskafti sem tengt var úr dráttarvél í staurabor.

Maðurinn var einn við vinnu sína í Borgarfirði þegar slysið varð en tveir menn frá nálægum bæ sáu hann að störfum þegar þeir áttu leið hjá. Þegar þeir komu til baka um fimmtán mínútum síðar komu þeir að honum látnum.

Talið er að maðurinn hafi látist samstundis. Að sögn lögreglunnar í Borgarnesi var mönnunum boðin áfallahjálp á heilsugæslustöðinni í bænum.

Ekki er greint frá nafni hins látna að svo stöddu. - jse






## SPURNING DAGSINS

*Páll, þurfa menn að fá sér róandi?*

„Sjálfsagt sumir, en ég er ekki talsmaður þess að menn neyti slíks í of miklum mæli.“

Páll Pétursson, formaður Lyfjaafgreiðslunefndar, segir lyfsala hóta að skrúfa fyrir afslátt á lyfjaverði í kjölfar fullyrðinga um að verðlækkanir komi sjúklingum ekki til góða.

Afsláttur í apótekum lækkar samfara verðlækkunum í heildsölu:

# Verðlækkunin skilar sér ekki

**LYFJAVERÐ** „Einhver lyf lækka, önnur hækka, en flest lyf standa í stað,“ segir Páll Guðmundsson, lyfsali hjá Lyfjum og heilsu í Kringlunni, um andstæðar fullyrðingar vegna lækkunar lyfjaverðs í heildsölu. Lyfjahópur Samtaka verslunar og þjónustu hefur lýst því yfir að sjúklingar fái engan skerf af þeim lækkunum sem orðið hafi á undanförnum mánuðum og misserum. Páll Pétursson, formaður Lyfjaverðsnefndar, segir að lyfjapakkinn í heild lækki þannig að í mjög mörgum tilfellum hljóti sjúklingarnir að verða varir við þá lækkun.

„Greiði sjúklingurinn hámarksverð fyrir lyf sem Tryggingastofnun tekur þátt í, þá er breytingin yfirleitt engin þótt lyfin lækki í verði. Þá græðir einungis TR á þessu,“ segir Páll. „Ef þau lyf sem eru án greiðsluþátttöku lækka, þá greiðir sjúklingurinn minna, svo fremi að ekki hafi verið afsláttur apóteks fyrir, sem minnkar samsvarandi lækkuninni.“

Varðandi afslætti apóteka til sjúklinga segir Páll að svigrúmið til að veita þá hafi minnkað verulega. Einhverjir afslættir séu þó enn veittir, en séu smám saman að minnka eða að detta alveg út. Ekki sé mögulegt að varpa mælistiku á hversu mikið þeir hafi lækkað, en það sé umtalsvert. - jss



**LYF OG HEILSA** Formaður Lyfjaverðsnefndar segir að svigrúm til verðlækkana hafi minnkað verulega.

Auðkýfingurinn Philip Green:

# Greiðir sér 130 milljarða

**BRETLAND** Auðkýfingurinn Philip Green hefur greitt sér um 130 milljarða í arð út úr Arcadia.

Green á 92 prósenta hlut í fyrirtækinu sem hann eignaðist eftir að Baugi var ýtt frá samningaborðinu í kjölfar húsleitar lögreglu fyrir þremur árum.

Nú hefur Green greitt upp fjármögnun vegna kaupanna og leysir til sín góðan arð af fjárfestingunni. Sjálfur segir hann að menn eigi ekki að horfa í tölurnar.

„Þetta er hófstillt arðgreiðsla þegar horft er til fjármunamyndunar í félaginu,“ segir Green í samtali við BBC. ■

Dæmdur fyrir kynferðisbrot:

# Hafði mök við táningsstúlkur

**DÓMSMÁL** Tæplega fertugur maður, Ólafur Eggert Ólafsson, var í gær dæmdur í tveggja ára fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir margvísleg kynferðisleg brot gegn þremur fimmtán ára stúlkum.

Brotin áttu sér á árunum 2001 og 2002, en þá voru stúlkurnar á fimmtánda og sextánda ári. Ein stúlknanna hafði gætt barna fyrir Ólaf og sambýliskonu hans. Hinum tveim stúlkunum kynntist hann svo í gegnum hana. Ólafur tældi stúlkurnar til samræðis og annarra kynferðislegra athafna með því að greiða þeim fyrir með peningum. Þar að auki tældi Ólafur þær til að nota ýmis kynlífstæki. Hann tók svo fjölmargar myndir af stúlkunum við athafnirnar. Myndirnar flokkast sem barnaklám.

Auk tveggja ára fangelsisvistar, var Ólafur dæmdur til að greiða stúlkunum samanlagt 550 þúsund krónur í bætur.

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

# Kosið verður á milli Camerons og Davis

**Keppinautum um flokksleiðtogastólinn í breska Íhaldsflokknum fækkaði í gær niður í tvo. Á næstu sex vikum skera almennir flokksmenn úr um hvor þeirra skuli leiða flokkinn í næstu þingkosningum.**

**BRETLAND, AP** Breski Íhaldsflokkurinn fækkaði í gær keppinautunum um flokksleiðtogahlutverkið niður í tvo. Yngsti frambjóðandinn, David Cameron sem er 39 ára, hlaut afgerandi mestan stuðning í útsláttaratkvæðagreiðslu í þingflokknum. 90 þingmenn studdu hann og bar hann þar með afgerandi sigurorð af keppinautunum. Næstur honum kom David Davis með 57 atkvæði. Á næstu sex vikum munu hinir 300.000 skráðu meðlimir flokksins fá tækifæri til að gera upp á milli þeirra tveggja. Úrslitin verða kunn í byrjun desember.

Í þessari umferð féll Liam Fox úr leik, en hann hlaut 51 atkvæði. Áður voru Malcolm Rifkind og Kenneth Clarke dottnir úr leik.

„Ég vil vera málsvari breytinga, bjartsýni og vonar í þessu landi,“ sagði Cameron eftir að úrslitin voru ljós.

Þrátt fyrir að hafa ekki átt sæti á þingi nema í eitt kjörtímabil hefur pólitískur stíll Camerons, kímnigáfa, vitsmunir og framtíðarsýn aflað honum breiðs stuðnings í flokknum – sumir bera hann jafnvel saman við Tony Blair þegar hann hófst til forystu í Verkamannaflokknum.

Mikið er í húfi fyrir flokkinn að takast í þetta sinn að velja mann til forystu sem hefur það til að bera sem þarf til að geta skákað Blair og væntanlegum arftaka hans, Gordon Brown, í næstu kosningum, sem væntanlega fara fram árið 2009.

Cameron er álitinn miðjusækinn en Davis er fulltrúi hægriarmsins. Davis hefur lagt áherslu á lágskattastefnu í efnahagsmálum og stranga „laga-og-reglu“-stefnu. Í von um stuðning miðjumanna hefur hann hins vegar heitið því að hann myndi sem flokksleiðtogi færa stefnumið sín nær miðjunni. Davis er verkalýðsfjölskyldu en Cameron var í elítuheimavistarskólanum Eton.

Á meðan Cameron hefur verið að auka fylgi sitt hefur Davis verið í kröggum frá því að hann flutti ræðu á flokksþingi fyrr í mánuðinum sem þótti valda vonbrigðum.

audunn@frettabladid.is



**CAMERON FREMSTUR** David Cameron gengur út úr þinghúsinu í Lundúnum í gær í fylkingarbrjósti fyrir stuðningsmönnum í þingflokknum. Hann hlaut afgerandi meiri stuðning en David Davis, sem áður var talinn sigurstranglegur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**DAVID DAVIS** Hlaut afgerandi minni stuðning en Cameron. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### LEIÐTOGAR ÍHALDSFLOKKSINS SÍÐUSTU 20 ÁR

*1975-1990*

**Margaret Thatcher**



Thatcher var fyrsta konan sem varð leiðtogi Íhaldsflokksins og sá forsætisráðherra úr röðum hans sem lengst sat í embætti forsætisráðherra Bretlands frá því snemma á 19. öld. Hún leiddi flokkinn til sigurs í þrennum þingkosningum í röð, 1979, 1983 og 1987. Með óbilgjörnum stjórnunarstíl náði hún árangri í einkavæðingu, í að draga úr áhrifum verkalýðsfélaga og í Falklandseyjastríðinu, en tapaði vinsældum út af frumvarpi um nefskatt og mistókst síðan að bægja frá hallarbyltingu í flokknum.

*1990-1997*

**John Major**

Major þótti litlaus í samanburði við fyrirrennarann, en sáttleitinn stjórnunarstíll hans skilaði honum samt árangri. Þvert á skoðanakannanir vann hann þingkosningarnar árið 1992, en hann endurheimti aldrei fyrra fylgi flokksins sem tapaðist við skellinn sem fjármálakerfi landsins varð fyrir sama haust (spákaupmennskuárás á breska pundið, „svarti miðvikudagurinn“). Það sem eftir lifði stjórnartíðar Majors einkenndist af innanflokksátökum um Evrópumál og ásökunum um spillingu í stjórnarliðinu. Hann hvarf snarlega af sjónarsviði stjórnmálanna er Íhaldsflokkurinn tapaði stórt fyrir Verkamannaflokknum í kosningunum 1997.

*1997-2001*

**William Hague**

Yngsti flokksleiðtoginn á 20. öld. Fyrir kosningarnar 2001 reyndi hann að vinna atkvæði út á harða Evrópuefasemdastefnu („björgum pundinu“). Ósigurinn fyrir Verkmannaflokknum var þó engu minni en Major beið. Hague sagði af sér strax eftir kosningarnar.

*2001-2003*

**Ian Duncan Smith**

Smith var kjörinn af almennum flokksmönnum, ekki þingflokknum. Hann náði aldrei góðum tökum á forystuhlutverkinu og búið var að skipta honum út fyrir nýjan leiðtoga fyrir næstu þingkosningar.

*2003-2005*

**Michael Howard**

Þingflokkur Íhaldsflokksins sameinaðist um kjör Howards – sem var ráðherra í stjórnartíð Thatcher – í von um að komast hjá frekari klofningi. Í kosningunum 2005 komst flokkurinn þó litlu nær því takmarki að endurheimta stjórnarmeirihluta þótt 31 þingsæti bættist við frá síðasta þingi. Þar sem hann náði ekki þessu setta marki sagði hann af sér.

Alltaf hagstætt
ÓB
ódýrt bensín
15 stöðvar!
www.ob.is

Skýrsla samtakanna Blaðamenn án landamæra um fjölmiðlafrelsi:

# Íslenskir fjölmiðlar frjálsir

**FJÖLMIÐLAR, AP** Ísland er meðal landa sem efst eru á lista yfir þau ríki heims þar sem mest fjölmiðlafrelsi ríkir. Norðurlönd raða sér í efstu sæti listans, sem samtökin Blaðamenn án landamæra (RSF) taka árlega saman. Norður-Kórea er sem fyrr á botninum af löndunum 167 sem á listanum eru.

Tíu efstu löndin á listanum eru í Norður-Evrópu. Efst tróna Ísland, Danmörk, Noregur, Finnland, Írland og Holland. Í þessum löndum „lifir traust fjölmiðlafrelsi góðu lífi“ að mati samtakanna, sem hafa höfuðstöðvar sínar í París.

Bandaríkin hrapa niður um 20 sæti á listanum frá því í fyrra, niður í 44. sæti. Er það aðallega rakið til fangelsunar blaðamanns New York Times, Judith Miller, fyrir að hafa neitað að fletta ofan af heimildarmanni að frétt sem hún skrifaði.



**BANDARÍKIN HRAPA** Judith Miller (t.h.), blaðamaður New York Times sem sat í fangelsi í 85 daga fyrir að neita að ljóstra upp um heimildarmann, talar á blaðamannaráðstefnu í Las Vegas í vikunni. Mál Miller hefur orðið til þess að Bandaríkin hrapa niður í 44. sæti á fjölmiðlafrelsislistanum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Auk Norður-Kóreu telst verst búið að fjölmiðlum í Erítreu, Túrkmenistan og Íran. Írak er í 157. sæti, en það hefur reynst blaðamönnum hættulegt að starfa þar á undanliðnu ári. Alls hafa 72 blaðamenn verið drepnir þar síðan innrásin hófst í mars 2003. - aa

www.icelandexpress.is




# HOPPAÐU Í HEITA POTTINN

Nú komast útsjónarsamir ferðalangar út fyrir hlægilegt verð, því í fyrsta sinn á Íslandi er hægt að kaupa flugfar fyrir nánast ekki neitt. Potturinn er tilboðslisti þar sem þú finnur ódýrustu flugferðir sem völ er á til allra áfangastaða okkar í Evrópu. Kíktu í heita pottinn á icelandexpress.is!

Ferðir í pottinum seljast hratt. Stundum er hann fullur, stundum næstum tómur.

Aðeins er hægt að bóka eitt sæti í einu, aðra leið!

**Iceland Express býður alla Íslendinga velkomna í pottinn!**

Iceland Express

Ferðaþjónusta Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

Fiton/SÍA F1014746

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 20.10.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 60,2 | 60,48 |
| Sterlingspund | GBP | 106,34 | 106,86 |
| Evra | EUR | 72,04 | 72,44 |
| Dönsk króna | DKK | 9,65 | 9,706 |
| Norsk króna | NOK | 9,24 | 9,294 |
| Sænsk króna | SEK | 7,598 | 7,642 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5211 | 0,5241 |
| SDR | XDR | 86,79 | 87,31 |

*Gengisvísitala krónunnar*

101,4377

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Félagsmálaráðherra við setningu ársfundar Alþýðusambands Íslands:

# Ver vaxtastefnu Seðlabanka

**VERKALÝÐSMÁL** Í ræðu sinni við setningu ársfundar Alþýðusambands Íslands varði Árni Magnússon félagsmálaráðherra hækkanir Seðlabankans á stýrivöxtum. „Í stað þess að nota góðærið á sama hátt og ríkissjóður og grynnka á skuldum hafa einstaklingar og fyrirtæki aukið við skuldaklafann. Við þessu hefur Seðlabankinn aðeins átt eitt svar og það er að hækka stýrivexti sem hafa haldið raungengi íslensku krónunnar háu með tilheyrandi vanda fyrir fyrirtæki sem eru í framleiðslu á vöru og þjónustu fyrir markaði í útlöndum,“ sagði ráðherrann.

Grétar Þorsteinsson gagnrýndi ríkisstjórnina fyrir úrræðaleysi og sagði að félagsmálaráðherra og stjórnvöld hefðu ekki brugðist við með nauðsynlegri snerpu.

„Ég hef sagt að vel komi til greina að setja sérstaka löggjöf um starfsmannaleigur eða setja ákvæði í gildandi löggjöf sem taka sérstaklega á starfsmannaleigum,“ sagði félagsmálaráðherrann við þessu.

Gagnrýni á stefnu ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum svaraði Árni með því að segja að andstæðingar stóriðju hefðu beint spjótum sínum að stjórnvöldum og reynt að torvelda framkvæmdir, allt undir merkjum náttúruverndar. **- saj**



**ÁRNI MAGNÚSSON FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA** Árni segir að þörf sé á löggjöf sem taki á starfsmannaleigum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Saga þingræðis rædd á þingi:

## Deilt á val söguritara

**STJÓRNMÁL** Þingmenn stjórnarandstöðunnar deildu í gær hart á þá ráðstöfun forsætisnefndar Alþingis að fela Þorsteini Pálssyni lögfræðingi og fyrrverandi þingmanni og ráðherra ritun og ritstjórn sögu þingræðis á Íslandi.

Mörður Árnason, Samfylkingunni, ritaði þingforseta bréf nýverið þar sem óskað var skýringa ákvörðuninni. Þingmenn efuðust um hlutleysi Þorsteins og teldu ákvörðunina vanvirðu við fræðimenn. Sólveig Pétursdóttir þingforseti sagði eðlilegt að fá lögfræðing til verksins og beni á að fleiri kæmu að verkinu. **- jh**



**NORÐLENSK RJÚPA** Tvær húsvískar rjúpnaskyttur eru taldar hafa fellt fleiri rjúpur en góðu hófi gegnir.

Óhóflegar rjúpnaveiðar:

## Tveir með 100 rjúpur

**VEIÐI** Tvær húsvískar rjúpnaskyttur skutu um hundrað rjúpur í Mývatnssveit síðastliðinn laugardag. Frá því greinir lögreglan á Húsavík og hefur eftir almannarómi.

Aðrar skyttur í bænum virðast fara að tilmælum umhverfisráðuneytisins þess efnis að veiðimenn sýni hófsemi og skjóti ekki fleiri en 10 til 15 rjúpur hver.

Engin viðurlög eru við veiðum umfram tilmæli ráðuneytisins og hyggst lögregla ekki grípa til aðgerða vegna magnveiða tvímenninganna. Húsavíkurlögreglan mun hins vegar fylgjast grannt með skotveiðimönnum næstu vikurnar til að tryggja að þeir hafi tilskilin leyfi og noti ekki ólögleg farartæki við veiðarnar. **- kk**

Ólafsvíkurprestakall:

## Séra Magnús var valinn

**ÞJÓÐKIRKJAN** Valnefnd í Ólafsvíkurprestakalli, Snæfells- og Dalaprófastsdæmi, hefur mælt með því að séra Magnús Magnússon, sóknarprestur á Skagaströnd, verði skipaður sóknarprestur í prestakallinu.

Embættið er veitt frá 1. nóvember 2005 og rann umsóknarfrestur út 4. október. Fimm sóttu um embættið.

# Alþýðusambandið vill ekki lækka tekjuskatt

**Forseti Alþýðusambandsins segir ríkisstjórnina ekki bregðast með fullnægjandi hætti við þeirri ógn sem verðbólgan er kjarasamningum. Skattalækkanir eiga að vera til tekjujöfnunar, sagði forsetinn á ársfundi ASÍ sem hófst í gær.**

**VERKALÝÐSMÁL** „Verðbólga hefur verið mun meiri en kjarasamningar gera ráð fyrir. Við höfum sent frá okkur varnaðarorð með reglulegu millibili. Ríkisstjórnin hefur ekki brugðist við með neinu útspili en vísar í skattalækkanir sem stjórnarflokkarnir boðuðu fyrir síðustu kosningar,“ sagði Grétar Þorsteinsson, forseti Alþýðusambands Íslands, í ræðu á ársfundi sambandsins sem hófst í gær.

Grétar segir það nú liggja fyrir með óyggjandi hætti að hreyfingin hafi haft rétt fyrir sér þegar hún varaði við því að forsendur fyrir núverandi kjarasamningum gætu brostið. Hann segir skattalækkanir ríkisstjórnarinnar ekki vera vel tímasettar.

„Við höfum bent á að þó við séum fylgjandi skattalækkunum, einkum ef þeim er beitt til tekjujöfnunar og ef þær eru ekki fjármagnaðar með niðurskurði í velferðarkerfinu, þá séu þessar skattalækkanir ekki vel tímasettar. Það er ljóst í mínum huga að ef við eigum að vinna okkur út úr þeirri stöðu sem efnahagsmálin eru sannarlega komin í verður ríkisstjórnin að koma að lausninni með afdráttarlausum hætti,“ segir Grétar.

Fulltrúar verkalýðsfélaga áttu fund með forsætisráðherra í vikunni. Grétar segir að áhersla hafi verið lögð á að ekki kæmi til uppsagna samninga. Hann segir að bæði stjórnvöld og atvinnurekendur þurfi að spila einhverju bitastæðu út svo það megi verða.

Misnotkun á erlendu vinnuafli var einnig gagnrýnd. Í inngangi að skýrslu forseta Alþýðusambandsins segir Grétar að stjórnvöld bregðist ekki við aðstæðum. „Það vantar tilfinnanlega að sett séu lög um starfsemi svokallaðra starfsmannaleiga. Eftir þessu hefur verkalýðshreyfingin ítrekað kallað, en félagsmálaráðherra og stjórnvöld ekki brugðist við með nauðsynlegri snerpu.“

Forseti sambandsins fagnaði 65 ára afmæli sínu við setningu fundarins og var honum færð gjöf af þessu tilefni. „Það jaðrar við að maður sé klökkur jafnvel þó þetta sé ekkert sérstakt afmæli,“ sagði Grétar. **- saj**




**GRÉTAR ÞORSTEINSSON FORSETI ASÍ** Grétar gagnrýnir stjórnvöld fyrir úrræðaleysi gagnvart verðbólguþróun og segir kjarasamninga í hættu. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



**TEKIST Í HENDUR** Ágætlega fór á með þeim Abbas og Bush í Washington í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bush Bandaríkjaforseti:

## Hvatti Abbas til frekari dáða

**BANDARÍKIN, AP** Palestínska heimastjórnin verður að fordæma hryðjuverk og berjast gegn þeim af alefli ef friðarferlið fyrir botni Miðjarðarhafs á að ganga upp. Þetta sagði George W. Bush Bandaríkjaforseti eftir fund í Washington í gær með Mahmoud Abbas, forseta palestínsku heimastjórnarinnar.

Bush sagði brotthvarf Ísraela frá Gaza-svæðinu og hluta Vesturbakkans opna ný tækifæri fyrir Palestínumenn til að stofna sjálfstætt ríki en um leið leggja þeim ábyrgð á herðar. Abbas sagði stjórn sína vinna að því að bæta ástandið meðal annars með því að efla löggæslu og banna vopnaburð við mótmæli.

Kínverska lögreglan:

## Börn boðin til kaups á netinu

**KÍNA** Lögreglan í Shanghai í Kína rannsakar nú mál þar sem ungabörn voru auglýst til sölu á netinu.

Auglýsingin birtist síðastliðinn sunnudag á vefsíðu sem er í eigu uppboðsvefjarins eBay. Þar kom fram að börn sem öll væru innan við hundrað daga gömul fengjust keypt. Drengir voru verðlagðir á rúmar 200 þúsund krónur en stúlkur sagðar helmingi ódýrari. Að sögn lögreglu höfðu engin kaup átt sér stað.





*Fjögurra rétta lambakjötsmáltíð*
*með rauðvínsflösku*
*&*
*gisting fyrir tvo*
*ásamt morgunverði*

Aðeins 17.900 - fyrir parið

Pantaðu núna í síma
514 8000

*Þetta er upplagt tækifæri til að koma elskunni sinni á óvart og njóta þess að láta dekra við sig í mat, drykk og góðri þjónustu*

*Tilboðið gildir alla föstudaga, laugardaga og sunnudaga frá 21. okt. til 20. nóv.*

Grand Hótel Reykjavík | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | www.grand.is | Sími 514 8000


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**FALLEGASTA HAUSTVEÐUR**
Það verður fremur kalt en bjart og víðast næturfrost. Vindur er víðast genginn niður, síst þó austast á Suðausturlandi.

**HELGIN?**
Hægviðri báða dagana en útlit fyrir að það þykkni upp síðla laugardags og að það verði fremur skýjað á sunnudag. Fremur kalt verður í veðri.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Hæg norðaustlæg átt. Yfirleitt léttskýjað. Hiti 0-3 stig í dag en frost í kvöld og nótt.

*um hádegi »*




*» á morgun*




*» sunnudagur*




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 14°C hálfskýjað | París | 15°C skúrir | Alicante | 25°C alskýjað |
| Osló | 10°C hálfskýjað | Berlín | 17°C hálfskýjað | Milano | 20°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 13°C alskýjað | Frankfurt | 16°C skúrir | New York | 13°C skúrir |
| Helsinki | 11°C alskýjað | Madrid | 18°C alskýjað | San Francisco | 20°C léttskýjað |
| London | 16°C skúrir | Barcelona | 22°C hálfskýjað | Orlando/Florida | 30°C þrumur |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Meira úrval







## ÁVAXTAFYLLTAR GRÍSALUNDIR

800 g grísalundir
1 poki þurrkaðir blandaðir ávextir
1 glas sætt hvítvín
2 msk. grófkorna sinnep
2 msk. ólífuolía
salt og piparblanda

Saxið blönduðu ávextina og sjóðið í víninu við vægan hita þar til vökvinn er næstum gufaður upp. Setjið ávaxtamaukið á disk og kælið. Stingið í gegnum miðja grísalundina með sleifarskafti. Það er mjög gott að setja upp einnota hanska og þrýsta löngutöng í gegnum gatið. Setjið ávaxtamaukið í sprautupoka og sprautið varlega inn í lundirnar með því að halda vel við. Gott er að þrýsta lundinni saman og stinga sprautupokanum eins langt og hægt er. Hitið olíu á pönnu og brúnið lundirnar í 2 mín. á hverri hlið. Saltið og piprið og smyrjið sinnepi á kjötið. Setjið inn í 160°C heitan ofn í 15 mín., eða þar til kjarnhiti mælist 65°C.







Mest seldu grillsósurnar í Hagkaupum!

**Hefur þú prófað?**




**Linda McCartney** örbylgjuréttir
- fljótlegt og gott




**Florida´s Natural** safi
- kominn aftur




**Haframjöl** 2 bragðtegundir
- 2 1/2 mínútu í örbylgjuofni

Gildir til 23. október eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



## KJÖRKASSINN

*Á Saddam Hussein að hljóta dauðarefsingu?*

| | |
|---|---|
| Já | 46% |
| Nei | 54% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Ferðu í jólahlaðborð?*

Barnaníðingur í tveggja og hálfs árs fangelsi:

# Misnotaði stjúpdóttur sína

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær tveggja og hálfs árs fangelsisdóm Héraðsdóms Reykjaness yfir karlmanni fyrir ítrekuð kynferðisbrot gegn dóttur sambýliskonu sinnar.

Dómurinn telur sannað að maðurinn hafi á tímabilinu 1993 til ársins 1999 margsinnis þuklað á kynfærum stúlkunnar, haft við hana munnmök og samfarir. Þessi hegðun mannsins er talin hafa átt sér stað allt að tvisvar í viku, oft eftir að móðir stúlkunnar hélt til vinnu á morgnana. Stúlkan var á aldrinum tólf til átján ára þegar brotin áttu sér stað.

Stúlkan leiddist út í fíkniefnaneyslu og sagði fyrir dómi að hún hefði verið orðin svo tilfinningalega illa farin að henni hefði verið hætt að þykja misnotkunin tiltökumál.

Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari skilaði sératkvæði þar sem hann leiðir rök að því að héraðsdómur hafi í raun snúið sönnunarbyrðinni í málinu. „Tel ég ósannað að ákærði hafi gerst sekur um þau brot sem hann er sakaður um í 1. og 2. lið ákærunnar og beri að sýkna hann af þeim," segir í áliti Jóns Steinars.

Fyrsti liður ákærunnar taldist fyrndur og því var maðurinn sýknaður af honum. - saj



**HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS** Hæstiréttur staðfesti dóm héraðsdóms yfir níðingnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Könnun Gallup:

# Vilhjálmur með forskot á Gísla

**KÖNNUN** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hefur átta prósenta stiga forskot á Gísla Martein Baldursson samkvæmt nýrri skoðanakönnun Gallup.

Af þeim sem sögðust ætla að kjósa Sjálfstæðisflokkinn í næstu borgarstjórnarkosningum sögðust 54 prósent vilja að Vilhjálmur leiddi listann en 46 prósent sögðust vilja að Gísli Marteinn gerði það. Vilhjálmur nýtur einnig meiri stuðnings þegar teknir með í reikninginn þeir sem ætla ekki að kjósa Sjálfstæðisflokkinn. Úrtakið var 500 manns og var svarhlutfallið um 63 prósent.

Maður dæmdur í Hæstirétti:

# Manndráp af gáleysi

**DÓMSMÁL** Tvítugur maður var dæmdur til þrjátíu daga skilorðsbundinnar fangelsisvistar í Hæstarétti í dag. Hann var fundinn sekur um manndráp af gáleysi með því að hafa bakkað bíl sínum út úr stæði og á eldri konu sem var á gangstétt. Hún lést af völdum áverka sem hún hlaut.

## KVENNAFRÍDAGURINN

**Karlmenn sýni ábyrgð** Stefán Jón Hafstein, í þessu tilviki formaður menntaráðs, vill hvetja karlmenn til að sýna ábyrgð á kvennafrídaginn. „Við eigum að sýna styrk okkar í verki með því að gera sem flestum konum fært að leggja niður störf á kvennafrídaginn," segir Stefán Jón.

**Fjölmennasti útifundur Íslands** „Samstaða íslenskra kvenna 24. október 1975 var frábær og vakti heimsathygli. Talið er að um 25 þúsund konur hafi þá komið saman á Lækjartorgi og myndað fjölmennasta útifund Íslandssögunnar," segir Marta Guðjónsdóttir sjálfstæðiskona. Hún fagnar deginum á kosningaskrifstofu sinni og býður upp á kaffisopa.

**Valgerður veitir svigrúm** Konur í viðskipta- og iðnaðarráðuneytum fá svigrúm til þess að taka þátt í viðburðum í tilefni af kvennafrídeginum. Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra hvetur konur til þátttöku og biður stofnanir á vegum ráðuneytanna að veita slíkt svigrúm.

**Konur hafa hátt** Konur í Vestmannaeyjum ætla að halda upp á það að 30 ár eru liðin frá stóra útifundinum á Lækjartorgi í tilefni kvennafrídagsins. Þær standa fyrir dagskránni „Konur höfum hátt" og hvetja kynsystur sínar til þátttöku.



**ORUSTUÞOTA** Varnarliðið á Keflavíkurflugvelli hefur undanfarin ár fækkað F-15 orustuþotum sem aðsetur hafa haft á vellinum.

# Grundvallarágreiningur um varnarsamninginn

**Utanríkisráðherra segir Íslendinga og Bandaríkjamenn greina á um grundvöll viðræðna um varnarsamninginn. Formaður Vinstri grænna segir stjórnvöld biðja Bandaríkjamenn um tilgangslaus hernaðarumsvif peninganna vegna.**

**STJÓRNMÁL** Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, kvaddi sér hljóðs við upphaf þingfundar í gær um viðræður Íslendinga og Bandaríkjamanna og framtíð varnarsamningsins. Hann vísaði til fregna um að íslenska viðræðunefndin hefði farið fýluferð til Bandaríkjanna og uppstytta hefði orðið í viðræðunum.

Steingrímur sagði að málið virtist blasa þannig við Bandaríkjamönnum að Íslendingar hefðu hætt við að mæta á fundinn vegna himinhárra krafna um kostnaðarhlutdeild í rekstri Keflavíkurflugvallar.

„Snerist þetta um peninga en ekki loftvarnir? Eru menn á hnjánum að biðja um tilgangslaus hernaðarumsvif peninganna vegna," spurði Steingrímur.

Geir H. Haarde utanríkisráðherra lýsti vonbrigðum með að ekki skyldi hafa þokast lengra í samningaviðræðunum í þetta sinn. „Það verða auðvitað fundir í málinu. Það er ekki vitað með hvaða hætti þeir verða né hvenær. Við höfum lýst því yfir að við séum tilbúin að taka ríkari þátt í rekstri flugvallarins en verið hefur vegna þess að borgaraleg umsvif hafa aukist. Bandaríkjamenn hafa önnur sjónarmið. Það er lengra bil á milli en við höfum gert ráð fyrir."

Þórunn Sveinbjarnardóttir, Samfylkingunni, sagði að þetta ýtti undir þá skoðun að meiri óvissa ríkti um samningaviðræðurnar en margir vildu viðurkenna og spurði hvort verðmiðinn á arekstri Keflavíkurflugvallar væri hærri en svo að stjórnvöld treystu sér ekki til að reka hann.Þórunn áréttaði að málið yrði að fá umfjöllun í utanríkismálanefnd og undir það tók Steingrímur.

„Enginn er hér á hnjánum," sagði Geir. Tvö ríki væru að fjalla um samning frá 1951 og bókanir hefðu verið gerðar um málið 1994 og 1996. „Það liggur ekki fyrir – og það er skýringin á því hvers vegna efnislegar samningaviðræður eru ekki hafnar – nákvæmlega á hvaða grunni þær eiga að vera. Og um það eru mismunandi sjónarmið."

Héraðsdómur Reykjaness:

# Dæmdir fyrir rán

**DÓMSMÁL** Maður um tvítugt var í gær dæmdur í Héraðsdómi Reykjaness í tveggja mánaða fangelsi fyrir að ræna verslunina 10/11 í Engihjalla í Kópavogi í apríl. Þar að auki hlaut hann og félagi hans í ráninu sex mánaða skilorðsbundinn dóm til þriggja ára.

Mennirnir ógnuðu afgreiðslustúlku með skrúfjárni og létu hana opna peningahirslur og tóbakskassa. Höfðu þeir um 20 til 30 þúsund krónur upp úr krafsinu. - jse



**GUL ÝSA** Þessi ýsa villir um fyrir mönnum sem lengi hafa gulan þorskinn dregið.

Hlökkur frá Hólmavík:

# Dró gula ýsu

**SJÁVARÚTVEGUR** „Menn rak bara í rogastans enda aldrei séð svona lagað áður," segir Ingvar Pétursson, skipstjóri á trillunni Hlökkur frá Hólmavík, en áhöfnin dró einn gulan á dögunum.

Það er varla í frásögu færandi að draga þann gula en þá er venjulega átt við þorsk. Menn þurfa þó að endurskoða þá málvenju því sá guli að þessu sinni var ýsa.

Fyrir utan að vera öðruvísi á litinn var ýsan einnig frábrugðin að því leyti að hún var ekki með svarta blettinn sem þjóðsagan hermir að venjuleg ýsa hafi fengið í útistöðum við tröllkonu. „Það var enginn tröllablettur á þessari heldur aðeins svartir blettir hér og þar svo hún var nokkuð afbrigðileg," segir skipstjórinn sem hefur sett ýsuna í frysti ef einhver skyldi hafa áhuga á því að rannsaka hana. - jse

Hugsanlegt vanhæfi dómsmálaráðherra í Baugsmáli rætt á Alþingi:

# Björn skipar saksóknarann

**STJÓRNMÁL** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra kveðst ekki vera vanhæfur til að skipa sérstakan ríkissaksóknara í Baugsmálinu og ætlar að tilkynna niðurstöðu sína á næstunni.

Lúðvík Bergvinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, var málshefjandi á þingi í gær um skipulag ákæruvaldsins í kjölfar hæstaréttardóms í Baugsmálinu. Hann fullyrti ekki að Björn væri vanhæfur en taldi engu að síður heppilegt að annar en dómsmálaráðherrann skipaði sérstakan saksóknara til að fara yfir þær Baugsákærur sem vísað hefur verið frá dómi. Þá talaði hann um nauðsyn þess að aðskilja saksókn og rannsókn og undir það tóku margir þingmenn, þeirra á meðal framsóknarþingmennirnir Kristinn H. Gunnarsson og Jónína Bjartmarz.

Björn Bjarnason sagði að víða um lönd væri stefnan sú að hafa náið samband milli rannsóknar mála og saksóknar. Brýnt væri að ljúka málinu því það hvíldi þungt á hinum ákærðu, réttarkerfinu, viðskiptalífinu og þjóðinni allri. - jh



**BJÖRN BJARNASON DÓMSMÁLARÁÐHERRA** Björn segir að ummæli stjórnmálamanna geri þá ekki sjálfkrafa vanhæfa og vísar til fræðimanna.


www.lyfja.is

LYFJA - Lifið heil

Nú er rétti tíminn fyrir inflúensubólusetninguna

Hjúkrunarfræðingar og læknir hafa umsjón með bólusetningu gegn inflúensu í Lyfju Lágmúla og Smáralind. Tímapantanir óþarfar.

Verð fyrir hverja bólusetningu er **1.490 kr.**

**Tímasetningar:**

**Lágmúli** Alla daga frá kl. 16-21. Sími 533 2306.

**Smáralind** Alla daga frá kl. 13-18. Sími 530 5800.

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Kringlunni - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarási


GOTT FÓLK McCANN
Takk Snæbjörn
Ég vil bara þakka þér fyrir að koma og frelsa okkur mæðgurnar. Í áraraðir höfum við þurft að deila á milli okkar takmörkuðu niðurhali og allt of litlum hraða. Þetta ömurlega ástand hefur verið okkur dýrkeypt, ekki bara í krónum talið heldur kostað miklar og harðar samningaviðræður, jafnvel skilið eftir sig sár. En eftir að þú komst inn í líf okkar og færðir okkur Hive hefur sambandið aldrei verið betra.
Takk Snæbjörn.
Hive
3.990*
HiveLite
Þráðlaust internet
4 GB niðurhal
8 Mb tenging
Hive netsími
*Hive Lite er hagkvæm áskriftarleið sem færir þér þráðlaust internet, 4 GB niðurhal, 8 Mb tengingu, ódýrari símtöl – aðeins 5 kr. á mínútu í heimasíma rúmlega 30 landa og fullkominn tækjabúnað, ásamt allri uppsetningu án aukagjalds á aðeins 3.990 kr. á mánuði.
Hive.is · Grensásvegi 16 · Reykjavík · Þjónustusími 414 1616 · hive@hive.is
*M.v. 12 mánaða samning.
Hive



## VEISTU SVARIÐ

1 *Hvað heitir nýr formaður Öryrkjabandalags Íslands?*

2 *Hvað heitir fellibylurinn sem stefnir inn eftir Karíbahafi?*

3 *Hvaða fótboltamaður gekk til liðs við KR í vikunni?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 70

Fellibylurinn Wilma heldur áfram för sinni um Mexíkóflóa:

# Mesti vindurinn úr Wilmu

**MEXÍKÓ, AP** Nokkuð hefur dregið úr vindhraða fellibylsins Wilmu. Engu að síður hafa þúsundir yfirgefið heimili sín í Flórída og í ríkjum Mið-Ameríku. Þrettán dauðsföll á Karíbahafseyjum voru rakin til veðurhams Wilmu.

Loftþrýstingurinn í Wilmu mældist svo lágur í fyrradag, 882 millibör, að veðurfræðingar útnefndu storminn þann öflugasta sem myndast hefði á Atlantshafi. Í gær var hann hins vegar færður niður um eina gráðu og er nú 4. stigs fellibylur með vindstyrk upp á 62 metra hraða á sekúndu. Bylmiðjan var síðla gærdagsins stödd um 320 km suðaustur af Cancun.

Íbúar Mexíkó fengu að kenna á hvassviðri og úrkomu þegar jaðrar Wilmu teygðu sig inn á meginland Mið-Ameríku í gær. Fregnir bárust af tjóni í Hondúras og þar er fjögurra fiskimanna saknað. Í mexíkóska bænum Cancun flykktust þúsundir ferðamanna af hótelum sínum til flugvallarins og reyndu að komast burt áður en óveðrið skylli á fyrir alvöru. Búist var við að miðja stormsins gengi yfir Yucatan-skaga í nótt.

Á Kúbu hafa 200.000 manns verið fluttir af heimilum sínum og á Haítí hafa híbýli yfir tvö þúsund fjölskyldna farið undir vatn.

Enda þótt vind hafi lægt lítillega bjuggu íbúar Flórídaskagans sig undir það versta en reiknað er með að þangað komi Wilma á sunnudaginn. Ríkisstjórinn Jeb Bush lýsti yfir hættuástandi. Ferðamenn hafa að mestu haft sig á brott og í dag eiga íbúar á hættusvæðunum að vera búnir að koma sér í öruggt skjól. - shg



**ROK OG RIGNING** Íbúar Hondúras fóru ekki varhluta af veðurofsanum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


## Rjúpnaveiðimenn athugið

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum starfar á grundvelli laga nr. 47/2004. Mörk þjóðgarðsins skv. 1. gr eru sýnd á meðfylgjandi korti.



**Samkvæmt 11. grein reglugerðar nr. 848/2005 um þjóðgarðinn á Þingvöllum er öll skotveiði bönnuð innan marka þjóðgarðsins.**

Nánari upplýsingar og hnitsett kort má finna á heimasíðu þjóðgarðsins **www.thingvellir.is**


# Sækja ekki um ESB-aðild næstu árin

**Utanríkisráðherra Noregs segir nýja atlögu að því að koma landinu í Evrópusambandið ekki á dagskrá á kjörtímabilinu. Áfram verði byggt á EES-samningi.**

**NOREGUR** Nýja vinstristjórnin í Noregi mun ekki sækja um aðild að Evrópusambandinu á þessu nýhafna kjörtímabili. Þetta sagði nýi utanríkisráðherrann, Jonas Gahr Støre úr Verkamannaflokknum, í viðtali við fréttastofuna AFP í gær.

„Aðild að Evrópusambandinu er ekki á dagskrá næstu fjögur árin,“ sagði Støre, sem tók við embætti á mánudaginn. „Það er ljóst að ríkisstjórnin mun ekki sækja um aðild.“

Rétt eins og síðasta stjórn, sem var samsteypustjórn hægri- og miðjuflokka, eru flokkarnir sem standa að nýju stjórninni mjög klofnir í afstöðu sinni til ESB-aðildar. Í Verkamannaflokknum er skýr meirihluti fyrir aðildarumsókn, en andstaða við hana er rótgróin í samstarfsflokkunum, Sósíalíska vinstriflokknum og Miðflokknum.



**JONAS GAHR STØRE**



**NÝJA STJÓRNIN** Innganga í ESB ekki á dagskrá. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Støre hefur hingað til verið talinn til Evrópusinna í norskum stjórnmálum. Vegna þess hve afgerandi yfirlýsingar hans voru í viðtalinu við AFP virtist hann vera að skrúfa fyrir þá möguleika sem forystumenn Verkamannaflokksins, fyrst og fremst formaðurinn og nýi forsætisráðherrann Jens Stoltenberg sjálfur, höfðu opnað fyrir.

Í kosningabaráttunni, þar sem Evrópumálin lágu annars almennt í þagnargildi, sagði Stoltenberg að ríkisstjórn undir sinni forystu myndi sækja um aðild ef stöðugur meirihluti mældist fyrir því meðal kjósenda í landinu. En svo virðist sem það hafi verið hluti af málefnasamningi stjórnarflokkanna að slá líka þennan möguleika af.

Nýlegar skoðanakannanir benda til að meirihluti Norðmanna hafi snúist gegn ESB-inngöngu í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslanna um stjórnarskrársáttmála ESB í Frakklandi og Hollandi og deilna vegna aðildarviðræðna við Tyrki. Síðustu misserin þar á undan hafði fylgið við ESB sveiflast upp á við í kjölfar endurkjörs George W. Bush Bandaríkjaforseta og Íraksstríðsins.

Støre segir stjórnina ætla að byggja Evróputengsl Noregs áfram á EES-samningnum.


# MÖGNUÐ SKÁLDSAGA

**eftir höfund metsölubókarinnar Öxin og jörðin**

Um stundarsakir breytist Reykjavík úr þorpi í borg þegar hópur leikara og listamanna kemur til landsins til að filma Sögu Borgarættarinnar. Jakob gerist bílstjóri útlendinganna og ný veröld lýkst brátt upp fyrir honum og ástin tekur völdin.




Með *Höfuðlausn* slær
**Ólafur Gunnarsson**
á nýja strengi í sagnagerð
sinni en hann hlaut
**ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN**
fyrir síðustu skáldsögu sína.

**30% AFSLÁTTUR**
Gildir til 31.10. 2005.

PENNINN · BÓKABÚÐ MÁLS OG MENNINGAR · Eymundsson

JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is


Norsk-rússneska togaradeilan:

# Norðmennirnir lausir úr togaranum

**NOREGUR** Norsku strandgæslumennirnir tveir sem haldið hefur verið um borð í rússneska togaranum Elektron síðan um helgina voru látnir lausir í gær.

Í fyrrakvöld voru Norðmennirnir fluttir um borð í rússneskt herskip en um hádegisbilið í gær stigu þeir svo um borð í Tromsø, skip norsku strandgæslunnar. Við sama tækifæri afhentu norsk stjórnvöld Rússunum gögn sem varða meintar ólöglegar veiðar togarans.

Aftenposten hermir að ekki sé útilokað að norskir lögreglumenn fari til borgarinnar Murmansk til að yfirheyra skipstjóra og útgerðarmenn Elektron vegna mannránsins.

Ráðamenn beggja landa hafi leitast við að gera lítið úr málinu – það sé aðeins deila einkarekins útgerðarfyrirtækis og norskra fiskveiðiyfirvalda en ekki milliríkjadeila. Það fýir þó óhjákvæmilega upp þá grundvallardeilu sem staðið hefur árum saman – og Íslendingar eiga líka aðild að – um sjálftöku Norðmanna á valdheimildum til að fylgja eftir fiskveiðitakmörkunum á Svalbarðasvæðinu.



**ELEKTRON** Vistin í rússneska togaranum var að sögn Norðmannanna mátulega góð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ESTĒE LAUDER

# GJÖF

Fáðu þessa snyrtitösku að gjöf fulla af snyrtivörum. Augu og varir fá fallegan lit meðnýju Graphic color augnskuggunum og Electric Intense varalitunum. Húðin verður mjúk, slétt og endurnærð með tveimur Hydracomplete rakakremum, öðru fyrir andlit og hinu fyrir augu. Magnascopic maskarinn margfaldar þykkt augnhárannna og ilmvatnið fullkomnar daginn. Allt þetta fyrir þig ef þú verslar Estée Lauder vörur fyrir 3.900 kr. eða meira í snyrtivöruverslun Debenhams dagana 21.-26. október.
(verðgildi gjafarinnar er um 9.200 kr.)

*Meðan birgðir endast







Nú er rétti tíminn til að prófa

## Nýtt. Perfectionist [CP+]
## Correcting Serum with Poly-Collagen Peptides

Handa öllum konum sem ekki vilja Botox®

Sérfræðingar á rannsóknarstofum Estée Lauder sækja æ lengra fram í baráttunni gegn hvers konar línum og hrukkum - og nú einnig gegn litbreytingum sem verða á húðinni með aldrinum - og bjóða víðtækustu meðferð sem enn hefur verið fundin upp.

EFTIR FYRSTA DAGINN: Það er eins og lengd, dýpt og fjöldi af línum og hrukkum hafi minnkað um 36%. Húðin er bjartari, ferskari og áferðin fallegri.

EFTIR VIKU: Dýpri hrukkur hafa jafnast út. Eðlileg kollagenframleiðsla hefur aukist. Litbreytingablettir virðast vera að dofna og hverfa.

EFTIR MÁNUÐ: Niðurstöður klínískra rannsókna segja það sem segja þarf: Það dregur úr línum og hrukkum um allt að 55%. Hreinleiki húðarinnar eykst um allt að 54%. Húðliturinn batnar um allt að 53%.

Njóttu þess að eiga framtíð án aldurs.



Árvekni um brjóstakrabbamein

DEBENHAMS

SMÁRALIND



**HÖFÐINU SKÝLT** Strangtrúaður gyðingur og synir hans tveir skýla höfðinu með stólum við Grátmúrinn í Jerúsalem í vikunni. Laufskálahátíð gyðinga stendur yfir um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Níu af hverjum tíu Bandaríkjamönnum of þungir einhvern tímann á ævinni:

# Klára allt nema grænmetið

**HEILSA** Því meiri mat sem fólki er boðið upp á, þeim mun meira borðar það, nema maturinn sé grænmeti. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri skýrslu bandarískra vísindamanna sem leita leiða til að draga úr offitu.

64 prósent Bandaríkjamanna glíma við ofþyngd eða jafnvel offitu. Niðurstaða einnar rannsóknar bendir til að níu af hverjum tíu Bandaríkjamönnum séu of þungir á einhverjum tímapunkti ævinnar.

Sérfræðingar segja ástæðuna þá að fólk hætti helst ekki að borða fyrr en það er búið að tæma diskinn fyrir framan sig.



**RÁÐIST Á SPIKIÐ** Þótt nálastungur séu góðra gjalda verðar er ef til vill einfaldara að fá sér aðeins minna að borða svo að ekki þurfi á annað borð að koma til þeirra. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Það eina sem fólk er líklegt til að skilja eftir er grænmetið samkvæmt annarri könnun.

Enn önnur rannsókn leiddi í ljós að börnum allt niður í tveggja ára aldur er hætt við að borða yfir sig ef of mikill matur er á boðstólum. Í sömu könnun kom fram að börn borða minna ef þau fá að skammta sér matinn sjálf.

Vísindamennirnir segja að besta leiðin til að vinna gegn offitu sé að minnka skammtana, hvort sem er á veitingastöðum eða í tilbúnum réttum. Þetta geti þó reynst erfitt þar sem fólki sé tamt að reyna að gera sem best kaup, því meiri matur þeim mun betra.

## NOREGUR

**Missti nef og vör** Ráðist var á mann í Stavangri um síðustu helgi og lagt til hans með hnífi. Meiðsli mannsins eru umtalsverð og var til dæmis hluti af nefi hans skorinn burt sem og efri vörin. Breti hefur verið handtekinn vegna málsins.

**Norðmenn óhamingjusamir** Þótt þeir búi í einhverju fallegasta landi heims og hafi nóg að bíta og brenna eru Norðmenn sú Norðurlandaþjóð sem er óhamingjusömust. Þetta kemur fram í könnun dagblaðsins Dagsavisen.

## LÍBANON

**Mikill viðbúnaður** Líbanonsher hefur verið settur í viðbragðsstöðu en í dag verður skýrsla rannsóknarnefndar Sameinuðu þjóðanna um morðið á Rafik Hariri, fyrrverandi forsætisráðherra landsins, kynnt. Búist er við ólgu í landinu af þeim sökum en ástandið er viðkvæmt fyrir.

Flugleiðir sýknaðar í bótamáli:

# Aðstæður ekki hættulegar

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur sýknað Flugleiðir af átta og hálfrar milljóna króna skaðabótakröfu fyrrverandi starfsmanns fyrirtækisins, sem slasaðist við vinnu á Keflavíkurflugvelli 1. desember 1999.

Atvik málsins eru þau að starfsmaðurinn, sem var þá átján ára, féll fjóra metra úr stiga þar sem hann vann að hreinsun Boeing 747 þotu flugfélagsins Atlanta.

Pilturinn slasaðist illa við fallið og voru kvaddir til matsmenn sem komust að þeirri niðurstaða að varanleg örorka piltsins væri tuttugu prósent.

Vinnueftirlitið mat aðstæður á vinnustað þannig að þær hefðu ekki skapað hættu og komst dómari að þeirri niðurstöðu að fyrirtækið bæri því ekki ábyrgð á slysinu. ■

Sviptingar í hluthafahópi Icelandic Group:

# Ekki ljóst hver sest í forstjórastólinn

**VIÐSKIPTI** Búið er að stilla upp næstu stjórn Icelandic Group, sem áður hét Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Fulltrúar nýrra hluthafa munu setjast í stjórnina á mánudaginn þegar hluthafafundur verður haldinn. Þar á meðal eru Magnús Þorsteinsson, einn aðaleigandi Eimskipafélagsins, Illugi Gunnarsson, fyrrum aðstoðarmaður Davíðs Oddssonar, og Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, stjórnarformaður Tryggingamiðstöðvarinnar. Baldur Guðnason, forstjóri Eimskips, og Jón Kristjánsson, einn eigandi Sunds ehf., halda áfram stjórnarsetu.



**ÞÓRÓLFUR ÁRNASON**

Hluthafafundurinn er fyrsti fundur eftir veruleg umskipti í hluthafahópnum. Aðilar tengdir Eimskipafélaginu ráða í kringum þrjátíu prósent hlutafjár. Stærsti einstaki hluthafinn er Sund ehf. með rúmlega tuttugu prósent hlutafjár. Þá er Tryggingamiðstöðin með tæp tíu prósent.

Eftir þessi viðskipti var Þórólfur Árnason, forstjóri til tæpra fimm mánaða, látinn taka pokann sinn. Í gær fékkst ekki uppgefið hver tæki við en ákvörðun um það yrði tekin af nýrri stjórn. Ekki fékkst önnur skýring á uppsögn Þórólfs en að nýr hluthafahópur vildi byrja með hreint borð.



**BEÐIÐ EFTIR AÐSTOÐ** Íbúar í þorpinu Butnar í norðurhluta Kasmír urðu illa úti í skjálftanum á dögunum. Aðstoð er þó tekin að berast og eflaust hefur slasaði maðurinn á myndinni verið henni feginn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Tugþúsundir taldar í hættu

**Sameinuðu þjóðirnar óttast að önnur bylgja dauðsfalla muni ríða yfir á hamfarasvæðunum í Pakistan berist markviss neyðaraðstoð ekki þangað fljótt.**

**JARÐSKJÁLFTI** Ríki heims hafa einungis reitt fram einn áttunda hluta af þeirri neyðaraðstoð sem Sameinuðu þjóðirnar fara fram á. Óttast er að með útbreiðslu farsótta og versnandi veðri muni tala látinna á hamfarasvæðunum hækka enn frekar.

Tæpum tveimur vikum eftir að öflugur jarðskjálfti reið yfir pakistanska hluta Kasmír hefur hagur bágstaddra á svæðinu lítið vænkast. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin greindi frá því í gær að þrír hefðu dáið úr stífkrampa og smituðum fari fjölgandi. Til viðbótar við farsóttirnar hafa hjálparstofnanir áhyggjur af því að kólnandi veður á þessum slóðum muni ganga verulega nærri þeim þremur milljónum manna sem hafa ekkert húsaskjól eftir hamfarirnar, en nístingskuldi er í fjallahéruðum landsins á næturnar.

Á þeim svæðum sem verst urðu úti er öll grunngerð samfélagsins í molum. Vegir, vatnsveitur og raflínur eru í sundur og skólar, sjúkrahús og stjórnsýslubyggingar eru hrundar. Yfirvöld í Islamabad, höfuðborg Pakistans, segja að 49.739 hafi látist en upplýsingar stjórnvalda á hamfarasvæðunum segja aðra sögu, þær benda til að alls hafi um 78.000 manns látist og við þá tölu má svo bæta 1.350 dauðsföllum í Indlandi af völdum skjálftans.

Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, var ómyrkur í máli í samtali við fréttamenn í fyrradag þegar hann sagði að „bylgja dauðsfalla“ myndi ríða yfir hamfarasvæðin á næstunni ef alþjóðasamfélagið gripi ekki strax til ráðstafana. „Við erum í kapphlaupi við tímann um að bjarga lífi þessa fólks. Þetta eru hrikalegar hamfarir, kannski þær hrikalegustu sem við höfum séð, og það á svo köldum árstíma.“

Annan skoraði á ríki heims til að verða við hjálparbeiðni stofnunarinnar og láta þá tuttugu milljarða króna af hendi rakna sem til þarf. Einungis tólf prósent af þeirri upphæð hafa borist, eða rétt rúmir tveir milljarðar. Til samanburðar má nefna að tíu dögum eftir að flóðbylgjan mikla reið yfir strendur Indlandshafs um síðustu jól höfðu áttatíu prósent af þeirri fjárhæð sem SÞ fór fram á borist.

Í svipaðan streng tóku formælendur Barnahjálpar SÞ í gær sem sögðu að 120.000 börn hefðu enga neyðaraðstoð fengið og 10.000 þeirra gætu dáið úr sulti, lungnabólgu og öðrum pestum bærist hjálp ekki hið snarasta.

Þótt eflaust mætti gera mun meira er hjálparstarf samt sem áður í fullum gangi. Stöðugur straumur þyrla flytur nú vistir frá Muzaffarabad til hamfarasvæðanna og í gær lofuðu Bandaríkjamenn að senda tuttugu herþyrlur til viðbótar til Pakistan.

sveinng@frettabladid.is







SKRIFSTOFUVÖRUR

## ÚTGÁFUTILBOÐ

**15% afsláttur**
af blek- og dufthylkjum út nóvembermánuð.



hp invent · Canon · EPSON · LEXMARK

**20% til 50% afsláttur**
af vörum í útgáfutilboði.



Verslun Odda • Borgartúni 29 • Sími 515 5170 • Opið virka daga 8-18 og lau. 10-17
Verslun Odda • Höfðabakka 3 • Sími 515 5105 • Opið virka daga 8-18

Netverslun www.oddi.is
Pantanasími 515 5100



**EKKI VERA SMEYK** Þessi kappklæddi brunavörður vildi sýna börnunum í Discovery Montessori-skólanum í Port Orchard, Washington, að þau þyrftu ekki að óttast slökkviliðsmenn heldur væru þeir aðeins til að hjálpa. MYND/AP

Gildi - lífeyrissjóður sýkn af kröfum Karls Benediktssonar:

# Fær ekki starfslokasamning

**DÓMSMÁL** Gildi - lífeyrissjóður var á miðvikudag sýknaður í Héraðsdómi Reykjavíkur af kröfum Karls Gottliebs Sentziusar Benediktssonar um greiðslu rúmlega tíu milljóna króna ásamt dráttarvöxtum. Karl var á sínum tíma framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins Framsýnar sem nú hefur verið sameinaður Lífeyrissjóði sjómanna undir nafninu Gildi - lífeyrissjóður.

Karl var í apríl í fyrra dæmdur í tíu mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa gerst brotlegur í störfum sínum fyrir lífeyrissjóðinn með því að hafa keypt fyrir hönd sjóðsins skuldabréf af sjálfum sér ásamt því að hafa lánað fé í rekstur fyrirtækja sona sinna og tengdra aðila. Viðskiptin námu tugum milljóna.

Dómurinn telur sannað að forsendur fyrir starfslokasamningi milli Gilda lífeyrissjóðs og Karls hafi brostið svo verulega við fyrrnefnd brot Karls að rétt hafi verið að rifta samningum.

- saj



**KARL BENEDIKTSSON OG SVEINN ANDRI SVEINSSON** Karl ásamt lögmanni sínum í héraðsdómi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Smyglarar gripnir:

# Tæpt tonn af heróíni tekið

**FÍKNIEFNI** Lögregluyfirvöld í Kína og nágrannaríkinu Mjanmar gerðu tæplega 730 kíló af heróíni upptæk á dögunum sem smygla átti yfir landamærin til Kína.

Kínverska lögreglan handtók sjötíu manns auk þess sem hún lagði hald á töluvert magn vopna og tugi milljóna í bandarískum dollaraseðlum.

Lögregluyfirvöld í Kína höfðu vitað lengi af smyglurunum. Undirbúningur aðgerðarinnar hafði staðið yfir í ellefu mánuði. Götuvirði heróínsins er talið vera á fimmta milljarð íslenskra króna.

Stuðningur í verki:

# Blátt áfram fær styrk

**STYRKVEITING** Starfsfólk Body Shop á Íslandi hefur afhent fulltrúm verkefnisins Blátt áfram styrk að fjárhæð 170 þúsund krónur.

Peningunum er varið í rekstur verkefnisins og mun styðja starfsmenn þess í því að halda uppi þeirri fræðslu sem boðið hefur verið upp á undanfarin misseri.

Í verslunum Body Shop hefur að undanförnu verið seldur varasalvi til styrktar Blátt áfram og er framlagið ágóði af þeirri sölu. Jafnframt hefur starfsfólk Body Shop lagt sig fram við að kynna verkefnið, að því er segir í tilkynningu.

Blátt áfram er forvarnarverkefni vegna kynferðislegs ofbeldis gegn börnum og er styrkt af Ungmennafélagi Íslands. - jss

# Heitur vetur framundan

**„Núna þarf að breyta“ er yfirskrift landsfundar Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs sem hefst á Grand hóteli í dag. Nýjar áherslur eru á kvenfrelsi í tillögum sem fyrir fundinum liggja.**

**STJÓRNMÁL** Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs, segir flokkinn standa vel sem þriðja stærsta stjórnmálaaflið í landinu.

„Félagsmönnum fjölgar í hreyfingunni. Við erum sátt við það hvernig til hefur tekist við að byggja upp hreyfinguna. Við mælumst þessi misserin með um 15 prósenta fylgi. Það gildir líka um Reykjavík þar sem mikilvægar sveitarstjórnarkosningar fara fram líkt og annars staðar næsta vor og síðan alþingiskosningar ári síðar. Við ætlum að styrkja okkar stöðu og festa okkur rækilega í sessi í íslenskum stjórnmálum í þessum tvennum kosningum.

### Flokkur jafnréttis

Steingrímur segir að mörg mikilvæg málefni liggi fyrir fundinum. „Fyrst ber að nefna að fyrir tveimur árum tókum við ákvörðun um stefnuyfirlýsingu flokksins og nú liggja fyrir tillögur um breyttar áherslur. Væntanlega sætir mestum tíðindum að inn í yfirlýsinguna kemur kafli um kvenfrelsi. Við munum þaðan í frá skilgreina okkur sem flokk kvenfrelsis og nálgast jafnréttisbaráttuna frá þeim sjónarhóli. Þessi sjónarmið eru ríkjandi í okkar herbúðum og við lítum á okkur sem femínista, bæði karlar og konur í Vinstri grænum.

Við viljum að félagsleg sjónarmið og umhverfisverndarsjónarmið fái vægi í leikreglum heimsviðskipta og í samskiptum þjóða til jafns við hina viðskiptalegu þætti sem hafa ráðið allt of mikið ferðinni. Við leggjum fram heildstæða skóla- og menntastefnu og fjölmörg fleiri mikilvæg mál sem skila okkur áleiðis.“

### Staðan í stjórnmálunum

Steingrímur segir að Vinstri grænir hafi staðið fyrir brýnum sjónarmiðum í stjórnmálunum. „Við höfum haft sérstöðu í að andæfa stóriðju og skattalækkunarstefnu ríkisstjórnarinnar sem er að leiða af sér miklar ógöngur í efnahagslífinu sem allir sjá nema ríkisstjórnin.“

Spyrja má hvort Vinstri grænum sé nú meira í mun en áður að komast í ríkisstjórn. „Við erum betur undir það búin nú en nokkru sinni fyrr. Við höfum alveg skýra víglínu í þeim efnum. Okkar takmark er og var strax í síðustu kosningum að fella ríkisstjórnina og koma á velferðarstjórn í staðinn. Stjórn sem við gætum kallað græna velferðarstjórn. Við höfum horft til þess sem gerst hefur í Noregi og vildum gjarnan sjá að félagsleg stjórnmáláöfl á vinstri vængnum og inn til miðjunnar bæru gæfu til þess að standa jafn skynsamlega að málum og þar var gert. Ég tel það fullkomlega raunhæfan valkost.“

### Sviptingar framundan

„Ég tel að ríkisstjórnin standi veikar nú en oftast áður. Það eru hnökrar í samstarfinu og menn ná ekki saman líkt og áður. Auk þess stendur ríkisstjórnin frammi fyrir miklu meiri erfiðleikum en hún hefur áður gert. Það eru mjög viðsjárverðir tímar framundan en hún virðist ómeðvituð um það og hvað til síns friðar heyrir. Það eru óvissutímar framundan, þensla, verðbólga, viðskiptahalli og ofurgengi sem enn hækkaði í gær. Auk þess eru að koma fram upplýsingar um gríðarlega aukna misskiptingu í landinu. Óánægja aldraðra dettur ekkert af himnum ofan. Tilteknir hópar taka sér ofurlaun og lífeyri á sama tíma og skattareglur eru mjög ósanngjarnar, til dæmis með lækkun hátekjuskatta. Á sama tíma hafa menn ekki efni á bensínstyrk til öryrkja og aldraðra. Það eru sviptingar framundan í íslenskum stjórnmálum. Ég held að veturinn verði mjög heitur í pólítík og fram að næstu þingkosningum. Ég hef á tilfinningunni að til óvæntra tíðinda geti dregið í lífi ríkisstjórnarinnar þó svo að ég spái ekki beinlínis neinu um það,“ segir Steingrímur.

johannh@frettabladid.is



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON FORMAÐUR VINSTRI GRÆNNA** „Við lítum á okkur sem femínista.“

ÚRSLIT ALÞINGISKOSNINGA 1999




ÚRSLIT ALÞINGISKOSNINGA 2003






Sjómenn vinna mál:

# Fá 15 milljónir af skipsverði

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur dæmt Íslandsbanka til að greiða fimm norðlenskum sjómönnum rúmar fimmtán milljónir króna og Lífeyrissjóði sjómanna rúmar tvær milljónir króna, vegna sölu fiskiskips sem selt var nauðungarsölu í fyrra. Sjómennirnir og lífeyrissjóðurinn töldu sig eiga rétt á hluta af söluverði skipsins sem þeir höfðu unnið á en það var selt fyrir 80 milljónir. Hæstiréttur samþykkti kröfu þeirra.

Með örfáum breytingum staðfesti rétturinn þar með úrskurð sýslumannsins á Húsavík og fær Íslandsbanki alls 60 milljónir í sinn hlut fyrir skipið. - smk

Aðalfundur Öryrkjabandalags Íslands:

# Mótmælir kjaraskerðingu

**ÖRYRKJAR** Öryrkjabandalag Íslands krefst þess að ríkisvaldið láti af markvissri skerðingu á kjörum fatlaðra og lífeyrisþega. Í ályktun aðalfundar bandalagsins er bent á að undanfarið hafi kjör vegna bifreiðakaupa hreyfihamlaðra verið skert, hlutdeild neytenda í lyfjakostnaði aukist, gjöld fyrir ýmiskonar þjálfun hækkað og óvissa ríki um uppbót á elli- og örorkulífeyri vegna reksturs bifreiðar.

Bandalagið fagnar hins vegar þeim áformum stjórnvalda að leggja hluta þeirra fjármuna sem fengust fyrir Landsímann til uppbyggingar úrræða fyrir geðfatlaða.



Í samþykkt aðalfundarins segir enn fremur að Öryrkjabandalagið sé reiðubúið til samstarfs við stjórnvöld um raunhæfar úrbætur í málefnum fatlaðra og skorað er á stjórnvöld að hefja virkt samráð í stað þess að setja samtök fatlaðra jafnan hjá þegar ákvarðanir eru teknar um kjör þeirra. - ssal

**FRÁ AÐALFUNDI ÖRYRKJABANDALAGSINS** Sigursteinn Másson var kjörinn nýr formaður Öryrkjabandalags Íslands á aðalfundi bandalagsins á miðvikudagskvöld.



**ALVEG RÓLEGUR** Ahn Sang-kyu, býflugnabóndi í Daegu, Suður-Kóreu, fagnaði opnun jarðlestar í borginni í gær með því að láta býflugurnar sínar þekja sig frá hvirfli til ilja. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**STÍGAMÓT** Styrkurinn afhentur.

Veglegur styrkur:

# 1,5 milljónir til Stígamóta

**LÍKNARMÁL** Það ríkti gleði hjá Stígamótum í gær þegar samtökin fengu styrk upp á 1,5 milljónir króna, sem söfnuðust á uppskeruhátíð byggingariðnaðarins í samvinnu við Steypustöðina. Þar voru seld vinabönd með áletruninni „Sombody to love“ til styrktar Stígamótum. Vísar texti bandanna í texta hljómsveitarinnar Queen, en tónlist þeirra var þema hátíðarinnar að þessu sinni.

Fjölmörg fyrirtæki og einstaklingar gáfu í söfnunina, þar á meðal voru JB Byggingafélag, Stafna á milli, Sérverk, Bygg Ben, S.Þ. Verktakar, Rís, Fasteignasalan Klettur, Steypustöðin og Húsasmiðjan ásamt fleiri fyrirtækjum og einstaklingum sem létu vel af hendi rakna.

Stígamót kunna eigendum JB Byggingafélags, þeim Sigurði Sigurgeirssyni og Vilborgu Hjaltested, miklar þakkir fyrir framtakið en þau stóðu fyrir söfnuninni og áttu hvað stærstan þátt í að ýta framtakinu úr vör. - jss

Jafnrétti á Akureyri:

# Skora á konur

**AKUREYRI** Jafnréttis- og fjölskyldunefnd Akureyrarbæjar hefur samþykkt að skora á konur að gefa kost á sér á framboðslista í bænum vegna sveitarstjórnarkosninganna á næsta ári. Jafnframt hvetur nefndin stjórnmálaflokka og væntanleg framboð til að gæta þess að jafnt hlutfall kvenna og karla verði á framboðslistum.

Jafnt kynjahlutfall á framboðslistum er að mati jafnréttis- og fjölskyldunefndar Akureyrarbæjar forsenda þess að hægt sé að ná markmiðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ríkis og sveitarfélaga. - kk

## GEORGÍA

**Átök á þinginu** Fundur á þingi Ajarian-héraðs í gær endaði með illindum eftir orðaskak um opinberar stöðuveitingar. Murman Dumbadze stjórnarandstöðuþingmaður nefbrotnaði eftir að andstæðingur hans skallaði hann í andlitið, að því er Interfax-fréttastofan hermir.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Stálu lömpum** Þjófar brutust inn í gróðrastöð í Hveragerði í fyrrinótt og stálu meðal annars sextán gróðurhúsalömpum, sem vinsælir eru til kannabisræktar, og tölvubúnaði. Þjófarnir voru horfnir af vettvangi þegar innbrotsins varð vart og er þeirra nú leitað.

Rýmingarsala
20. - 22. október
30-80% afsláttur!
skrifborð •
skrifstofustólar •
skápar •
stólar •
ofl. •
Skrifborðsstólar fyrir heimilið frá 4.900 kr.




Ath!
Rýmingarsala á húsgagnalager Pennans, Vesturvör 29 Kópavogi frá 20. - 22. október
**Opið fimmtudag og föstudag frá kl. 8 til 18 og laugardag frá kl. 10 til 16.**
Penninn
Húsgagnalager Pennans, Vesturvör 29, Kópavogi

# Peningarnir
## inn á hvert










**Láttu**

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 4137

# *þínir*
# heimili í landinu

Íslandsbanki kynnir fjármálablaðið ***Peningarnir þínir*** sem sent er inn á hvert heimili í landinu. Í blaðinu er fjöldi greina og ráðlegginga um hvernig þú getur orðið flinkari í fjármálum og hvernig best sé að haga fjárfestingum. Allir geta nýtt sér ***Peningana þína*** til að bæta fjármálaleikni sína – því það geta allir orðið betri.



***Þorgerður Katrín, Birgitta Haukdal og Svanhildur Hólm tala um fjármál***



***Lærðu að nota peningana þína sem fyrirvinnu***



***Sjáðu hvernig þú getur byggt upp öflugan sjóð***



## *þá vinna með þér*

ÍSLANDSBANKI



**HOLDGERVINGUR RÉTTRÚNAÐARINS** Bartólómeus I, patríarki í Konstantínópel og andlegur leiðtogi orþódoxa, hélt þrumuræðu í vikunni yfir Evrópuþingmönnum sem heimsóttu hann til borgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Danskur stjórnmálamaður sem sagði farir sínar ekki sléttar:

# Frásögnin helber uppspuni

**DANMÖRK** Anne-Lise Jønch Pedersen, frambjóðandi danska Framfaraflokksins í héraðskosningum á Sjálandi, er í vondum málum eftir að upp komst að hún laug því að hópur innflytjenda hefði ráðist á sig.

Á mánudaginn kom Pedersen fram í sjónvarpi, bólgin og blá og með brotin gleraugu á nefinu, og sagði að hópur unglinga af erlendum uppruna hefði hrint sér í götuna þar sem hún dreifði bæklingum á torgi í bænum Nakskov á Lálandi. Hún sagði árásina augljóslega vera af pólitískum rótum, en Framfaraflokkurinn hefur gagnrýnt mjög fjölgun innflytjenda í Danmörku.



**LURKUM LAMIN** Anne-Lise Jønch Pedersen sagði hóp innflytjenda hafa ráðist á sig en lögreglan trúir ekki sögu hennar. MYND/POLPHOTO

Dagblaðið Jyllands-Posten greinir hins vegar frá því að lögregla telji að Pedersen hafi logið til um árásina. „Öll sagan er uppspuni. Við höfum ekki fundið neinar vísbendingar sem renna stoðum undir hana," sagði Søren Ravn-Nielsen, lögregluforingi í samtali við blaðið. Hið sama er að segja um skrautlegar frásagnir af áverkum Pedersen. „Enginn hefur skoðað þessi meiðsli, hún hefur ekki leitað meðferðar neins staðar. Því hefur rannsókninni verið hætt." Hann bætti reiður við að skammarlegt væri að eyða skattfé í rannsókn máls sem byggt væri á lygum. **- shg**

Ríkið sýknað:

# Neitaði fíkniefnaleit

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði íslenska ríkið í gær af 100.000 króna kröfu karlmanns sem stefndi því fyrir ólögmæta handtöku og haldlagningu á bifreið hans.

Maðurinn, sem þekktur er fyrir fíkniefnabrot, var handtekinn eftir að hann neitaði lögreglumönnum um að gera fíkniefnaleit í bifreið sinni á Suðurlandsvegi í júlí 2004. Hann var fluttur á lögreglustöðina á Hvolsvelli, þar sem hann að lokum gaf leyfi fyrir leitinni. Ekkert fannst, þó fíkniefnaleitarhundur hafi merkt lykt af fíkniefnum á tveimur stöðum í bifreiðinni. **- smk**

Urgur í Norðmönnum:

# Elgir brutu elgsstyttu

**NOREGUR** Norsk hjón vöknuðu upp af værum svefni á dögunum við að tveir elgir störðu á þau inn um svefnherbergisgluggann. Þegar hjónin fóru út sáu þau hvar skrautstytta þeirra af elg lá mölbrotin í bakgarðinum. Enginn veit hvað orsakaði reiði elganna en eitthvað varð til þess að þeim fannst sér ógnað af styttunni og því létu þeir krók koma á móti bragði. Hjónin sem um ræðir búa á sveitabæ rétt fyrir utan bæinn Valle í Noregi en þar er stór skógur þar sem elgir halda til.



**TIGNARLEGUR** Elgir eru stórar skepnur.

Ung bandarísk móðir heyrði raddir og sturlaðist:

# Fleygði börnum sínum í sjóinn

**SAN FRANCISCO, AP** Bandarísk kona hefur verið ákærð fyrir að hafa myrt öll þrjú börnin sín. Lashaun Harris, 23 ára gömul kona búsett í Oakland, játaði sök skömmu eftir að hún var handtekin.

Íbúar San Francisco og Oakland eru slegnir miklum óhug eftir að málið kom upp því nú hefur verið upplýst að Harris fleygði börnunum sínum fram af bryggju og í San Francisco-flóann. Yngsta barnið var eins árs, það næstyngsta þriggja ára og það elsta sex ára. Vitni sá til konunnar þegar hún fleygði börnum sínum út í sjó. Vitnið hringdi strax í lögregluna og fjórum tímum síðar fannst lík næstyngsta barnsins. Í gær voru lík hinna tveggja enn ófundin en gríðarlega straumþungt er í San Francisco-flóa og gerir það leitarmönnum erfitt fyrir.

Málið hefur vakið mikla athygli og mætti Gavin Newsom borgarstjóri á vettvang til að fá upplýsingar. Það eina sem borgarstjórinn sagði við blaðamenn var: „Mér býður við þessu."

Lögreglan hefur upplýst að konan hafi sagst hafa fleygt börnunum fram af bryggjunni eftir að raddir í höfði hennar höfðu sagt henni að gera það. Konan bjó hjá Hjálpræðishernum og sagði Mary Ann Ramirez, starfsmaður þar, að hana hefði aldrei grunað að Harris væri fær um slík óhæfuverk. Hún hefði talað við Harris daginn áður en hún myrti börnin sín og þá hefði legið vel á henni.

Bryggjan, Pier 7, þar sem Harris fleygði börnunum sínum fram af er frægur ferðamannastaður þar sem meðal annars má finna sögufræga ferjubygginguna. ■



**LEITAÐ AÐ LÍKUM** Starfsmenn strandgæslunnar leita að líkum tveggja barna sem talið er víst að séu látin eftir að móðir þeirra fleygði þeim í sjóinn.


MEGAS • FORNÍSLENSKUR MENNINGARARFUR
LANDNÁMSMINJAR • ELLÝ OG VILHJÁLMUR • SIGVALDI KALDALÓNS
SAGA ÖRNEFNA • KARLAKÓR KEFLAVÍKUR ...


10:00


11:30


13:00


14:15


15:30


16:40


17:45


20:00

**Kálfatjarnarkirkja** 10:00-10.40
• Menningardagur settur: Kristján Pálsson formaður Ferðamálasamtaka Suðurnesja.
• Saga örnefna í Vatnsleysustrandarhreppi. Viktor Guðmundsson segir frá.
• Frank Herlufsen, kirkjukór Kálfatjarnarkirkju o.fl. flytja tónlist frá Vatnsleysuströnd.
• Séra Carlos Ferrer flytur blessun.

**Njarðvíkurkirkja** 11:30-12:10
• „Arfurinn". Ævi og störf Jóns Þorkelssonar skólameistara. Guðmundur Ingi Leifsson skólastjóri flytur erindi.
• Barnakór Akurskóla syngur nokkur lög.
• Ávarp: Séra Baldur Rafn Sigurðsson.

**Keflavíkurkirkja** 13:00-13:40
• Fornískenskur menningararfur í kórtónlist á 19. og 20. öld í tali og tónum. Hákon Leifsson organisti og kirkjukór Keflavíkurkirkju.
• Ávarp.

**Útskálakirkja** 14:15-14:55
• Sjómennska og sjóslys á Suðurnesjum. Gísli Gunnarsson prófessor við Háskóla Íslands flytur erindi.
• Karlakór Keflavíkur syngur lögin: Brennið þið vitar, Stjáni Blái og Suðurnesjamenn.
• Lokaorð: Séra Lilja Kristín Þorsteinsdóttir

MENNINGARDAGUR
í kirkjum á Suðurnesjum
sunnudaginn 23. október 2005

**Hvalsneskirkja** 15:30-16:10
• Dr. Gunnar Kristjánsson prófastur flytur ávarp.
• Megas syngur til Hallgríms. Megas flytur lög sín og texta um Hallgrím Pétursson með Syðri-ár flokknum.
• Lokaorð: Séra Lilja Kristín Þorsteinsdóttir

**Kirkjuvogskirkja** 16:40-17:20
• Landnámsminjar á Reykjanesi. Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur heldur fyrirlestur og gengur með gestum að rústum landnámsbæjarins í Höfnum.
• Lokaorð: Stefán Bjarkason framkvæmdastjóri MÍT svið Rnb.

**Ytri-Njarðvíkurkirkja** 17:45-18:30
• Systkinin Ellý og Vilhjálmur Vilhjálmsbörn. Guðrún Gunnarsdóttir og Friðrik Ómar flytja vinsælustu lögin þeirra. Undirleikur: Valgeir Skagfjörð.
• Séra Baldur Rafn Sigurðsson flytur blessun.

**Grindavíkurkirkja** 20:00-21:00
• Ávarp: Séra Jóna Kristín Þorvaldsdóttir.
• Sigvaldi Kaldalóns í tali og tónum. Kór og hljómsveit kirkjunnar.
• Menningardegi slitið: Kristján Pálsson formaður Ferðamálasamtaka Suðurnesja.

REYKJANESBÆR
SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG
SpKef

FERÐAMÁLASAMTÖK SUÐURNESJA
OG KIRKJURNAR Á SUÐURNESJUM



**HÖFÐINU SKÝLT** Strangtrúaður gyðingur og synir hans tveir skýla höfðinu með stólum við Grátmúrinn í Jerúsalem í vikunni. Laufskálahátíð gyðinga stendur yfir um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**KJÖRKASSARNIR SETTIR Í GEYMSLU** Á meðal þeirra sem setjast á afganska þingið, auk Mohammadi, eru frægur blaðamaður og fyrrverandi fegurðardrottning landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýr þingmaður Afgana:

# Braut niður búddastyttur

**KABÚL, AP** Mawlawi Mohammed Islam Mohammadi hefur verið kjörinn á afganska þingið. Hann er helst þekktur fyrir að hafa stýrt niðurbroti talibana á einstökum búddalíkneskjum í Afganistan árið 2001.

„Þetta var ekki mín ákvörðun. Tsjetsjenar og arabar ákváðu þetta með talibönunum. Þetta var brjálað fólk,“ sagði Mawlawi í samtali við AP-fréttastofuna fyrr í vikunni þegar úrslit þingkosninganna 18. september lágu fyrir í tveimur héruðum Afganistans.



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Ríkið var sýknað af kröfum Hvals hf. í héraðsdómi.

Dómur um fiskveiðistjórn:

# Hvalur fær ekki endurgreitt

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið hefur verið sýknað af tæplega 4,5 milljóna króna kröfu Hvals hf. Útgerðinni var í mars 2001 gert að greiða fyrir tæplega 62 þúsund tonna afla umfram úthafskarfakvóta.

Útgerðin kærði álagninguna og síðar úrskurð til úrskurðarnefndar. Í júní 2002 var höfðað mál á hendur ríkinu til ógildingar á úrskurði úrskurðarnefndarinnar og til endurgreiðslu á gjaldinu. Hvalur vísaði í lög um stjórn fiskveiða þar sem kveðið er á um fimm prósenta skekkjumörk í afla.

Dómurinn komst hins vegar að því að lög um fiskveiðistjórn ættu ekki við um úthafsveiðar sem lytu alþjóðlegri stjórn. Sigríður Ingvarsdóttir, héraðsdómari Reykjavíkur, kvað upp dóminn. - óká




Heilsaðu vetri

– með íslenskri kjötsúpu á morgun

Gerðu það að hefð að elda kjötsúpu á fyrsta vetrardag. Eldaðu kjötsúpu í stórum potti og hóaðu í vini og vandamenn. Íslenska grænmetið gefur kraft og bragð, hikið ekki við að nota það grænmeti sem ykkur lystir.

| | |
|---|---|
| 1 kg súpukjöt | 500 g kartöflur |
| 1,8 l vatn | 250 g gulrætur |
| 1 msk salt, eða eftir smekk | 100 g hvítkál (má sleppa) |
| 1–2 msk súpujurtir | nýmalaður pipar |
| 1/2 laukur, saxaður smátt | hrísgrjón 1 1/2 dl |
| 500 g gulrófur | haframjöl 1/2 dl (má sleppa) |

Kjötið e.t.v. fituhreinsað að hluta og síðan sett í pott, vatninu hellt yfir og hitað að suðu. Froða fleytt ofan af, saltað og súpujurtum, lauk og hrísgrjónum hrært saman við. Soðið í um 40 mínútur. Á meðan eru gulrófurnar afhýddar og skornar í bita, kartöflurnar afhýddar og skornar í helminga eða fjórðunga, ef þær eru stórar, og gulræturnar skafnar og skornar í bita. Sett út í og soðið í 15 mínútur til viðbótar. Kálið skorið í mjóar ræmur, sett út í og soðið í um 5 mínútur, eða þar til allt grænmetið er meyrt. Um leið er haframjölið sett ef á að nota það. Smakkað og bragðbætt með salti og pipar, ef þarf. Kjötið er ýmist borið fram í súpunni eða með henni á sérstöku fati.

Ýmislegt annað grænmeti má hafa í súpuna, svo sem blómkál, sellerí eða grænkál. Ágætt er að sjóða rófurnar og kartöflurnar sér í potti. Ef afgangur verður þá er gott að muna að mörgum finnst kjötsúpan langbest þegar hún er hituð upp í annað eða þriðja sinn. Verði ykkur að góðu!

ÍSLENSK GARÐYRKJA - okkar allra vegna!

ÍSLENSK KJÖTSÚPA 1. DAG VETRAR

www.lambakjot.is

Fíton/SÍA F1014461

## „ORÐRÉTT“

### Passa líka vel saman

*„Gönguskórnir og bleiku Snoopy-náttfötin eru mér mjög kær.“*

**Jórunn Frímannsdóttir varaborgarfulltrúi í Fréttablaðinu um uppáhalds flíkurnar sínar.**

### Varla

*„Getur verið að foreldrar láti sér það í léttu rúmi liggja að börnin þeirra séu á röltinu með úðabrúsa og tússpenna í skjóli nætur að skemma eignir annarra og útbía borgina sína?“*

**Leiðari Morgunblaðsins um veggjakrot, skrílmennsku og vesaldóm.**

nær og fjær
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** SIGRÍÐUR INGVARSDÓTTIR FYRRUM ALÞINGISMAÐUR

## Búin að skjóta lunda, gæs og hreindýr

Sigríður Ingvarsdóttir sat á Alþingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Norðurlandskjördæmi vestra um tveggja ára skeið frá 2001, en náði ekki þingsæti í kosningunum vorið 2003.

„Landsbyggðarþingmönnum fækkaði vegna kjördæmabreytinganna og ég datt út en er reyndar varaþingmaður,“ segir Sigríður.

Þegar þingmennskunni lauk fór hún til starfa hjá Impru, nýsköpunarmiðstöð Iðntæknistofnunar, þar sem hún segist önnum kafin dags daglega við að aðstoða fólk um allt land sem vinnur að nýsköpun á ýmsum sviðum. Þar að auki er hún í MBA-námi við Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. „Það er aldrei of seint að bæta við sig menntun,“ segir Sigríður.

Í tómstundum sínum reynir hún hins vegar að sinna stóra áhugamálinu sem er skotveiðar. „Ég er mikil veiðikona og er til dæmis búin að veiða bæði lunda og gæs í haust og hreindýr að auki. Svo bíð ég bara eftir því að verkefnastaðan í vinnunni gefi mér tækifæri til að fara á rjúpnaveiðar.“

Og þó Sigríður búi núorðið á höfuðborgarsvæðinu leitar hún alltaf norður á æskuslóðirnar til veiða og afslöppunar. „Ég á mér tvo paradísarstaði en það eru Siglufjörður og Flatey á Skjálfanda,“ segir hún og kveðst fara norður í sæluna oft á hverju sumri. Hún er ættuð frá Flatey en bjó á Siglufirði um árabil og á þar hús.

En er hún búin að gefa pólitíkina upp á bátinn? „Pólitíkin heillar alltaf og ég tel mig eiga fullt erindi á þing,“ er svar Sigríðar Ingvarsdóttur og gefur það einhverja vísbendingu um fyrirætlanir hennar fyrir næstu alþingiskosningar.



Sigríður Ingvarsdóttir er veiðigarpur.

## SJÓNARHÓLL

**EINKAVÆÐING LANDSVIRKJUNAR**



**KRISTINN SNÆLAND LEIGUBÍLSTJÓRI**

### Á móti

„Ég vil hafa Landsvirkjun áfram í opinberri eigu,“ segir Kristinn Snæland, leigubílstjóri og áhugamaður um þjóðmál, en í kjölfar orða Geirs H. Haarde, formanns Sjálfstæðisflokksins hafa spunnist umræður um hvort rétt sé að selja fyrirtækið einkaaðilum á borð við lífeyrissjóði.

Kristinn er þeirrar skoðunar að betra sé að ríkið njóti áfram arðs af Landsvirkjun. „Það ætti að vera stjórnendum fyrirtækisins kappsmál að skila ríkinu sem mestum hagnaði. Ef það er einkavætt keppast menn um að græða sem mest en um leið reyna þeir að fela hagnaðinn. Slíkt er ekki til staðar hjá opinberum fyrirtækjum.“

Kristinn er almennt hlynntur ríkisrekstri og vill hann sem mestan en með þeim undantekningum að þar sem hægt er að stunda einkarekstur við hlið ríkisrekstrar sé slíkt í lagi, eins og til dæmis í heilbrigðisþjónustunni.

Hörður Torfa í Grímsey:

## Tekið eins og stórhöfðingja

Grímseyingar bíða helgarinnar með eftirvæntingu enda von á söngvaskáldinu Herði Torfa. Erindi hans er tvíþætt, annars vegar tónleikahald á föstudagskvöldið og hins vegar námskeiðshald á laugardaginn. Ætlar hann að leiðbeina kvenfélagskonum í kvenfélaginu Baugi með framsögu og fundarsköp.



**HÖRÐUR TORFA** Heldur tónleika og námskeið í Grímsey.

„Ég er alltaf annað slagið fenginn í svona námskeiðshald því ég er jú lærður leikari,“ segir Hörður sem nokkrum sinnum hefur haldið hljómleika í Grímsey. „Veður hefur þó oft hamlað því að ég hafi komist út í eyju og ég held að skiptin sem ég hef þurft að fresta för séu fleiri en ferðirnar.“

Hörður er einkar hrifinn af Grímseyingum og segir þá einstaklega ljúfa og góða. „Manni er tekið þar eins og stórhöfðingja,“ segir hann og bætir við að andrúmsloftið þar sé af sama toga og ríkti á landinu öllu á árum áður. „Þarna er enn gamla Ísland. Hér áður fyrr fékk maður alls staðar konunglegar móttökur en nú skiptir maður minna máli. Upp úr 1985 fór fólki að standa á sama og hætti að mæta á tónleika því það var að horfa á sjónvarpið. Grímseyingar hafa enn einlægan áhuga á því sem maður er að.“




**ELLEFU LÖND Á ÞREMUR VIKUM** Áfangastaðirnir liggja flestir utan alfaraleiða enda vilja farþegarnir sjá eitthvað ólíkt því sem þeir hafa áður séð. Farið er um helstu verslunar- og menningarveldi mannkynssögunnar, til dæmis í Armeníu, Eþíópíu, Mongólíu og Líbýu.

# Lúxus í Loftleiðaþotu

**Þriggja vikna heimsminjaferð níutíu og tveggja Bandaríkjamanna hófst á Íslandi á mánudag. Á miðvikudag hélt hópurinn af landi brott en áfangastaðirnir liggja flestir utan alfaraleiða. Ferðalagið kostar tæpar þrjár milljónir á mann. Boeing-þota Loftleiða var sérinnréttuð fyrir flugið.**



**ÞÆGINDI** Farþegarnir í lúxusferðinni sitja allir í viðskiptafarrýmissætum sem eru stærri og þægilegri. Fjögur sæti eru í hverri sætaröð í stað sex vanalega. VÍKURFRÉTTIR

Ekki mun væsa um farþegana 92 í Boeing 757-þotu Loftleiða Icelandic sem vanalega tekur frá 189 og upp í 224 farþega. Venjulegu flugvélasætin voru skilin eftir heima og sitja allir farþegarnir í viðskiptafarrýmissætum sem um flest líkjast hægindastólum.

Bandaríska ferðaskrifstofan Starquest Expeditions skipuleggur ferðina en skrifstofan sérhæfir sig í lúxusferðum, sem flestar eru farnar hringinn í kringum hnöttinn. Þetta er í annað sinn sem Loftleiðir leggja til farkost og starfsfólk til flugs á vegum Starquest.

Héðan hélt hópurinn til Armeníu en meðal annarra viðkomustaða eru Mongólía, Víetnam, Bútan, Eþíópía, Malí og Líbýa. Farið er um slóðir helstu verslunar- og menningarveldra mannkynssögunnar og eru sex fararstjórar með í för sem búa yfir sérþekkingu á sögu, náttúru og menningu staðanna. Á meðan flogið er flytja fararstjórarnir fyrirlestra um áfangastaðina.

Í áhöfn vélarinnar eru þrír flugmenn, sex flugfreyjur, flugvirki, hlaðmaður og kokkur sem mun matreiða lúxusmáltíðir fyrir farþegana úr ferskasta hráefni hvers lands. Gist verður á hverjum stað í eina til þrjár nætur og þá jafnan á fínustu hótelum sem völ er á.

Víst er að pyngjur ferðalanganna eru í þyngra lagi því hver og einn greiðir að meðaltali um 2,8 milljónir króna fyrir herlegheitin. Að sögn Guðna Hreinssonar, markaðsstjóra Loftleiða, koma flestir farþeganna úr röðum forstjóra, eigenda stórfyrirtækja og prófessora. „Þetta er fólk sem komið er á eða yfir miðjan aldur, sterkefnað auðvitað og vel siglt. Það hefur komið á alla helstu staði sem venjulegt fólk dreymir um að sjá og langar því að prófa eitthvað nýtt.“

Unnið er að samningum Loftleiða og Starquest um frekara samstarf á næsta ári. „Við sjáum sóknarfæri á þessum svokallaða lúxusflugmarkaði því sífellt fleiri vilja njóta hámarksþæginda og þjónustu á ferðum til framandi áfangastaða,“ segir Guðni.



**ÁHÖFNIN** Sex flugfreyjur, þrír flugmenn, hlaðmaður, flugvirki og kokkur eru í áhöfninni.

bjorn@frettabladid.is



# HANSADAGAR

## í Hafnarfirði 21. - 23. október

### FÖSTUDAGURINN 21. OKTÓBER

**10:00-14:00 Þýskubíllinn við Flensborg** HM 2006 í knattspyrnu.
**14:00-18:00 Þýskubíllinn við Fjörð** HM 2006 í knattspyrnu.

**14:00-23:00 Þýsk stemning í Gamla bókasafninu**
Grillaðar bratwurstpylsur og þýskur epladrykkur frá kl. 18:00. Hljómsveitirnar Miss behavin´ og hin austur-þýsk rússneska Lada Sport frá kl. 20:00. Ókeypis aðgangur.

**16:30-17:10 Setning Hansadaga í verslunarmiðstöðinni Firði**
Kynnar: Helga Braga og Steinn Ármann • Englakórinn syngur • Forseti Íslands setur Hansadaga • Þýska tríóið Freiheit spilar • Þýskubíllinn.

**19:30-20:00 Flugeldasýning, opnun á Hansaborgasýningu**
Vígsla á göngu- og hjólastíg og skrúðganga að Íþróttahúsi Strandgötu með Lúðrasveit Hafnarfjarðar í broddi fylkingar.

**20:00-21:30 Fjölskylduhátíð í Íþróttahúsi Strandgötu**
Bæjarbúum boðið að hitta forsetahjónin • Lúðvík Geirsson bæjarstjóri setur dagskrána • Þórunn Sigþórsdóttir sópran syngur • Ávarp Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands • Karlakórinn Þrestir • Forsetinn afhendir ungum Íslendingum hvatningu • Þýska hljómsveitin Freiheit spilar • Unglingahljómsveitin Jakobínarína.

### LAUGARDAGURINN 22. OKTÓBER

**13:00-16:00 Hátíðahöld í Firði**
Bein útsending á Rás 2 • Matarkynningar • Þýskubíllinn kynnir HM 2006 í knattspyrnu • Dregið í getraun um Hansaborgir í beinni útsendingu á Rás 2 • Þýska tríóið Freiheit spilar.

**14:00-16:00 Fyrirlestrar í Byggðasafninu, Vesturgötu 8**
„Hafnarfjörður, Hamborg og Hansasambandið á 16. öld“
Dr. Gísli Gunnarsson prófessor í sagnfræði.
„Ölgerð, fornar þýskar hefðir og ölneysla á Íslandi fyrr á öldum“
Guðmundur Mar Magnússon, bruggmeistari.

### SUNNUDAGURINN 23. OKTÓBER

**10:00-13:00 Fótboltamót í Risanum**
5. flokkur drengja og stúlkna • Þýskubíllinn á svæðinu.

**13:00 Verðlaunaafhending og slit Hansadaga**

### Á DAGSKRÁ ALLA HANSAHELGINA

**Á Hansadögum kynnir þýskubíllinn HM 2006 í knattspyrnu • Taktu þátt í getraun um Hansaborgir – flug fyrir tvo til Þýskalands í boði Icelandair • Verslunar- og þjónustuaðilar í bænum með ýmis tilboð • Hansaborgasýning á göngustíg við Fjarðargötu: Saga Hansaborga og Hansabæjarins Hafnarfjarðar • Bókasafnið – opið frá 10-17. Þýskt þema • Kaffistofa Hafnarborgar: Sýning með ljósmyndum Bernt Schlüsselburg frá Cuxhaven • Októberfest í Fjörukránni á föstudags- og laugardagskvöldið: Myntslátta og vefnaður. Dansleikur bæði kvöldin, hljómsveit Hilmars Sverrissonar spilar til kl. 03. Aðgangur er ókeypis • Freiheit og Lúðrasveit Hafnarfjarðar spila víða um bæinn**

*sjáumst ...*

AHK Island Þýsk-íslenska viðskiptaráðið · HAFNARFJARÐARHÖFN · ALCAN · Þýska sendiráðið · HAFNARFJÖRÐUR · ICELANDAIR

www.godverk.is



Tilboðin gilda til sunnudags eða á meðan birgðir endast
SLÁTRUN 2005
KS SÚPUKJÖT I. FL.
395 kg KR.
Merkt verð 449kr.
20% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Helgin byrjar
...fyrir góðan dag!
I. flokks frosið lambasúpukjöt
Egils PILSNER
500ml 39 KR.
FERSKIR KJÚKLINGABITAR
269 kg KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 449kr.
Ferskir blandaðir Holta kjúklingabitar
40% afsláttur við kassann
20% afsláttur við kassann
MSG
ÍSLANDS GRÍS
PÓLSK TORUNSKA
PÓLSKAR PYLSUR
1359 kg KR.
20% afsláttur við kassann
Merkt verð 1699kr.
PYLSUR ÁN BINDIEFNA, MSG OG ÁN VIÐBÆTTS VATNS
Vanillu Ís 2 lítrar
BÓNUS
Súkkulaði Ís 2 lítrar
2 LÍTRAR
159 KR.
Vínarsteik
KF SVÍNAHELGARSTEIK
899 KR.
KÍLÓVERÐ
10% afsláttur við kassann
Merkt verð 998kr.
Beinlaus Vínarsteik
Sudoku 1 og 2
109 SUDOKU talnagátur
SUDOKU BÓK
859 KR.
4 Euroshopper eldhúsrúllur
Kitchen towel • Keukenpapier Køkkenrulle
4 rolls/st/stk
4 ES ELDHÚSRÚLLUR
129 KR.
Chips Paprika
Chips Natural • Naturel • Salta
ES SNAKK
98 KR.
200g
5 tvöföld DVD hulstur
Möppugötuð
50 tvívasa CD umslög
10 CD hulstur
5 TVÖFÖLD DVD HULSTUR
199 KR.
50 CD UMSLÖG
399 KR.
10 CD HULSTUR
299 KR.
Panasonic ryksugan komin aftur!
PANASONIC 1500W RYKSUGA
3998 KR.
SERVÖRU VERSLANIR
1500W
200 mynda albúm
200 MYNDA ALBÚM
299 KR.
BÓNUS



í Bónus!
EKKERT BRUÐL
Bónus hamborgarhryggur frá Síld og fisk
GRILLAÐUR HEILL KJÚKLINGUR
798
KÍLÓVERÐ KR.
BÓNUS HAMBORGARHRYGGUR
899
KÍLÓVERÐ KR.
Franskar 1 kíló
Grillaður heill kjúklingur með PEPSI MAX 2ja lítra í kaupbæti!
FRANSKAR
98
1 KÍLÓ! KR.
BÓNUSKAFFI
199
500g KR.
500 GRÖMM
BÓNUS kaffi
fyrir alla
BLANDAÐ FYRIR BÓNUS
Múslí 750g
START!
START!
START!
START!
MORGUNMÚSLÍ
199
750g KR.
Saltfisks flök
FJÖRFISKUR/FLÖK
595
KÍLÓVERÐ KR.
15% afsláttur við kassann
Merkt verð 699kr.
EKKERT BRUÐL
15% afsláttur við kassann
FERSKUR Bónus trönuberjasafi
TRÖNUBERJASAFI
259
1 LÍTRI KR.
Florida
25% BERJAINNIHALD
Enginn viðbættur sykur
Bónus býður betur!
Sólkjarna rúgbrauð Hollur biti!
SÓLKJARNA RÚGBRAUÐ
129
KR.
Gæða BAKSTUR
Sólkjarna rúgbrauð
Gæða rúgbrauð!
GOUDA
SPARIÐ 20%
20% verðlækkun
www.bonus.is
bonus.is
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## SVONA ERUM VIÐ

**Fjöldi nýbyggðra íbúðarhúsa sem eru fullbyggð á árinu**




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** VANHÆFISREGLUR STJÓRNSÝSLULAGA

# *Ekki má draga óhlutdrægni í efa*

Töluvert hefur verið fjallað um hæfisreglur stjórnsýslulaga að undanförnu í tengslum við væntanlega skipan Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra á sérstökum saksóknara í Baugsmálinu eftir að ríkissaksóknari lýsti sig vanhæfan í málinu. Verjendur sakborninga hafa haldið því fram að dómsmálaráðherra sé vanhæfur til að skipa sérstakan saksóknara vegna ummæla sinna um Baug sem hann hefur látið falla í gegnum árin, ekki síst vegna nýrrar greinar hans í tímaritinu Þjóðmálum.

**Hvenær er starfsmaður vanhæfur?**
Í 3. grein stjórnsýslulaga eru tilteknar ýmsar vanhæfisástæður starfsmanns til meðferðar máls. Samkvæmt henni telst starfsmaður vanhæfur ef hann er á einhvern hátt tengdur málinu sjálfu eða málsaðilum, ef hann er náskyldur eða mægður einhverjum sem er nákominn málinu, hvort sem er blóðskyldur eða með ættleiðingu.

**Skiptir máli að hafa komið að málinu áður?**
Þá telst starfsmaður vanhæfur til meðferðar máls hafi hann áður tekið þátt í meðferð málsins á lægra stjórnsýslustigi. Einnig ef hann, eða venslamenn hans, eiga sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta. Sama á við ef næstu yfirmenn hans hjá hlutaðeigandi stjórnvaldi eiga sjálfir sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta. Verði undirmaður vanhæfur til meðferðar máls verða næstu yfirmenn hans aftur á móti ekki vanhæfir til meðferðar þess af þeirri ástæðu einni.

**Skiptir mikilvægi hagsmuna máli?**
Í 3. grein segir jafnframt að starfsmaður teljist vanhæfur ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu. Eigi er þó um vanhæfi að ræða ef þeir hagsmunir, sem málið snýst um, eru það smávægilegir, eðli málsins er með þeim hætti eða þáttur starfsmanns eða nefndarmanns í meðferð málsins er það lítilfjörlegur að ekki er talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á ákvörðun.



## SPURT OG SVARAÐ

**VANDI SJÁVARÚTVEGSINS**

### *Erfið aðkoma*

Einar K. Guðfinnsson hefur staðið í ströngu frá því að hann tók við embætti sjávarútvegsráðherra. Hátt gengi krónunnar gerir mönnum erfitt fyrir í útflutningi sjávarafurða og hafa Samtök fiskvinnslustöðva skorað á stjórnvöld að bregðast við vandanum.



**EINAR K. GUÐFINNSSON**
Sjávarútvegsráðherra

**Er þetta ekki óheppilegur tími til að gerast sjávarútvegsráðherra?**
Ég hefði nú getað kosið mér heppilegri aðstæður til að taka við þessu embætti en þess ber að minnast að þetta er tímabundið ástand sem nú varir og það vita það allir að þetta háa gengi krónunnar getur ekki haldsist svona til frambúðar. Svo má ekki gleyma því að það eru spennandi tækifæri fram undan í sjávarútveginum.

**Er ekki óhagstætt fyrir minni byggðir að í smábátaflotanum eru bátar að stækka en fækka?**
Nei, ég held ekki. Smábátaútgerðin hefur að mínu mati aldrei verið jafn sterk á nýliðnum árum; veiðirétturinn er gífurlega mikill. En sú þróun hefur orðið að bátarnir hafa verið að stækka og eru orðnir öflugri og í því felast tækifæri fyrir þessar minni byggðir Einnig leiðir þetta til þess að útgerðirnar verða hagkvæmari og sterkari til lengri tíma litið.




# Deilt um hagsmunamörk ríkis og fjölmiðla

**Þýskur rannsóknarblaðamaður á nú yfir höfði sér málsókn fyrir að hafa undir höndum trúnaðargögn úr fórum þýsku rannsóknarlögreglunnar. Málið hefur vakið deilur í Þýskalandi og þykir reyna á hagsmunamörk ríkisvaldsins og fjölmiðla.**



**OTTO SCHILY** Fráfarandi innanríkisráðherra Þýskalands: „Það er ekki hægt að líða að svona at sé gert í ríkinu." FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þann 12. september síðastliðinn réðst hópur lögreglumanna ásamt saksóknara til inngöngu á heimili þýska blaðamannsins Bruno Schirra í bænum Valentinswerder rétt utan við Berlín. Þeir leituðu gagna sem fært gætu sönnur á hver bæri ábyrgð á að leka trúnaðarupplýsingum úr fórum þýsku rannsóknarlögreglunnar (BKA).

Tilefnið var að í grein sem Schirra hafði birt í tímaritinu Cicero er vitnað í slík trúnaðarskjöl. Í húsleitinni, sem einnig náði til ritstjórnarskrifstofa tímaritsins í Berlín, var lagt hald á mikið magn skjala sem Schirra hafði safnað á rannsóknarblaðamannsferli sínum.

**Deilt um mörk hagsmuna ríkis og fjölmiðla**
Um þetta mál hefur nú spunnist mikil deila um hagsmunamörk ríkisvalds og fjölmiðla í Þýskalandi. Málareksturinn beinist eiginlega að óþekktum embættismanni eða -mönnum fyrir brot á trúnaði, en blaðamaðurinn Schirra á yfir höfði sér ákæru fyrir meðsekt. Um þetta skrifar vikuritið Der Spiegel: „Það sem hófst sem áköf leit að svörtum sauðum í eigin röðum [yfirvalda] hefur snúist æ meir upp í herför gegn fjölmiðlum." Og Spiegel bætir við: „Eftir að hafa kembt í gegn um 15 flutningakassa haldlagðra skjala er ríkið orðið forvitið að fá að vita hvaðan blaðamaðurinn Schirra hefur upplýsingar sínar."

Og ríkið er í þessu tilviki Otto Schily, fráfarandi innanríkisráðherra. „Það er ekki hægt að líða að svona at sé gert í ríkinu," hefur Spiegel eftir honum.

> *„Það sem hófst sem áköf leit að svörtum sauðum í eigin röðum [ríkisins] hefur snúist æ meir upp í herför gegn fjölmiðlum."*

Grein Schirra í Cicero, sem varð kveikjan að málarekstrinum, fjallar um umsvif hryðjuverkamanna í Þýskalandi og í henni er vitnað í trúnaðarskýrslu um hryðjuverkaforingjann Abu Mussab al-Zarqawi. Hin hörðu viðbrögð yfirvalda við birtingunni áttu að vera fordæmisgefandi. Að sögn Spiegel þrýstu yfirvöld á um að farið yrði út í umfangsmikla spillingarrannsókn, þar sem rekja skyldi mútugreiðslur sem grunur léki á um að hinir svörtu embættismannasauðir hefðu þegið fyrir að leka trúnaðarupplýsingum til fjölmiðla. Um slíkt kváðust saksóknarar þó ekki hafa fundið neinar vísbendingar.

**Leitin að uppljóstrurum orðin aukaatriði**
Greinin í Cicero birtist 1. apríl og samkvæmt þýzkum lögum um réttindi fjölmiðla fyrnast meint lögbrot af þessu tagi á hálfu ári. Sá frestur rann út um síðustu mánaðamót. En eins og málið hefur æxlast er leitin að svörtu embættismannasauðunum í raun orðin að aukaatriði. Á grundvelli gagnanna sem tekin voru í húsleitinni heima hjá Schirra hefur annarri sakarannsókn verið hleypt af stað vegna gruns um trúnaðarbrot. Sú rannsókn beinist að gögnum um rannsóknina á svonefndu Leuna-hneyksli, sem snerist um meinta spillingu í kring um einkavæðingu austurþýsku olíuhreinsunarstöðvarinnar Leuna.

Þannig er komin upp sú ankannalega staða, að málið sem varð kveikjan að lögreglurannsókn og húsleit – birting tilvitnana í leyniskjöl í Cicero-greininni í vor – er væntanlega fyrnt en svo gæti farið að blaðamaðurinn yrði saksóttur fyrir að hafa undir höndum önnur trúnaðargögn sem hann birti þó aldrei. Og þessi gögn komust í hendur lögreglu sem „meðafli" með þeim gögnum sem þeir fengu húsleitarheimild til að finna.

Eins og að líkum lætur eru margir ósáttir við þennan framgang ríkisvaldsins í Þýskalandi. Volker Beck, talsmaður græningja í innanríkismálum, boðar að þingflokkur græningja muni leggja til að strangari lagalegar hömlur verði settar við því að gera gögn blaðamanna upptæk. Undir þetta sjónarmið hafa þingmenn fleiri flokka tekið. Hins vegar hafa líka heyrst raddir sem kalla á að blaðamönnum sem birta trúnaðargögn sem varða hagsmuni ríkisins verði hiklaust refsað. Þannig mæltist Robert Leicht, fréttaritari vikuritsins Die Zeit og forseti Evangelísku akademíunnar í Berlín, til þess að í Cicero-málinu verði ekki aðeins höfðað mál vegna trúnaðarbrots heldur líka landráða. Með birtingunni hafi tímaritið miðlað „ríkisleyndarmálum" til „hins erlenda afls al-Kaída".



FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

# Vítamíndagar

**30%** afsláttur af öllum vítamínum um helgina.

VISSIR ÞÚ!
Að Hagkaup bjóða upp á gríðarlegan fjölda vöruliða í vítamínum og fæðubótarefnum. Úrvalið er mest í Hagkaupum Kringlunni, minna í öðrum verslunum Hagkaupa.




Gildir til 23. október eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Samningaviðræður Íslendinga og Bandaríkjamanna um framtíð Varnarliðsins sigldu í strand.

## Vonbrigði í Washington

Viðræður Íslendinga og Bandaríkjamanna um veru Varnarliðsins hér á landi virðast hafa siglt í strand, í bili að minnsta kosti, eftir að Íslendingar tilkynntu viðræðunefnd Bandaríkjamanna að þeir myndu ekki mæta til þriðja formlega viðræðufundarins um málið sem fram átti að fara í í Washington á miðvikudaginn. Fréttir um afboðun fundarins hljóta að hafa komið mörgum þeim á óvart sem fylgst hafa með gangi þessara mála á undanförnum misserum. Eftir fund þeirra Davíðs Oddssonar, þá forsætisráðherra, með George Bush Bandaríkjaforseta í Hvíta húsinu í fyrrasumar og síðan fund Davíðs, þáverandi utanríkisráðherra, með Colin Powell, þáverandi utanríkisráðherra, í Washington í nóvember í fyrra héldu menn að málið væri komið í ákveðinn farveg, en svo virðist ekki vera.

*Miðað við núverandi efnahag ættum við að hafa alla burði til þess að standa einir að rekstri flugvallarins, en jafnframt verðum við að gera þá kröfu til Bandaríkjamanna að þeir standi við sinn hlut varðandi varnir landsins. Við annað verður ekki unað.*

Geir H. Haarde, nýskipaður utanríkisráðherra, hefur látið í ljós vonbrigði sín með úrslit mála í Washington á miðvikudag en það er líka ljóst að það hefur verið ákvörðun hans að afboða fundinn eftir að í ljós kom að hann myndi litlu skila. Þetta mál verður því fyrsta prófraun Geirs í nýju embætti, þótt embættismenn hans séu þeir sem fyrst og fremst eiga í beinum viðræðum við sendinefnd Bandaríkjamanna. Forystumaður þeirra er þekktur vestanhafs fyrir að vera beitt í ýmsum erfiðum utanríkismálum Bandaríkjastjórnar, svo það er við ramman reip þar að draga.

Lítið sem ekkert hefur verið látið uppi um efnislegan ágreining landanna í smáatriðum en ljóst virðist að aðalásteytingarsteinninn er kostnaðurinn við veru Varnarliðsins. Bandaríkjamenn hafa nú um nokkurra missera skeið sagt að þeir vilji draga úr kostnaði við dvöl bandarískra hermanna á erlendri grund, auk þess sem áherslur í þessum efnum hafi breyst. Þeir segja að minni þörf sé nú en áður á því að hafa hér bandaríska hermenn með öllu því sem þeim tilheyrir, því ástandið á öðrum stöðum í heiminum kalli á meiri umsvif þar. Íslendingar hafa verið skilningsríkir á þessi sjónarmið Bandaríkjamanna, en þeir verða líka að standa við skuldbindingar sínar gagnvart Íslendingum, ekki aðeins þegar þeim hentar, heldur verða þeir líka að hafa hagsmundi Íslendinga í huga. Það eru reyndar ekki aðeins hagsmunir okkar sem um er að ræða, heldur ekki síður nágrannaþjóðanna sem eru líka í Nató. Hvað segja til dæmis Norðmenn ef Bandaríkjamenn hverfa héðan á brott með svo til alla sína starfsemi?

Heimsmyndin hefur breyst mjög mikið á undanförnum árum, og þá ekki síst varðandi okkur eftir lok kalda stríðsins. Umferð herflugvéla um Keflavíkurflugvöll hefur stórminnkað, jafnframt því sem stöðugt fleiri farþegaflugvélar koma þangað. Þess vegna eigum við Íslendingar að taka mun meiri þátt í rekstri og viðhaldi vallarins. Á sínum tíma reistu Íslendingar og Bandaríkjamenn Flugstöð Leifs Eiríkssonar í sameiningu en síðan hafa Íslendingar staðið einir að stækkun og endurbótum á flugstöðinni, sem er bæði sjálfsagt og eðlilegt. Miðað við núverandi efnahag ættum við að hafa alla burði til þess að standa einir að rekstri flugvallarins, en jafnframt verðum við að gera þá kröfu til Bandaríkjamanna að þeir standi við sinn hlut varðandi varnir landsins. Við annað verður ekki unað.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Mannréttindi

Eitt af áhyggjuefnum hægri manna víða í Evrópu, þar á meðal hér, er að mannréttindahugtakið hafi víkkað um of út á undanförnum árum. Þeir benda á að í stað þess að mannréttindi taki aðeins til hinna klassísku frelsisréttinda séu ýmiss konar félagsleg réttindi orðin æ fyrirferðarmeiri. Viðurkenning þeirra leggi þungar skyldur – og útgjöld – á herðar ríkisins. Í þessu efni hafa hægri menn sérstaklega beint spjótum sínum að Mannréttindasáttmála Evrópu og Mannréttindadómstólnum og talið sig finna þar uppsprettu þessarar þróunar. Sáttmálinn hefur sem kunnugt er lagagildi hér á landi eins og víðar.



### Hafnað

Á nýafstöðnum landsfundi Sjálfstæðisflokksins stóð til að álykta um þetta efni. Með velþóknun Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra var svohljóðandi klausa sett inn í drög að ályktun um réttarfarsmál: „Víkkun mannréttindahugtaksins telur landsfundurinn vera óheppilega enda grefur slík þróun undan hinum raunverulegu réttindum“. Athyglisvert er að það var ekki hljómgrunnur fyrir þessari skoðun á landsfundinum. Í meðförum hans var hún hljóðlega felld út úr ályktuninni. Synd, því ráðherrann var búinn að skipuleggja málstofu um efnið í samvinnu við Háskólann í Reykjavík. Styrkur hefði verið að því að kynna þetta þar sem samþykkt stærsta flokks þjóðarinnar.

### Nýtt átakamál?

Á málstofunni, sem var í gær, var aðalnúmerið kunnur danskur lagaprófessor, Mads Bryde Andersen. Í mars birti hann króniku í Berlingske Tidende, þar sem hann hvatti til þess að lagagildi Mannréttindasáttmálans í Danmörku yrði afnumið. Rök hans voru að dómar á grundvelli sáttmálans væru farnir að hafa áhrif á þjóðfélagsmál umfram það sem ætlast hefði verið til og eðlilegt væri. Björn Bjarnason las greinina og vitnaði til hennar með velþóknun í þingræðu í vor. Hann hefur raunar margoft í ræðum og pistlum á netinu gagnrýnt „tískustrauma frá Strassbourg“ og látið í ljós þá skoðun að dómstólar séu farnir að seilast inn á svið stjórnmála. Kannski er hér í uppsiglingu nýtt átakaefni í stjórnmálum þegar Baugsmál og fjölmiðladeilur eru að baki.

**gm@frettabladid.is**

## Ofleikur í landsfundarleikriti

**Í DAG**
NÝTT FJÖLMIÐLA-FRUMVARP



**BIRGIR GUÐMUNDSSON**

Fyrir nokkrum vikum taldi sá sem þetta skrifar líkur til að umtalsverður óróleiki gæti skapast í Sjáflstæðisflokknum við það að Davíð Oddson hyrfi á braut úr pólitík. Hann hefði einfaldlega verið svo lengi miðpunkturinn í allri pólitík flokksins að tómarúmið sem hann skildi eftir sig myndi óhjákvæmilega skapa pólitíska sviptivinda. Þetta gekk ekki eftir, ekki enn í það minnsta. Pendúllinn í flokknum hefur nefnilega sveiflast algerlega í hina áttina – óttinn við þessa sviptivinda hefur orðið til þess að menn hafa bundið niður allt lauslegt. Sérhver „sannur sjálfstæðismaður“ leggur sig nú í framkróka um að láta foringjaskiptin ganga sem snurðulausast fyrir sig þannig að engir agnúar finnist á umbreytingunni, hvorki gagnvart nýja foringjanum né þeim gamla. Þetta virðist hafa orðið að eins konar sefjun, þar sem áherslan er á að nýi foringinn sé náttúrlegt pólitískt framhald af þeim gamla.

Undirleik í þessu kórverki annaðist svo Morgunblaðið. Í albönskum aukablöðum með drottningarviðtölum við Davíð og ítarlegum frásögnum upp úr ræðum flokksforingja var þess vandlega gætt að leita engra viðbragða við pólitískri stórskotahríð ræðumanna. Ekkert skyldi skyggja á landsfundartilvist þeirra. Við sem unnum á flokksblöðum fyrir nokkrum áratugum hefðum orðið feimnir við að bjóða upp á umfjöllun af þessu tagi í þá daga – en í dag verðum við einfaldlega orðlausir. Hið grátbroslega við uppslætti einræðnanna var að þeir snerust sumir hverjir um misnotkun á fjölmiðlum. Það var þó ekki fyrr en í viðtali við Geir Haarde eftir landsfundinn, að það kom í ljós að stjórnmálaleiðtogarnir, sem einir þöktu síður Morgunblaðsins á meðan á fundinum stóð, töldu það einmitt heiðarlega fréttamennsku að þeir fengju slíkan ræðustól í fjölmiðlum. Geir sagði í viðtaliu að Fréttablaðið (og væntanlega aðrir fjölmiðlar

*„Með því að kúvenda og tefla í tvísýnu sáttinni sem varð í fjölmiðlanefndinni í fyrravor í nafni davíðskunnar einnar, eru bæði formaður og varaformaður flokksins farin að losa um þau reipi sem halda niðri innanflokks vandræðum ekki síður en milliflokka vandræðum.“*

en Morgunblaðið) hafi verið í einhvers konar „málflutningi“ þegar það sló upp viðbrögðum við ræðu Davíðs á forsíðu, í stað þess að segja einfaldlega frá ræðu Davíðs. (Svo virðist sem svipaðar ástæður hafi verið gunnur pirrings Davíðs út í Kastljós Sjónvarps). Væntanlega er nýr formaður Sjálfstæðisflokksins þá þeirrar skoðunar að eðlilega fréttamennskan hefði verið að koma með viðbrögð við ræðu Davíðs tveimur dögum eftir að hún var haldin, líkt og Morgunblaðið gerði?! Vissulega má velta fyrir sér hvort Fréttablaðið hafi fundið ferskasta fréttapunktinn á ræðu Davíðs daginn eftir að allur ljósvakinn hafði sagt frá henni með því að fá viðbrögð Ingibjargar Sólrúnar. Það hlýtur þó í það minnsta að vera auðveldara fyrir fréttastjóra að verja slíkt fréttamat, en það að slá upp tilteknu efnisatriði úr ræðunni sjálfri og birta með fjögurra dálka mynd af Davíð með sigurmerki, eins og Morgunblaðið freistaðist til að gera.

Raunar var þetta fjölmiðlaleikrit forustumanna Sjálfstæðisflokksins í miklu fleiri þáttum og ýmsir leikendur komu þar við sögu, meðal annars menntamálaráðherrann og nýbakaður varaformaður. Undirtónninn var þó alltaf sá sami – að bæta tónum inn í kórsöng landsfundarins um að forustuskiptin væru vel heppnuð. Þótt nýir menn tækju við var mikilvægt að sýna að ekkert tómarúm hefði myndast og sama stefnan og sama festan héldi áfram. Upphafsrullan um fjölmiðlafrumvarpið, sem Davíð Oddson fór með þegar tjaldið var dregið frá, þurfti því að enduróma í nýrri forustu ef samræmt göngulag átti að haldast. Annars hefðu ugglaust einhverjir óvandaðir fjölmiðlar gert sér mat úr átökum sem upp hefðu komið við þessi tímamót.

Í sjálfu sér er ágætt að sjálfstæðismenn skuli ná fram foringjaskiptum í sátt og samlyndi. Fáir ættu að hafa áhyggjur af holum hljómi vandlætingar formanns Sjálfstæðisflokksins vegna fréttamats Fréttablaðsins og annarra fjölmiðla og Morgunblaðið er sjálfu sér verst þegar það í fer í Albaníubúninginn sinn. Hins vegar virðist ýmislegt benda til að leikendur í þessu foringjaskiptaleikriti séu komnir örlítið fram úr sér – þeir séu í raun farnir að ofleika hlutverkin sín og skemma fyrir leikritinu sjálfu. Leikritið átti jú fyrst og síðast að koma í veg fyrir pólitíska sviptivinda í flokknum við brotthvarf Davíðs. Með því að kúvenda og tefla í tvísýnu sáttinni sem varð í fjölmiðlanefndinni í fyrravor í nafni davíðskunnar einnar, eru bæði formaður og varaformaður flokksins farin að losa um þau reipi sem halda niðri innanflokks vandræðum ekki síður en milliflokka vandræðum. Með hjálp Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra virðist víma landsfundarleikritsins þó byrjuð að rjátlast af fólki og fjölmiðlaskýrsla vorsins trúlega orðinn grundvöllur lagasetningar um fjölmiðla. Enda væri annað glapræði.


HOLTAKRÁIN

Föstudagskvöld
Trúbadorakvöld
og Idol á risaskjá
ENSKI BOLTINN
Á risaskjá!



Frítt inn!
Laugardagskvöld
Hljómsveitin Vírus spilar

Kirkjustétt 2-6, Grafarholti S. 567 8197
opið: Mán.-Fim. 18:00-23:30 Laugardaga 11:30-03:00
Föstudaga 18:00-03:00 Sunnudaga 11:30-23:30



MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna viðskiptablaðið




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

# Bókaútsala

## í Spöng, Skeifu, Smáralind, Kringlu og á Akureyri




*Súpur*
*Forréttir og smáréttir*
*Grænmetisréttir*
*Salöt, pasta og korn*
*Fiskur og skelfiskur*
*Kjöt*
*Fuglakjöt*

*Sósur*
*Eftirréttir*
*Kökur*
*Brauð*
*Súrt og sætt*
*Drykkir*

Matreiðslubók Nönnu er óþrjótandi brunnur uppskrifta hvort sem leitað er að gömlu, góðu réttunum frá mömmu og ömmu, léttum hversdagsmat eða nýstárlegum veisluréttum úr fjarlægum heimsálfum. Í bókinni eru hátt á fjórða þúsund uppskriftir af öllu tagi, alþekktar jafnt sem óvenjulegar.

Hér má finna ljúfmeti og leyndardóma matgerðarlistarinnar, allt sem hugurinn girnist; uppskriftir, leiðbeiningar og hugmyndir sem allir geta nýtt sér.



Kynjaverur í Kverkfjöllum



Tsatsiki og pápi



Grautardallssaga



Rúna-Trúnaðarmál



Leyndardómur smaragðsaugans



Bókin með svörin um ástina



Draumar



Draumar barna og merking þeirra



Djúpríkið



Þeir tóku allt, meira að segja..



101 hollráð til að grennast



Heilsubók konunnar



Betra bak



Burt með verkina



Þú getur ennþá grennst og breytt um lífsstíl



Qeer eye for the straight guy



Qeer eye for the straight guy



Íslenska bílaöldin



Formúla 1



Hið þögla stríð

Gildir til 31. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

*Skemmtilegast að versla*

# Landsbyggðin og skerðing stúdentsprófsins

**GUÐMUNDUR J. GUÐMUNDSSON**
SKRIFAR UM FRAMHALDSSKÓLA

*„Landsbyggðarþingmenn hafa enn sem komið er verið lítt áberandi í umræðunni um skerðingu stúdentsprófsins. Hver er afstaða þeirra og hver er afstaða sveitarstjórnarmanna?“*

Eitt af þrástefjunum í málflutningi menntamálaráðherra í umræðunni um skerðingu stúdentsprófsins er að mikilvægt sé að gefa unglingum á landsbyggðinni kost á að sækja nám í heimabyggð eins lengi og kostur sé. Því sé nauðsynlegt að skerða stúdentsprófið en ekki endurskipuleggja grunnskólann þótt allar tölur og öll rök sýni að það sé vænlegri kostur, ef á annað borð er ástæða til að stytta námstíma til stúdentsprófs.

Einn mikilvægasti þátturinn í skerðingaráformunum er að færa 12 einingar af námsefni í íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði úr framhaldsskólunum niður í grunnskólann. Þetta er í sjálfu sér ekki svo slæm hugmynd en ef þessar einingar verða færðar niður í grunnskólann verður að gera auknar kröfur um fagþekkingu grunnskólakennara, sambærilegar kröfur og gerðar eru til framhaldsskólakennara. Ýmsir grunnskólar í þéttbýli eru nú þegar svo vel mannaðir að þeir gætu strax næsta haust hafið kennslu í þessum áföngum en þegar litið er til landsbyggðarinnar horfir málið öðru vísi við. Þar er því miður víða skortur á fullmenntuðum réttindakennurum í grunnskólunum og það er án efa ein af ástæðum þess að unglingar af landsbyggðinni standa lakar að vígi þegar í framhaldsskóla er komið en jafnaldrar þeirra úr þéttbýli. Þetta vandamál verður enn alvarlegra þegar þeir grunnskólar sem þegar standa höllum fæti hvað menntaða kennara varðar þurfa að hefja kennslu í framhaldsskólanámsefninu sem fært verður til þeirra. Umhyggja ráðherrans fyrir landsbyggðarbörnunum fær því holan hljóm þegar málið er skoðað ofan í kjölinn.

Lausnir ráðuneytisins á menntunarmálum grunnskólakennaranna eru svo kapítuli út af fyrir sig. Að halda því fram að „redda“ megi þessum þætti málsins með nokkurra vikna sumarnámskeiði sýnir ógnvænlega vanþekkingu og skilningsleysi á því starfi sem fram fer í framhaldsskólunum auk þess að vera móðgun við framhaldsskólakennara sem búnir eru að leggja á sig fjögurra til sjö ára háskólanám til að geta staðið sem skyldi að kennslu í þessum áföngum. Um viðhorf ráðuneytisins gagnvart þeim unglingum sem eiga að njóta þeirrar kennslu sem námskeiðskennararnir eiga að inna af hendi þarf ekki að hafa mörg orð. Sveitarfélög á landsbyggðinni munu því, ef skerðingin kemur til framkvæmda, standa frammi fyrir enn stærri vanda í skólamálum en nú er til staðar. Annaðhvort verða þau undir í baráttunni um nægilega menntaða kennara til að kenna þessa áfanga eða þau þurfa að taka á sig stórfelldan kostnað til að fá fagkennara til starfa - en það verður vandamál sveitarfélaganna, ekki ríkisins, og þar erum við líklega komin að kjarna málsins.

Landsbyggðarþingmenn hafa enn sem komið er verið lítt áberandi í umræðunni um skerðingu stúdentsprófsins. Hver er afstaða þeirra og hver er afstaða sveitarstjórnarmanna? Er landsbyggðarþingmönnum kannski sama þótt umbjóðendur þeirra standi sífellt verr að vígi innan skólakerfisins og láta sveitarstjórnarmenn sig það litlu skipta þótt ríkisvaldið velti í auknum mæli kostnaði af skólakerfinu yfir á sveitarfélögin?

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

# Til móts við eldri borgara

**UMRÆÐAN**
MÁLEFNI ELDRI BORGARA



**HJÁLMAR ÁRNASON**
ALÞINGISMAÐUR

Fagna ber þeirri umræðu sem orðið hefur um málefni eldri borgara allra síðustu misseri. Allt of lengi hafa kerfislæg vandamál nánast þvingað marga eldri borgara frá virkri þátttöku í atvinnulífinu. Þannig má segja að „kerfið“ í allri sinni dýrð nánast rífi af eldri borgurum bróðurpartinn af þeim launum sem þeir kunna að vinna sér inn. Þetta hlýtur að vera vitlaust kerfi. Bæði vegna viðbragða þess við sjálfsbjargarviðleitni einstaklinga en ekki síður vegna þess að samfélagið þarf á vinnufúsum höndum að halda. Nú stefnir í breytingar til batnaðar því ekki verður betur séð en pólitísk samstaða sé að nást um breytingar.

Með bættri heilsu og velferð þjóðarinnar eru stöðugt fleiri einstaklingar, sem ná 67 ára aldri, í fullu fjöri og hafa vilja til að sinna störfum í atvinnulífinu. Bæði vegna þess að það er gefandi í sjálfu sér og þannig nær fólk einnig að umgangast annað fólk - maður er manns gaman. Hætt er við að einstaklingur, sem dæmdur er út af vinnumarkaði, einangrist og glati lífsgleðinni. Heilsu hans hrakar fljótt og fyrr en varir er hann orðinn hluti af heilbrigðiskerfinu. Í stað þess að skapa verðmæti í þjóðarbúið kann þessi einstaklingur að verða „kostnaður“ fyrir samfélagið. Það felst einfaldlega mannleg reisn í því að opna fyrir sveigjanleg starfslok en er jafnframt þjóðhagslega hagkvæmt.

Í þeirri þenslu, sem á sér stað í atvinnulífinu, þurfum við á öllum tiltækum starfskröftum að halda. Sé horft til framtíðar má ljóst vera að barneignum fer fækkandi. Ungt fólk sækir sér í vaxandi mæli menntun og leitar eftir starfsframa. Rétt eins og í grannlöndum okkar leiðir sú þróun til færri barna á hverja fjölskyldu. Þegar fram í sækir má ljóst vera að færri hendur verða í boði fyrir atvinnulífið. Þess vegna blasir við hversu mikilvægt er að opna fyrir sveigjanleg starfslok þar sem einstaklingar geta ráðið því betur hvenær þeir vilja draga sig í hlé af vinnumarkaði í stað þess að nánast þvinga hressa manneskju út af markaði fyrir aldurs sakir. Þjóðfélagið þarf einfaldlega á þessum kröftum að halda. Þess vegna má segja að hið fjandsamlega kerfi í dag vinni bæði gegn mannlegri reisn eldri borgara sem og hinum þjóðhagslegu hagsmunum.

Eldri borgarar hafa ötullega bent á fáránleika kerfisins eins og hann blasir við þeim í dag. Sú barátta virðist vera að bera þann árangur að pólitísk samstaða sé að skapast um að opna fyrir sveigjanleg starfslok. Ætla má að innan skamms líti frumvarp þessa efnis dagsins ljós - innihaldandi nauðsynlegar réttarbætur til eldri borgara.

Þar með ætti að nást í höfn eitt brýnasta baráttumál þessa mikilvæga hóps.



# Hjá okkur færðu gæðin alltaf á góðu verði




DekaCryl 7 innimálning 10L kr. **2.679,-**



**FÁANLEG Í ÖLLUM LITUM**

100% Akrýlmálning

**LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAR-VÖRUM**

**MÚRBÚÐIN**

*Byggingavöruverslunin í Árbænum*

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

# Nýsköpun í átt til áframhaldandi sóknar

**UMRÆÐAN**
NÝSKÖPUN



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR**
IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA

Reglulega birtast okkur niðurstöður hinna ýmsu kannana þar sem borinn er saman árangur þjóða heims á fjölmörgum sviðum og eiga þær það sammerkt að Ísland er ávallt í fremstu röð. Á nýjum lista Sameinuðu þjóðanna þar sem ríkjum heims er raðað eftir lífskjörum og ríkidæmi er Ísland í 2. sæti. Í IMD-könnun viðskiptaháskólans í Sviss er Ísland í 4. sæti á lista yfir samkeppnishæfustu þjóðir heims í samanburði 60 landa og í efsta sæti í Evrópu. World Economic Forum mælir samkeppnisstöðu 117 hagkerfa fyrir árið 2005. Þar er Ísland í 7. sæti og hefur hækkað um 18 sæti síðan árið 1995. Svona mætti lengi halda áfram.

Viðamikill þáttur í þessum góða árangri, ekki síst bættri samkeppnisstöðu Íslands, er sú áhersla sem lögð hefur verið á aukna nýsköpun á undanförnum árum. Ríkisstjórn Íslands hefur sýnt vilja sinn til þessara mála í verki og ákvað m.a. nú nýlega að auka eigið fé Nýsköpunarsjóðs um allt að 2,5 milljarða króna í áföngum til ársins 2009. Í ár fær sjóðurinn einn milljarð sem verður varið til sprotafyrirtækja í samræmi við lögbundið hlutverk sjóðsins og ákvarðanir stjórnar. Á árunum 2007-2009 fær sjóðurinn allt að 1,5 milljarða króna í viðbótarframlag til að standa undir hlutdeild sinni í stofnun sameignarsjóðs Nýsköpunarsjóðs, lífeyrissjóða og annarra fjárfesta í sprotafyrirtækjum.

Þá má einnig minnast á Tækniþróunarsjóð sem varð til árið 2004 en hlutverk sjóðsins er að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Tækniþróunarsjóður er rekinn af Rannís samkvæmt samningi við iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið. Hann mun gegna veigamiklu hlutverki því segja má að með tilkomu hans hafi náðst samfella í opinberum stuðningi við ferlið frá því að hugmynd að vísindarannsóknum verður til og fram til þess að ný söluhæf afurð er tilbúin til markaðssetningar. Úthlutað var úr sjóðnum í fyrsta sinn árið 2004 en þá voru 200 milljónir kr. til ráðstöfunar. Framlag til Tækniþróunarsjóðs úr ríkissjóði mun fara stigvaxandi og miða áætlanir að því að 500 milljónir kr. verði til ráðstöfunar úr sjóðnum árið 2007. Bind ég miklar vonir við að þessar breytingar á umhverfi og fjármögnun nýsköpunar og sprotafyrirtækja skili sér í formi aukins frumkvöðlastarfs og endurnýjunar í atvinnulífinu.

Ef einhver heldur að þetta séu eintómar tilviljanir, þá er það mikill misskilningur. Góð samkeppnisstaða Íslands byggir á réttum ákvörðunum sem m.a. hafa verið teknar af stjórnmálamönnum. Þegar á heildina er litið má segja að Ísland og Íslendingar hafi á undanförnum árum borið gæfu til að stórauka þátttöku sína í alþjóðavæðingu heimsins, á grunni bættra starfsskilyrða og aukinnar samkeppnishæfni. Þetta hefur skilað sér í meiri verðmætasköpun, atvinnu og bættum lífskjörum. Svo mun verða enn um sinn ef við höldum vel á spöðunum og nýtum kraft og þekkingu þjóðarinnar allrar.

AUGLÝSTU
EFTIR STARFSFÓLKI
Á RÉTTUM STAÐ

Þú nærð til rúmlega helmingi fleiri Íslendinga á aldrinum 20–40 ára með því að auglýsa í atvinnublaði Fréttablaðsins frekar en atvinnublaði Morgunblaðsins.




Lestur sunnudaga*
Á sunnudögum fylgja bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sérblöð inni í aðalblöðunum sem fjalla um atvinnumál. Rúmlega 60% 20–40 ára Íslendinga fletta ekki sunnudagsblaði Morgunblaðsins. Láttu ekki fyrirtæki þitt verða af góðum starfsmanni með því að auglýsa á röngum stað.

allt - atvinna

*20–40 ára Íslendingar. Gallup júní 2005.

# *Stórsókn í fjarskiptamálum*

**UMRÆÐAN**
FJARSKIPTASJÓÐUR



**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR**
ALÞINGISMAÐUR

Þegar þingmenn Framsóknarflokksins samþykktu framlagningu stjórnarfrumvarps um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf. var lögð áhersla á að byggja upp fjarskiptakerfi um land allt og að flestir landsmenn hefðu aðgang að sambærilegri þjónustu fyrir sama verð og að sjálfstæður sjóður yrði stofnaður í því sambandi. Nú, með ráðstöfun á söluandvirði Símans hefur Fjarskiptasjóður verið stofnaður sem fyrir almenning jafngildir aðgengi að háhraðatengingu, aðgengi og virkri þátttöku í upplýsingasamfélaginu sem er sífellt mikilvægari grunnþáttur í nútímalífsmáta og góðum búsetuskilyrðum.

Aðgengi að háhraðatengingum hérlendis er með því besta í heiminum. Notkun farsíma er einnig með því mesta sem þekkist. Netnotkun er óvíða eins útbreidd og hér á landi. Um 81% einstaklinga notuðu netið á Íslandi, árið 2004, í nágrannalöndunum er það frá 66%-77% og að meðaltali 50% í ESB. Nær öll fyrirtæki hérlendis eru nettengd samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar þó ekki sé alltaf um háhraðatengingar að ræða. Tölvu-, farsíma-, og netnotkun er orðin órjúfanlegur hluti af daglegu lífi flestra Íslendinga. Þessi þróun á sér þó mjög stutta sögu sem sýnir þá stórsókn sem ríkt hefur í fjarskiptamálum á Íslandi. Um 16 ár eru síðan stafrænt samband, m.a. fyrir internetið, var opnað til útlanda en einungis tveimur árum áður hafði gagnaflutningsnet verið opnað hér á landi. 11 ár eru síðan GSM-farsímakerfið var tekið í notkun hér og Cantat-sæstrengurinn opnaður. 7 ár eru liðin síðan samkeppni hófst í GSM-þjónustu. Þrátt fyrir mikla útbreiðslu farsímaþjónustu hérlendis er samband víða gloppótt meðfram þjóðvegum, á ferðamannastöðum, í minni byggðarlögum og á meginhluta hálendisins sem veldur óþægindum og óöryggi en GSM-farsímaþjónusta hefur hingað til ekki verið byggð upp á þeim stöðum þar sem það hefur ekki verið talið arðbært. Mikilvægt er því talið að þétta GSM-farsímanetið og bjóða öllum almenningi jafnframt aðgang að háhraðaneti.

Gera má ráð fyrir að allt að 5% heimila í landinu séu staðsett utan þessa kerfis. Vandi þessa hóps verður eins og staðan er nú, aðeins leystur til framtíðar með stuðningi stjórnvalda s.s. á grundvelli nýja Fjarskiptasjóðsins. Í fjarskiptaáætlun fyrir árin 2005-2010 sem samþykkt var nýlega á Alþingi, segir að allir landsmenn sem þess óska hafi aðgang að háhraðatengingu árið 2007 og að GSM-farsímaþjónusta verði aðgengileg á þjóðvegi 1 og öðrum helstu stofnvegum, á helstu ferðamannastöðum og minni þéttbýlisstöðum. Nú þegar hefur verið ákveðið að leggja 1000 milljónir til verkefnisins á þessu ári og eftirstöðvarnar, 1500 milljónir koma síðan með jöfnum greiðslum á árunum 2007-2009. Með sölu ríkissjóðs á Símanum og tilkomu Fjarskiptasjóðs er hægt er tryggja að sem flestir landsmenn eigi aðgang að sambærilegri fjarskiptaþjónustu í fyrsta gæðaflokki. Slík niðurstaða er í takt við vilja Framsóknarflokksins allt frá upphafi söluferils Landssímans.

# Menningarstefna í verki

**UMRÆÐAN**
ICELAND
AIRWAVES



**STEFÁN JÓN HAFSTEIN**
BORGARFULLTRÚI

*„Það er gaman að vera í Reykjavík þessa dagana og verða vitni að kraftmestu uppskeruhátíð íslenskrar tónlistar.“*

Það er gaman að vera í Reykjavík þessa dagana og verða vitni að kraftmestu uppskeruhátíð íslenskrar tónlistar. Hátíðin Iceland Airwaves er nú haldin í sjöunda sinn og Reykjavíkurborg hefur verið dyggur bakhjarl hennar síðastliðin 4 ár. Markmið hátíðarinnar eru tvíþætt: Að kynna íslenska tónlist á heimavelli fyrir erlendum fjölmiðlum og útgefendum með aukna útrás íslenskrar tónlistar að leiðarljósi.

Hitt er ekki síður mikilvægt - að markaðssetja Reykjavík sem skemmtilegan og menningarlegan ferðamannastað utan hefðbundins ferðamannatíma og höfða til ungs fólks sem framtíðarferðamanna í Reykjavík. Reykjavíkurborg stóð einnig að stofnun sjóðsins Reykjavík Loftbrú, sem segja má að hafi sprottið úr sama jarðvegi og Iceland Airwaves. Sjóðurinn, sem brátt mun senda þúsundasta íslenska tónlistarmanninn utan til að kynna íslenska tónlist, hefur reynst mikilvægur byr í segl menningarútrásarinnar frá Reykjavík. Icelandair hefur með framsýni og metnaði komið hátíðinni á legg og framkvæmdaaðilarnir hjá Hr. Örlygi bætt í á hverju ári.

Víðtæk markaðssetning á Iceland Airwaves hefur farið fram í samvinnu helstu aðstandenda og Útflutningsráðs og er sú vinna að skila góðum árangri. Mikill fjöldi erlendra gesta; fjölmiðlamanna, aðila úr menningarlífi og almennra tónleikagesta, hefur sótt hátíðina heim á umliðnum sjö árum. Fulltrúum erlendra fjölmiðla fjölgar ár frá ári og bera þeir hróður íslensks tónlistarfólks og Reykjavíkur út til allra helstu markaðssvæða okkar. Það má fullyrða að í Reykjavík sé nú staddur mesti fjöldi erlends fjölmiðlafólks sem sótt hefur menningarviðburð. Iceland Airwaves hleypir skemmtilegu lífi í miðborgina og hefur afar jákvæðu hlutverki að gegna gagnvart ungu fólki; jafnt þeim fjölmörgu sem leggja stund á tónlist og hinum sem njóta hennar.



Fjölmörg dæmi frá fyrri hátíðum sýna að efnilegir tónlistarmenn hafa fengið mikilvæga hvatningu og kynningu í gegnum þátttöku í Iceland Airwaves. Með samstarfssamningi sínum styður Reykjavíkurborg yfirlýst markmið aðstandenda Iceland Airwaves um að styrkja hátíðina enn frekar í sessi og auka markaðssókn menningarborgarinnar Reykjavíkur á erlendri grund. Gleðilega hátíð.

*Höfundur er formaður menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkur.*

Full búð af nýjum útsöluvörum

30-70% afsláttur

ÚTSÖLUMARKAÐUR

Faxafeni 12, 108 Reykjavík, Opið 10-18 virka daga og 10-16 laugardaga, www.66north.is

66° NORÐUR

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.36 | 13.12 | 17.47 |
| Akureyri | 8.31 | 12.57 | 17.22 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

**matur** o.fl.
**SAMLOKUR**
Girnilegar við öll tækifæri BLS. 2





**tilboð** o.fl.
**RÝMINGARSALA**
Penninn selur húsgögn
BLS. 6





FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL


*Góðan dag!*

Í dag er föstudagurinn 21. október, 294. dagur ársins 2005.

## KRÍLIN






## SMÁAUGLÝSINGAR

**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar



**SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000**

**ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is**

vísir






Þorleifur Gunnlaugsson með það sem þarf í hunagsgljáða hafragrautinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sérstakur hafragrautur

***Þorleifur Gunnlaugsson hefur gaman af mat og matseld. Hann eldar sérstakan hafragraut í ferðalögum sínum og vekur mannskapinn með gítarspili og söng.***

Það er ekki komið að tómum kofunum hjá Þorleifi Gunnlaugssyni þegar matur er annars vegar. Hann eldar kannski ekki óskaplega oft en hefur mjög gaman af því að borða. „Ég get stært mig af því að konan mín er listakokkur. Hún hefur meira að segja náð þeirri fullkomnun að gera jafn góðan hrygg og móðir mín gerði og þá er mikið sagt!“ segir Þorleifur, sem hefur þó eldað jólamatinn síðustu ár þar sem konan hans hefur þurft að vinna. „Ég var með rjúpur þar til það mátti ekki lengur. Strákurinn minn tók upp á því að gerast grænmetisæta, en borðar raunar kjúkling, og við höfum því nokkrir vinirnir eldað hnetusteik síðustu skipti. Það er mikil kúnst.“

Þorleifur á sér eina uppskrift sem er algjörlega hans eigin og enginn annar gerir. Hann var svo örlátur að gefa blaðamanni þessa dularfullu uppskrift sem sjá má á næstu síðu blaðsins. „Uppskriftin mín heitir Hunangsgljáðir hafrar í eplasoja. Ég geri hana alltaf í sumarbústöðum og veiðihúsum sem við stundum mikið og þá kemst enginn undan því að borða hana,“ segir Þorleifur, sem vaknar venjulega fyrstur í ferðalögunum og beitir þá sérstökum brögðum til að vekja mannskapinn. „Ég reyni að búa til skarkala með pottinum og sleifinni. Ef það gengur ekki vel, því ég vil auðvitað að fólk komi og borði morgunmat, þá tek ég gítarinn og syng nokkur hress morgunlög við misjafnar vinsældir,“ segir Þorleifur.

Þorleifur hefur fastar venjur í hádeginu. „Við vinirnir hittumst alltaf í Kvosinni í hádeginu. Um þessar mundir förum við aðallega á Póstbarinn, sem er með mjög fína fiskrétti. Svo endum við alltaf á Kaffibrennslunni því þar er besta kaffið,“ segir Þorleifur, sem gerir þó fleira en að borða. Hann er þriðji maður á lista Vinstri grænna til borgarstjórnarkosninga og er að undirbúa landsfundinn sem verður í kvöld. Þá hefur hann auðvitað tekið að sér að skipuleggja landsfundargleðina og ætlar að bjóða upp á indverskan mat, búlgarska tónlist og ekta magadans.


mariathora@frettabladid.is


## LIGGUR Í LOFTINU

**MATUR TILBOÐ**

**Tilboð.net heimasíðan er** öflugt tæki í tilboðsleit. Hægt er að fá send til sín tilboð á tölvupósti sem eru á manns áhugasviði. Tilboðstilkynningarnar ná yfir allt milli himins og jarðar. 534 fyrirtæki hafa skráð tilboð á tilboð.net.

**Austfirskt lambakjöt** er nú til sölu á netinu. Á vefsíðu austurlamb.is er hægt að panta lambakjöt frá Austurlandi og borga með kredit eða gíró. Tíu bæir selja Austur-lambakjötið og eru umsagnir viðskiptavina góðar. Hver pöntun er afhent í öskjum merktum Austurlambi og viðkomandi framleiðanda. Kjötið verður sent til næstu afgreiðslu Landflutninga.



**Nettó er með tilboð** á hamborgarhryggjum. Fjörutíu prósenta afsláttur er við kassa. Einnig er Nettó með tilboð á humri og lærissneiðum frá Goða. Ýsubitarnir eru líka á tilboði og gómsætir eplatilboðsdagar. Tilboðin gilda til 23. október á meðan birgðir endast.

**Rauðará**, veitingahúsið kunna við Rauðarárstíg, býður vel til borðs þessa dagana. Veitingastaðurinn býður humar og steik, þriggja rétta máltíð á innan við fimm þúsund krónur.

**Snyrtivörudagar** eru nú víða um bæinn. Kynningar standa yfir á ýmsum vörumerkjum. Faglærðar konur aðstoða ófaglærðar við beitingu á penslum og val á púðri. Flestir framleiðendurnir bjóða viðskiptavinum sínum upp á gjafakörfur í kaupbæti.




# ...snertu viðkomandi...

*Flestir þekkja einhvern sem glatað hefur stafrænum ljósmyndum þegar harður diskur hrynur eða tölvu stolið.*

***Ekki láta það henda þig!***

*Það hefur aldrei verið auðveldara að koma stafrænum myndum á varanlegt form.*

*Þú kemur með myndirnar, á CD diski, minniskorti, minnislykli o.fl., skoðar þær og velur með því einu að snerta viðkomandi mynd. Myndirnar eru svo framkallaðar á* ***Fujifilm Crystal Archive****, endingarbesta ljósmyndapappír í heimi!*



*Minningar dofna.... Myndirnar ekki.*

Fujicolor Crystal Archive Paper

FUJIFILM FRAMKÖLLUN UM ALLT LAND

FUJIFILM LJÓSMYNDAVÖRUR DIGITAL IMAGING SERVICE

Skipholti 31, sími 568-0450 www.fujifilm.is

**Skemmtilegt**
getur verið að fjárfesta í matreiðslubókum með uppskriftum frá framandi löndum og prófa eitthvað nýtt. Úrvalið af matreiðslubókum og hráefni hefur nefnilega stóraukist hér á landi síðustu ár.



## GALLO: Lækkað verð á vinsælu kassavíni




Vín frá Gallo hafa verið feikivinsæl á Íslandi um árabil. Ein söluhæsta lína af vínum frá fyrirtækinu heitir Sierra Valley. Kassavín úr þrúgunum cabernet sauvignon og chardonnay hafa fengist hér um nokkurt skeið við miklar vinsældir og nú hefur verið ákveðið að lækka verð á vínunum um 100 kr. í vínbúðunum. Einnig er komið í vínbúðirnar kassavín úr þrúgunni white grenache og fæst það í flestum stærri vínbúðum. Þrúgurnar í Sierra Valley-vínunum koma frá Central Valley í Kaliforníu en dalurinn liggur við fætur hins goðsagnakennda fjallagarðs Sierra Nevada. Þar skín sólin allt árið um kring og hitinn getur orðið mikill á daginn en kólnað svo mjög á nóttunni og hentar þetta loftslag afar vel til að framleiða ávaxtarík og frískleg vín. Sierra Valley-vínlínan er breið og fjölbreytileg. Andstæðurnar í loftslaginu endurspeglast í vínunum. Rauðvínin eru með sólbökuðum berjakeim en hvítvínin eru frískleg og hressandi. Vínin eru ódýr og auðdrekkanleg og henta vel í boð og með fjölbreyttum mat.

E&J Gallo Sierra Valley Chardonnay er ferskt vín með keim af grænum eplum, sítrónu og límónu.

Lækkað verð í vínbúðum 3.490 kr.



Fjölkornabrauð, kjúklingaálegg, grandsalat, tómatar, pitsusósa frá Hunt's.



Baguette-brauð, Crema di peperoni-mauk frá Rustichella, grandsalat, paprika, tómatar og gúrka.



Heilhveitibrauð, skinka, ostur, paprika, skinkusmyrja og grandsalat.



Heilhveitibrauð, grandsalat, létt sinnepssósa, spægipylsa, egg og paprika.

# Girnilegt í nestispakkann

***Samlokur eru vinsælar í nestispakkann bæði í skólann og vinnuna.***

Grænmeti er vel til þess fallið að auka fjölbreytnina í samlokunum í nestispakkanum, gera samlokuna bæði ferska og girnilega. Hér eru nokkur dæmi um hvernig búa má til hollar og góðar samlokur fyrir stóra sem smáa.



Munkabrauð, mysingur, rifin gulrót, grandsalat, gúrka og ostur.






Réttir kvöldsins

Fordrykkur í boði hússins

M/ þriggja rétta seðlinum Canasta Cream

| Forréttur | verð f/ einrétta | verð f/ þriggja rétta máltíð |
|---|---|---|
| Humarsúpa<br>m/ rjómatoppi og hvítlauksbrauði | kr. 850 | |
| **Aðalréttir** | | |
| Smjörsteiktur skötuselur<br>m/ hvítvínssósu, grænmeti og bakaðri kartöflu | kr. 2.950 | kr. 3.890 |
| Lambafillet<br>m/ sherrybættri sveppasósu, grænmeti og bakaðri kartöflu | kr. 2.980 | kr. 3.890 |
| Nautalundir<br>m/chateaubriandsósu, grænmeti og bakaðri kartöflu | kr. 3.150 | kr. 3.990 |
| **Eftirréttur** | | |
| Súkkulaðifrauð | kr. 690 | |

Tilboðin gilda öll kvöld

Borðapantanir í síma 562 1988

Veitingahúsið Madonna / Rauðarárstíg 27 / www.madonna.is




**uppskrift }**

## Hunangsgljáðir hafrar í eplasoja

AÐ HÆTTI ÞORLEIFS GUNNLAUGSSONAR MATGÆÐINGS

(Fyrir 2)
2 bollar lífrænt ræktaðir grófvalsaðir hafrar
4-4,3 bollar vatn
Hágæðahunang frá býflugum sem ræktaðar eru á lífrænum ökrum (De Rit)
Eplasojamjólk

Lýsing: Hafrar og vatn sett í pott og látið sjóða hægt í nokkrar mínútur. Grauturinn settur á disk, tæpri matskeið af hunangi komið fyrir í miðjunni og látið sökkva. Eplasojamjólk hellt á barmana eftir smekk.






Sigurður Reynaldsson með glóðvolgt eintak af nýjustu matreiðslubók Hagkaupa.

# Einfaldur veislumatur

***Í nýjustu Matreiðslubók Hagkaupa leggur landslið matreiðslumeistara til uppskriftir.***

Það er hefð fyrir því að Hagkaup gefi út matreiðslubók fyrir jólin og árið í ár er engin undantekning. Sigurður Reynaldsson, innkaupastjóri matvöru hjá Hagkaupum, segir bókina í ár snúast um veislur. „Að þessu sinni leituðum við til landsliðs matreiðslumeistara og ákváðum að taka í þessari bók nýjan vinkil á veislumat sem er samt eldaður á einfaldan hátt. Við höfum áður gefið út veislubók sem naut gríðarlegra vinsælda en fókusinn í þessari bók er á það hráefni sem selst mest í verslunum í dag,“ segir Sigurður.

Sigurður segir að meira sé um kjötrétti en fiskrétti í þessari bók þar sem síðasta bók snerist eingöngu um fisk en auðvitað megi finna nokkra forrétti og eftirrétti líka í bókinni.

„Stóra áskorunin fyrir landsliðið var að búa til uppskriftir sem kokkurinn á heimilinu ræður við að elda. Ekki sýna hvað þeir eru klárir heldur hvernig þeir nota hráefni sem heimiliskokkurinn er vanur að nota. Menn eiga ekki að verða hræddir þegar þeir opna bókina.“ Bókin er þegar tekin að streyma inn í verslanir Hagkaups.

# ART DE VIVRE:
## *Listin að lifa í frönsku Katalóníu*

Art de Vivre er sólargeisli frá frönsku Katalóníu, Le Roussillon, einu af elstu, þurrustu og heitustu vínhéruðum Frakklands. Vín með góða fyllingu, mikinn ilm og gott bragð sem passar með flestum mat. Art de Vivre er frá fyrirtækinu Les Vignerons Catalans og í víninu eru þrúgur frá ekrum á bestu svæðum héraðsins. Þrúgurnar eru unnar með „Plaisir“ í huga. Vínið er úr carignan, mourvèdre, grenache og syrah og ber A.O.C heitið : Côtes du Roussillon.

Það er ávaxtaríkt, með kirsuber, sólber, rifsber og milda eik. Mjúkt og þægilegt að drekka eitt og sér eða með ostum og kjötréttum. Eftirbragðið er langt og drjúgt. Einstaklega gott veisluvín. Hér er á ferðinni vín sem er ekki „bara“ merlot né „bara“ syrah! Þrúgurnar fjórar gefa flókið bragð sem skapa persónuleika vínsins.

Vín frá Roussillion verða kynnt sérstaklega á Roussillon-dögum á veitingastaðnum Vox sem standa yfir um helgina. Boðið er upp á fimm rétta matseðill sem unnin er af Gilles Bascou og Hákoni Má Örvarssyni, matreiðslumeistara á Vox. Meðal annars verða í boði ansjósur frá Collioure, Ollada eða saltfiskur með andalifur, geitaostur frá Roussillon og fleira góðgæti þaðan og auðvitað mikið úrval vína frá héraðinu, meðal annars styrktu vínin Banyuls og Rivesaltes og hin frægu léttvín frá Collioure og Côtes du Roussillon. Um síðustu helgi voru þrúgur frá Roussillon pressaðar hér á landi í tengslum við Norðurlandamót vínþjóna og stendur til að vínið verði selt á uppboði á vínsýningu í Smáralind í nóvember. Allur hagnaður mun renna til Umhyggju, félags til stuðnings langveikum börnum.

Verð í vínbúðum er 1.290 kr. í 750 ml flöskum og 533 kr. í 250 ml flöskum.




## bækur }




### Handhægar matreiðslubækur

ALTUNGA EHF. Á AKUREYRI HEFUR GEFIÐ ÚT FJÓRAR LITLAR MATREIÐSLUBÆKUR MEÐ FJÖLBREYTTUM UPPSKRIFTUM.

Matreiðslubækurnar fjórar heita Máltíð í skál, Fitusnauðir aðalréttir, Súpa í hvelli og Kokkteilar og partídrykkir. Höfundur þeirra, Anne Wilson hefur viðað að sér uppskriftum alls staðar að úr heiminum, frá Ítalíu, Spáni, Kína og Indlandi svo eitthvað sé nefnt.

Uppskriftirnar í bókinni eru einfaldar og upplýsingar um næringargildi fylgja þeim öllum. Hver bók er 64 síður í litlu og handhægu broti. Þær fara til dæmis vel í veski eða vasa þegar þarf að kaupa inn í uppskriftirnar. Bækurnar fást bæði í bókabúðum og í stórmörkuðum.













# allt tilboð o.fl.

**Grísahnakkasneiðar í Nóatúni**
eru á fimmtíu prósenta afslætti þessa dagana. Kílóið kostar nú 699 krónur en kostaði áður 1.398 krónur. Tilboðið gildir til 26. október.






**Þín verslun**
**Tilboðin gilda til 26. október**

| Vörutegund | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga- kíló og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Ferskur Ísfugls kjúklingur | 435 | 669 | 435 | 35 |
| Tex Mex kjúklingavængir | 250 | 499 | 250 | 50 |
| Tilda Rizzaz 250 g | 219 | 269 | 876 | 20 |
| Maxwell House kaffi 500 g | 339 | 369 | 678 | 10 |
| Hunt´s pitsusósa 400 g | 209 | 278 | 522 | 25 |
| Chigago Town Wrap 2 stk. | 379 | 412 | 190 | 10 |
| Capri Sonne appelsínusafi 10 stk. | 299 | 338 | 29 | 10 |
| Yanki bar 4 stk/pk | 169 | Nýtt | 42 | |
| Daimterta | 679 | 728 | 679 | 5 |

**Nóatún**
**Tilboðin gilda til 26. október**

| Vörutegund | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga- kíló og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Grísahnakki úrb.sneiðar | 699 | 1.398 | 699 | 50 |
| Lambalundir | 2.490 | 3.498 | 2.490 | 30 |
| Ungnautahamborgarar 90 g | 89 | 139 | 989 | 35 |
| Bláber í boxi 125 g | 199 | 329 | 1.592 | 20 |
| Konfekt epli poki 1,36 kg | 129 | 199 | 95 | 35 |
| Frissi fríski epla 750 ml | 99 | 149 | 132 | 35 |
| Hvítkál íslenskt | 229 | 238 | 229 | 5 |
| Sprittkerti 100 stk í poka | 499 | 698 | 499 | 30 |
| Persil þvottaefni 5.4 kg | 998 | 1.298 | 185 | 25 |






**Krónan**
**Tilboðin gilda til 23. október**

| Vörutegund | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga- kíló og lítraverð | Læ kkun í % |
|---|---|---|---|---|
| FS Ýsuflök frosin | 299 | 589 | 299 | 50 |
| Móa kjúklinga læri magnpk. | 419 | 599 | 419 | 30 |
| Bautab. brauðskinka bunkar | 767 | 1.278 | 767 | 40 |
| Myllu samlokubrauð heilhv. 770 g | 79 | 99 | 103 | 20 |
| Krónu krydduð lambasteik 1 kg | 958 | 1.398 | 958 | 30 |
| Ch.Town pepperoni 13 cm 340 g | 299 | 399 | 879 | 25 |
| Ariel color/regular 3.3 kg | 998 | 1.098 | 302 | 10 |
| Bounty Select 3 stk. | 299 | 449 | 100 | 35 |

**Hagkaup**
**Tilboðin gilda til 23. október**

| Vörutegund | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga- kíló og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Svínalundir úr kjötborði | 1.494 | 2.298 | 1.494 | 25 |
| Svínahnakki úrbeinaður úr kjötborði | 898 | 1.398 | 898 | 35 |
| Nautalundir úr kjötborði | 2.999 | 3.998 | 2.999 | 25 |
| Rauðvínslegið lambalæri | 1.259 | 1.798 | 1.259 | 30 |
| Góð kaup borgarar | 349 | 498 | 349 | 30 |
| Linda McCartney lasagne | 299 | 345 | 299 | 15 |
| Linda McCartney chili con carne | 209 | 388 | 209 | 45 |
| Linda McCartney canneloni | 269 | 299 | 269 | 10 |
| Linda McCartney burgers | 299 | 339 | 299 | 10 |


# Ráðsfundur Námsstefna

**I. ráð ITC verður með ráðsfund og námsstefnu laugardaginn 22. október nk. á Hótel Loftleiðum.**

*Stef fundarins er: "Ræktaðu sjálfan þig" Spennandi fræðslur.*

Ásgerður Guðmundsdóttir **"Streita og streitulosun"**
Þorvaldur Þorsteinsson **"Hver ert þú?"**
Kristín V. Óladóttir frá vigtunarsamtökunum **"Þú ert það sem þú borðar"**
Gyða Steingrímsdóttir **"Siðir og siðareglur ITC"**

Félagsmál fyrir hádegi. Léttur hádegisverður. Fræðslur eftir hádegi.
Skráning hefst kl. 9.00. Dagskrá hefst kl.10.00 og lýkur kl.17.00

Allir velkomnir Skráning og uppl. hjá arb@visir.is og itcfyrstarad@simnet.is
www.simnet.is/itc


**Fjarðarkaup**
**Tilboðin gilda til 22. október**

| Vörutegund | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga- kíló og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| FK sagaður hangiframpartur | 638 | 998 | 639 | 35 |
Íslandsbanki í London hefur verið að ná meiri fótfestu í fyrirtækjaráðgjöf sinni. Um daginn var bankinn ráðgjafi Premier Foods við sölu á teframleiðslu fyrirtækisins. Þetta mun eftir því sem næst verður komist í fyrsta skipti sem íslenskur banki er ráðgjafi við sölu erlends fyrirtækis til annars erlends fyrirtækis, án þess að koma jafnframt að lánafyrirgreiðslu og hlutafjárkaupum. Næsta verkefni í London var kaup stórnanda á Cate's Cakes eða Kötukökum sem var fjármögnun upp á 1,4 milljarða króna. Kökurnar ku vera mikið gómsæti og munu starfsmenn bankans í London vera ólmir í að taka með sér kökur til að leyfa kollegum sínum á Íslandi að smakka. Íslandsbanki kom bæði að fjármögnun og keypti hlut í fyrirtækinu, sem má orða sem svo að bankinn hafi bæði étið kökuna og átt hana.

### Jólagjöf gjaldeyrismiðlaranna

Á gjaldeyrismarkaði gildir að vera framsýnn og veðja rétt á þróun gjaldmiðla. Þetta gildir í ýmsum öðrum viðskiptum og nú hafa framtakssamir menn veðjað á frekari styrkingu krónunnar. Þeir hafa látið prenta á boli töluna 99 sem framtíðargildi gengisvísitölu krónunnar. Ákvörðun um gerð bolsins var reyndar tekin fyrir fjórum mánuðum, sem sýnir ótrúlega spákaupmannshæfileika. Athafnamennirnir veðja á að krónan verði komin í þessa stöðu fyrir jól og þar með sé komin heitasta tækifærisgjöfin fyrir jólin. Einhverjir á markaðnum eru svo vissir í sinni sök að þeir eru þegar farnir að ganga í bolunum innan undir skyrtunni og munu fletta sig klæðum samstundis og krónan fer í þetta gildi.




## MARKAÐSFRÉTTIR…

Vísitala byggingarkostnaðar hækkaði 0,09 prósent frá fyrra mánuði og er 316,6 stig. Undanfarna tólf mánuði hefur vísitalan hækkað um 4,2 prósent.

Stærsti lyfjaframleiðandi **Pfizer** tilkynnti í gær að hagnaður félagsins á þriðja ársfjórðungi hefði dregist saman um 52 prósent á milli ára. Hagnaðurinn var rétt um eitt hundrað milljónir króna. Hlutabréf í **Pfizer** lækkuðu um meira en fimm prósent á hlutabréfamörkuðum vestanhafs.

Arcadia, sem er að stærstum hluta til í eigu kaupsýslumannsins Philip Green, ákvað í gær að greiða út arð upp á rúmlega 130 milljarða króna.

## Kaupa þrjár Airbus-vélar

Avion Aircraft Trading, sem er dótturfélag Avion Group, hefur fest kaup á þremur Airbus 300-600 farþegavélum sem verður breytt í fraktvélar. Heildarvirði samningsins er um 4,3 milljarðar króna.

Seljandi vélanna er China Airlines í Taívan. Vélarnar verða afhentar á næsta ári og í byrjun árs 2007.

Hafþór Hafsteinsson, forstjóri flutningasviðs Avion Group, segir fjárfestinguna koma á góðum tíma og gefi fyrirtækinu hámarksarðsemi. Mikil eftirspurn er eftir Airbus 300-600 fraktvélum og getur komið til greina að vélarnar verði seldar.



**KAUPA AIRBUS-VÉLAR** Avion Aircraft Trading hefur fest kaup á þremur Airbus-farþegavélum sem breytt verður í fraktvélar.

Avion Aircraft Trading gekk nýverið frá risasamningi við Boeing-verksmiðjurnar um kaup á fjórum, nýjum Boeing 777-fraktvélum sem verða afhentar árið 2009. Verðmæti samningsins er um 63 milljarðar króna. **- eþa**

## Flugfarþegum fjölgar áfram

### Sætanýting batnaði og farþegum fjölgaði um tæp fimmtán prósent hjá Icelandair.

Farþegum í millilandaflugi Icelandair í september fjölgaði um tæp fimmtán prósent, miðað við sama mánuð í fyrra. All flugu 132 þúsund manns með félgainu í mánuðnum og var sæta nýting 79 prósent sem er hækkun um 2,8 prósentu stig frá því í fyrra.

Fjölgun yfir árið er 14,5 prósent og flutti félagið rúmlega 1,2 milljónir farþega á fyrstu níu mánuðum ársins. Aukning í innanlandsflugi nam sex prósentum það sem af er ári. Vöruflutningar hafa aukist um 11,7 prósent og fartímum í alþjóðlegu leiguflugi hafa aukist um fjórðung. Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair group, segir í tilkynningu að það sem standi upp úr sé gríðarleg fjölgun farþega í september. „Það var tekin ákvörðun um að auka sætaframboð Icelandair mikið fyrir árið og salan hefur gert gott betur en að fylgja því eftir.“

## Vífilfell kaupir hlut í Mjólku

Vífilfell hf. hefur keypt um þrjátíu prósenta hlut í fyrirtækinu Mjólku ehf. Mjólka var stofnuð fyrr á árinu og er megintilgangur félagsins að framleiða osta fyrir innanlandsmarkað.



**ÓLAFUR M. MAGNÚSSON**

Mjólka er í meirihlutaeigu fjölskyldunnar á Eyjum II í Kjós en ostaframleiðsla félagsins er þegar hafin í nýrri mjólkurstöð félagsins á Ártúnsholti í Reykjavík. Fyrsta vara félagsins verður fetaostur sem væntanlegur er á markað innan skamms. Félagið starfar utan greiðslumarkskerfis landbúnaðarins og nýtur því ekki framleiðslustyrkja frá hinu opinbera. **- hb**

# Heildareignir lífeyrissjóða 1.100 milljarðar

### Útlit er fyrir að raunávöxtun lífeyrissjóða verði góð þriðja árið í röð. Innlendu hlutabréfin gefa vel af sér.

Eignir lífeyrissjóðanna voru komnar í 1.100 milljarða króna í lok ágústmánaðar og höfðu aukist um 123 milljarða frá áramótum. Ef eignum lífeyrissjóðanna væri skipt niður á hvert mannsbarn fengi hvert og eitt 3,7 milljónir króna í sinn hlut.

Heildareignirnar hafa vaxið hratt á undanförnum árum, sem þakka má hagstæðum skilyrðum á fjármálamörkuðum, einkum innanlands, en Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands hækkaði um 35 prósent frá áramótum.

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssambands lífeyrissjóða, segir hækkun innlendra hlutabréfa skipta mestu máli hvað þessa aukningu varði. Erlendu hlutabréfin gefi ekki mikið af sér nú þegar gengi krónunnar hafi hækkað mikið undanfarnar vikur. Hann er bjartsýnn á ávöxtun ársins og býst við að árið 2005 verði þriðja árið í röð sem raunávöxtun lífeyrissjóða fari yfir tíu prósent.

Fyrir ári síðan stóðu heildareignirnar í 870 milljörðum króna og voru þar með hærri en landsframleiðslan í fyrsta skipti, um 102 prósent af landsframleiðslunni. Þetta hlutfall hefur aldrei verið hærra en núna og má ætla að hlutfallið sé komið í 120 prósent, miðað við að landsframleiðslan verði um 900 milljarðar á þessu ári. Í febrúar fóru eignirnar yfir eitt þúsund milljarða króna.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**EIGNIRNAR HÆKKA** Heildareignir lífeyrissjóða voru orðnar 1.100 milljarðar í lok ágúst. Hver Íslendingur á 3,7 milljónir í lífeyrissjóðum landsmanna.

Aðspurður hvar allir þessir peningar séu segir Hrafn um 22 prósent vera í erlendum verðbréfum. Það skipti máli að dreifa áhættunni enda séu þetta gríðarlega miklar fjárhæðir sem fólkið í landinu hafi lagt til hliðar fyrir elliárin. Einnig sé fjárfest í innlendum skuldabréfum og svo hlutabréfum. Þá hafi sjóðsfélagar sjálfir tekið um níutíu milljarða að láni hjá lífeyrissjóðunum. Ekki sé erfitt að koma þessum peningum fyrir í þeirri von að ávaxta þá.

Innlend verðbréfaeign lífeyrissjóða nam um 812 milljörðum króna og hefur aukist um tíu prósent frá áramótum. Þar af var heildareign í innlendum hlutabréfum komin í 164 milljarða og hafði hækkað um þrjátíu prósent. Erlendar eignir lífeyrissjóðanna jukust töluvert og námu um 264 milljörðum. **- eþa/bg**


HEILDSÖLU LAGERSALA

Frábært úrval af góðum vörum

• • • • • • • • • •

Barna og fullorðins fatnaður.
50-90% afslætti .

• • • • • • • • • •

Golffatnaður, útivistarfatnaður, skíða og snjóbrettafatnaður, einnig mikið úrval af skóm.

| | | |
|---|---|---|
| Útivistarjakki | ~~aður 29.990-~~ | Nú 11.900- |
| Fótboltaskór | ~~aður 12.990-~~ | Nú 4.900- |
| Brettajakkar | ~~aður 17.900-~~ | Nu 7.900- |
| Hlaupajakkar | ~~áður 8.990-~~ | Nú 3.990- |
| Úlpur | ~~áður 14.990-~~ | Nú 5.990- |

**Opið eingöngu**

| | |
|---|---|
| **Fimmtudag** | **20. Oktob. 14:00 til 20:00** |
| **Föstudag** | **21. Oktob. 14:00 til 20:00** |
| **Laugardag** | **22. Oktober 10:00 til 18:00** |
| **Sunnudag** | **23. Oktober 11:00 til 18:00** |
| **Mánudag** | **24. Oktober 14:00 til 20:00** |

ZO•ON ICELAND
is it ZO
be ZO
EUROCARD MasterCard VISA

**Nýbýlavegi 18 (Dalbrekku megin) Kópavogi**




FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

**ÞÓRÐUR SVERRISSON, FORSTJÓRI NÝHERJA** Rekstur Nýherja verður í járnum á þriðja ársfjórðungi en uppgjörstímabil hefst í Kauphöllinni í dag þegar félagið birtir afkomu sína.

## Fyrsta uppgjörið

Nýherji ríður á vaðið í dag og verður fyrsta Kauphallarfélagið sem birtir uppgjör fyrir þriðja ársfjórðung. Engin greiningardeildanna spáir fyrir um afkomu Nýherja.

Félagið hefur gefið út afkomuviðvörun og sagt að reksturinn verði í járnum á þriðja ársfjórðungi vegna ágreinings við stóran viðskiptavin um túlkun á samningi. Fyrirtækið hagnaðist um 27 milljónir króna á þriðja ársfjórðungi í fyrra.

Íslandsbanki kemur næst á eftir þegar hann birtir afkomutölur sínar á þriðjudaginn. **- eþa**

# VISTVÆNIR BÍLAR Í PERLUNNI

Bandalag íslenskra bílablaðamanna,
kynnir í samstarfi við íslensku bifreiðaumboðin
vistvæna bíla sem byggja á nýjustu tækni.
Sýningin er í Perlunni helgina 21.-23. október.
Opið föstudag til sunnudags frá kl. 10-22.

BANDALAG ÍSLENSKRA
BÍLL ÁRSINS
2006
BÍLABLAÐAMANNA

Hápunktur sýningarinnar verður á sunnudag kl.17
þegar tilkynnt verður um val á Bíl ársins.



**Aðgangur er ókeypis meðan húsrúm leyfir.**
**Sjá nánar á: www.billarsins.is**

Skeljungur hf.

Bíll ársins er valinn af BÍBB, Bandalagi íslenskra bílablaðamanna.
Samstarfsaðilar BÍBB eru Skeljungur og Tryggingamiðstöðin.

TM



ARTHUR SCHNITZLER (1862-1931) LÉST ÞENNAN DAG

*„Umburðarlyndi er að afsaka mistök annarra. Háttvísi er að taka ekki eftir þeim.“*

ARTHUR SCHNITZLER VAR AUSTURRÍSKT LEIKRITASKÁLD OG LÆKNIR.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST 21. OKTÓBER 1966

# *Heil kynslóð barna þurrkast út*

Á þessum degi árið 1966 létust 144 manns þar af 116 börn þegar skriða féll úr kolanámufjalli á skóla og nálæga sveitabæi í Aberfan í Wales. Hörmungarnar riðu yfir að morgni dags þegar börnin voru á leið í fyrstu kennslustundina.

Um tvö þúsund björgunarmenn, margir þeirra kolanámumenn, unnu baki brotnu við að grafa í mold og drullu í leit að eftirlifendum. Grátandi og örvæntingarfullar mæður ráfuðu um í forinni í leit að börnum sínum.

Skólastjórinn fannst látinn og hélt hann utan um fimm börn líkt og hann væri að reyna að verja þau.

Stærsta vandamálið við björgunaraðgerðirnar var að koma stórvirkum vinnuvélum á slysstað en skólinn stóð við botngötu sem illa var hægt að komast að. Síðasta líkið fannst ekki fyrr en viku eftir slysið.

Ríkisstjóri Wales sagði af þessu tilefni að heil kynslóð barna hefði þurrkast út og ábyrgjast þyrfti að slíkt slys myndi ekki eiga sér stað aftur. Samtök kolanámueigenda sögðu að óvenjumikil rigning hefði komið skriðunni af stað. Rannsóknarnefnd komst að því síðar að samtökin væru að öllu leyti ábyrg fyrir slysinu og voru þau dæmd til að borga fórnarlömbunum bætur.



ABERFAN Í WALES

## MERKISATBURÐIR

**1805** Bardaginn um Trafalgar. Breski sjóherinn undir stjórn Nelsons lávarðs gersigrar franska og spænska sjóherinn úti fyrir ströndum Spánar.

**1933** Bannlögin eru afnumin í þjóðaratkvæðagreiðslu. Áfengisbannið er afnumið tveimur árum síðar.

**1944** Nýsköpunarstjórnin, ríkisstjórn Ólafs Thors, tekur við völdum.

**1945** Franskar konur fá kosningarétt.

**1959** Guggenheim-safnið opnar í New York.

**1961** Bjarni Jónsson vígslubiskup er kjörinn fyrsti heiðursborgari Reykjavíkur.

**1988** Listasafn Sigurjóns Ólafssonar myndhöggvara í Laugarnesi er opnað.






Rúnar Geirmundsson Sigurður Rúnarsson Elís Rúnarsson

**Þegar andlát ber að**

Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara.
Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110,
893 8638 og 897 3020

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990



†

*Hugheilar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför*

**Jóhönnu Margrétar Þorsteinsdóttur**
ljósmóður.

Guð blessi ykkur öll. Fyrir hönd aðstandenda,

Arnfríður Þorsteinsdóttir Jónas Jónsson



†

*Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Pálmi Eyjólfsson**
fyrrverandi sýslufulltrúi
Hvolsvegi 19, Hvolsvelli,

Verður jarðsunginn frá Selfosskirkju laugardaginn 22. október kl. 11 f.h. Jarðsett verður frá Stórólfshvolskirkjugarði á Hvolsvelli. Að athöfn lokinni vonumst við til að sjá sem flesta í hádegisverði kl. 13 í Félagsheimilinu Hvoli, Hvolsvelli.

Margrét Jóna Ísleifsdóttir
Guðríður Björk Pálmadóttir
Ingibjörg Pálmadóttir
Haraldur Sturlaugsson
Ísólfur Gylfi Pálmason
Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir
Barnabörn og barnabarnabörn.



†

*Alúðarþakkir til alls þess góða fólks sem auðsýndi okkur samúð og vináttu við andlát og útför*

**Jóns Jakobssonar**
húsasmíðameistara

og vottaði honum látnum virðingu og hlýhug.

Ástríður Elín Björnsdóttir

Andrína Guðrún Jónsdóttir
Guðrún Jónsdóttir
Sigurður Hávarðarson
Jakobína Jónsdóttir
Árni Þorkelsson
Birna Jónsdóttir
Gaukur Eyjólfsson
Jón Jónsson
Guðný Traustadóttir
Ragna Vigdís Jónsdóttir
Rafn V. Guðmundsson
Ástríður Elín Jónsdóttir
Agnar Jón Guðnason
Hildur Jónsdóttir
Ragnar Gestsson
Sigríður Jakobsdóttir
afabörn og langafabörn.

## ANDLÁT

**Gunnlaugur Hilmar Kristjánsson** sjómaður, Þrastargötu 3b, Reykjavík, lést á Landspítalanum laugardaginn 15. október.

**Sigurður Valdimar Olgeirsson** fyrrverandi skipstjóri og útgerðarmaður, Uppsalavegi 22, Húsavík, lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Húsavík, laugardaginn 15. október.

**Guðrún Fanney Óskarsdóttir** kennari, Rauðagerði 65, Reykjavík, andaðist á líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 16. september.

**Hanna Ágústa Ágústsdóttir**, Melgerði 22, Reykjavík, lést á Landspítala Fossvogi mánudaginn 17. október.

**Lilja Guðmundsdóttir**, Flateyri, lést á Sjúkrahúsinu á Ísafirði mánudaginn 17. október.

**Ólafur Erlendsson**, Ketilsbraut 17, Húsavík, lést á sjúkrahúsi í Tallinn í Eistlandi mánudaginn 17. október.

**Fríða Dagmar Snorradóttir**, Hlíðarstræti 12, Bolungarvík, andaðist á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði miðvikudaginn 19. október.

## JARÐARFARIR

13.00 **Kjartan Eiður Eiðsson**, Holtsgötu 14c, Njarðvík, verður jarðsunginn frá Þjóðkirkjunni í Hafnarfirði.

14.00 **Daníel Eysteinsson**, frá Högnastöðum, verður jarðsunginn frá Borgarneskirkju.

14.00 **Sigrún Gunnarsdóttir**, frá Krókvöllum, Garði, verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju.

15.00 **Dyljá Gróa Stefánsdóttir**, Patreksfirði, áður Kleppsvegi 140, Reykjavík, verður jarðsungin frá Áskirkju.

15.00 **Gilbert Benjamín Faber**, Sunnuflöt 43, Garðabæ, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju.

15.00 **Guðrún Hjartardóttir**, Hrafnistu, Reykjavík, áður til heimilis í Arahólum 4, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

## AFMÆLI

**Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir** leikkona er 36 ára.

**Carrie Fisher** er 49 ára.

**Arnþrúður Karlsdóttir** útvarpskona er 52 ára.

**Vörður Leví Traustason**, forstöðumaður Hvítasunnukirkjunnar Fíladelfíu, er 53 ára.

**Ingibjörg Haraldsdóttir** skáld er 63 ára.



**FORMAÐUR AFMÆLISNEFNDAR** Margrét Guðmundsdóttir sagnfræðingur segir eina helstu breytingu hin síðari ár vera þá að konurnar eru farnar að gera meira fyrir sjálfar sig.

## KVENFÉLAGIÐ TILRAUN Í SVARFAÐARDAL ER 90 ÁRA:

# Tilraun sem tókst

„Þegar kvenfélagið Tilraun var stofnað í apríl árið 1915 var megintilgangur þess að stuðla að bættri umönnun sjúklinga í Svarfaðardal. Hjúkrun lenti oft á herðum kvenna en það gat verið mikið álag og auk þess hættulegt vegna algengi smitsjúkdóma,“ segir Margrét Guðmundsdóttir, sagnfræðingur og formaður afmælisnefndar kvenfélagsins Tilraunar, um upphaf þess fyrir níutíu árum. „Þetta skipti sköpum fyrir heilsu fólks í dalnum,“ segir Guðrún en kvenfélagið sendi til að mynda konu á námskeið í hjúkrun og festi auk þess kaup á ýmsum hjúkrunargögnum á fyrstu starfsárum félagsins.

Þegar alþýðutryggingarnar komu til minnkaði áherslan á hjúkrun hjá félaginu og sneru kjarnakonurnar sér að öðrum verkefnum. Þær fóru að styrkja menningarmál og verklegar framkvæmdir eins og brúarsmíði og húsbyggingar.

Nafngift félagsins vekur sannarlega nokkra athygli. „Kannski er það dæmigert fyrir kvenlegt lítillæti og hógværð að líta á þetta sem tilraun og kannski ætti að breyta nafninu í dag,“ segir Margrét hlæjandi enda hefur tilraunin aldeilis tekist.

„Þó við séum ekki fjölmennt félag hefur verið mikil endurnýjun á undanförnum árum og komnar mikið af yngri konum inn,“ segir Margrét en ein helsta breytingin hin síðari ár er sú að konurnar eru farnar að gera meira fyrir sjálfar sig. „Nú gefum við ekki einungis öðrum heldur líka hver annarri,“ segir hún glaðlega, en kvenfélagskonurnar eru duglegar að halda námskeið, fara saman í leikhús og ferðalög. „Stundum finnst þeim eldri þetta vera dálítið mikið umfangs,“ segir Margrét hlæjandi en bendir á að þetta efli kynni kvennanna í byggðarlaginu og auki samstöðu og samhjálp.

Í tilefni afmælisins hefur kvenfélagið sett upp sýningu á hug- og handverki svarfdælskra kvenna í skólastjóraíbúð og syðrivistum Húsabakkaskóla. Í staðinn fyrir að fara í verkfall til að benda á mikilvægi starfa kvenna ákváðu þær að sýna konurnar sem gerendur. Á sýningunni er ekki einungis handverk heldur einnig verk skálda, rithöfunda, þýðenda, ljósmyndara og myndlistarkvenna. Tæplega 200 konur eiga verk á sýningunni. Aldursforsetinn, Ingibjörg Þórðardóttir frá Hofi, var fædd árið 1869 en yngstu þátttakendurnir eru aðeins fjórtán ára. Sýningin er opin daglega frá kl. 14.00 til 18.00 fram til sunnudagins 23. október en samhliða henni er boðið upp á kaffiveitingar og skemmtidagskrá í félagsheimilinu að Rimum í Svarfaðardal.



†

*Þökkum innilega þá samúð og vináttu sem okkur var sýnd við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu*

**Guðrúnar Einarsdóttur**
Hofteigi 30, Reykjavík,

Elísabet Erlingsdóttir
Atli Ásbergsson
Hörður Erlingsson
Erna J. Sigmundsdóttir
Oddi Erlingsson
Sigurborg E. Billich
barnabörn og barnabarnabörn.



†

*Þökkum innilega auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Guðmundar Bjarnasonar**
vélstjóra, Háaleitisbraut 79,

María Jónsdóttir
Jón E.B. Guðmundsson
Stefán Ó. Guðmundsson
Svanhvít Jónasdóttir
Larissa Jónsdóttir
María Stefánsdóttir
Hákon Stefánsson
Elísabet Stefánsdóttir
Fanney, Anna Elísabet og Stefán Orri langafabörn.

NÚ ER ÞAÐ ÓDÝRT!

# Ódýrar, ósamsettar innréttingar



**Soft Hvid/KF**
Smekklegt og hvítt.
VERÐ FRÁ KR.
**189.900,-**



**RENNIHURÐA-FATASKÁPUR**
***Settu það saman*** býður einnig upp á skemmtilegar samstæður með rennihurðunum vinsælu. Einfalt að flytja, einfalt í uppsetningu.

**Verð sem veitir meira svigrúm.**
Margar gerðir skápa.
VERÐ KR.
**51.799,-**



**Dekor Hvid Bøg/0600**
Slitsterk innrétting sem lífgar upp á sérhvert eldhúsrými. Sannarlega stílhrein og falleg.
VERÐ FRÁ KR.
**91.080,-**



VERÐ KR.
**68.736,-**



VERÐ KR.
**59.330,-**



**FRÍSTANDANDI FATASKÁPAR**
*Settu það saman* línan okkar hefur einnig að geyma frístandandi fataskápa í mörgum breiddum sem auðvelt er að setja saman á margvíslegan hátt. Þannig finnur þú ávallt það sem hentar þér.

**Model 0600**
VERÐ KR.
**18.811,-**



VERÐ FRÁ KR.
**299.400,-**



VERÐ FRÁ KR.
**186.100,-**



VERÐ FRÁ KR.
**156.020,-**

## BJÓÐUM FRÁBÆRT ÚRVAL AF VÖNDUÐUM INNRÉTTINGUM Í ELDHÚSIÐ OG BAÐHERBERGIÐ ÁSAMT FATASKÁPUM Í SVEFNHERBERGI OG GEYMSLUR.

Enginn (eða mjög stuttur) afhendingarfrestur er á innréttingunum svo þú getur bara tekið þær með þér heim.





**Baðinnrétting**
**36.696,-**

Á myndinni er eftirfarandi innifalið í verðinu: Skápar, borðplötur með vaski, spegill, og handföng. Verð á handklæðahengi, blöndunartækjum og ljósum er ekki innifalið. Öll verð eru með vsk.

Átta gerðir af skápahurðum á lager.
ATH!! Teikniforritið finnur þú á heimasíðu okkar: **www.gds-hth.dk**

***Settu það saman*** og notaðu afganginn í **AEG** eldhústækin!
**AEG** heimilstæki á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI þegar keypt er HTH innrétting.




**SETTU ÞAÐ SAMAN** HTH

**ORMSSON**
**ORMSSON · SMÁRALIND**

Opið virka daga frá 11-19, laugardaga frá 11–18 og sunnudaga frá 13–18. Sími 530 2900

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu











## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi.
Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 5 | 7 | 1 | 3 | 6 | 2 | 4 | 8 |
| 1 | 6 | 4 | 8 | 7 | 2 | 5 | 9 | 3 |
| 3 | 8 | 2 | 5 | 9 | 4 | 1 | 7 | 6 |
| 4 | 9 | 6 | 7 | 5 | 1 | 8 | 3 | 2 |
| 5 | 2 | 8 | 9 | 6 | 3 | 7 | 1 | 4 |
| 7 | 1 | 3 | 2 | 4 | 8 | 9 | 6 | 5 |
| 8 | 4 | 1 | 6 | 2 | 7 | 3 | 5 | 9 |
| 6 | 7 | 9 | 3 | 8 | 5 | 4 | 2 | 1 |
| 2 | 3 | 5 | 4 | 1 | 9 | 6 | 8 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 6 | 2 | | | 9 | | 7 |
| | 4 | 1 | | | 7 | 3 | | |
| | | | | 3 | 6 | | | 5 |
| 6 | | | 9 | | 3 | 7 | 2 | |
| 4 | | | | | | | | 8 |
| | 1 | 7 | 5 | | 4 | | | 3 |
| 9 | | | 1 | 2 | | | | |
| | | 3 | 7 | | | 4 | 5 | |
| 1 | | 5 | | | 8 | 2 | 7 | |

# STUÐ MILLI STRÍÐA Rottugengið eða Ragga Gísla?

**KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR MÆTIR DULARFULLUM BÓKSTÖFUM.**



Ég er plöguð af einkennilegri og ómerkilegri spurningu. Hún er þeirrar tegundar sem lætur mann ekki í friði fyrr en henni hefur verið fullnægt með svari.

Þannig er mál með vexti að ég hef tekið eftir því að stafirnir RG hafa verið ritaðir á ólíklegustu staði um alla borg. Fyrst rak ég augun í þá, þegar ég var að dást að nýju graffiti-verki á veggnum við göngustíginn sem ég geng reglulega, og höfðu þeir verið úðaðir á sama vegg. Seinna sá ég þá aftur á ruslagámi aftan við sjoppuna, og næst á göngubrú. Fljótlega fór ég að taka eftir því að þessir stafir voru úti um allt og á öllu. Æpandi mæta þeir mér á byggingum, hógværir á grindverkum og laumulegir á bekkjum.

Spurningin sem plagar mig er: Hver eða hvað er RG? Fyrir hvað standa þessi stafir? Raggi Gunnars? Rottugengið? Reiði Guðs? Ragga Gísla? Er einhver einn að verki eða margir? Ef til vill eru þetta alþekktir stafir í graffitiheimum og merkja eitthvað stórmerkilegt. Það sem angrar mig kannski mest eru þessir stafir sem eru úti um allt og ég get hvergi leitað mér upplýsinga um. Ég get ekki flett þess upp á netinu eða í bókum. Það er bara einhver heill RG-heimur þarna úti sem ég hef enga hugmynd um, sem hefur elt mig uppi og ásækir mig.

Besta leiðin til að takast á við þetta er sennilega að sætta mig við að ég muni aldrei frá svar og ég og spurningin verðum að læra að lifa hvor með annarri. Ég get jafnvel útbúið mitt eigið svar og sagt að RG þýði rosaleg gleði. Kannski það kæti mig. Eða litið á þá sem R-Gula miða sem liggja á víð og dreif og minna mig á að ég get aldrei fengið svör við öllu. Enda eru það spurningarnar sem drífa okkur áfram, en ekki svörin. RG, hvað segir þú um það?

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Overli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Þú og þa** Eftir SÖB




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Kirkman/Scott






Reykjavík
Hafnarfirði
Selfossi
Kópavogi
Mosfellsbæ
Reykjanesbæ

## Við opnum aftur eftir brunann í Faxafeni!

Við afsökum óþægindin.

Eldheitur, gómsætur kjúklingur að hætti KFC aftur á boðstólnum fyrir þig í Faxafeni.

KFC®

**Opið alla daga frá kl: 11.00 - 22.00**

hausverk / SÍA

# menning

menning@frettabladid.is

**!** **Kl. 18.00**
***Húbert Nói*** *opnar sýningu í Listasafni Reykjanesbæjar. Sýningin ber heitið 12 m.y.s (Altitude) og samanstendur af tveimur myndröðum og videoverki.*

# Verðlaunahafar lesa upp

Á sunnudaginn býður Norræna húsið til dagskrár í tilefni þess að Sjón hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs í ár. Fimm handhafar bókmenntaverðlaunanna fyrr og nú lesa úr verkum sínum. Öll eru skáldin margfaldir verðlaunahafar en eiga það sammerkt að hafa unnið til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs.

Verðlaunin verða afhent á miðvikudaginn við hátíðlega athöfn í Ráðhúsi Reykjavíkur í tengslum við þing Norðurlandaráðs, sem haldið er í Reykjavík þetta árið.

Auk Sjóns lesa úr verkum sínum í Norræna húsinu þau Antti Tuuri, verðlaunahafi 1985, Eva Ström sem hlaut verðlaunin 2003, Kjartan Fløgstad, verðlaunahafinn frá 1978, og Dorrit Willumsen sem fékk verðlaunin 1997.

Á dagskránni verða einnig flutt tvö verk Hauks Tómassonar sem fékk tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs árið 2004. Verkin eru Pendúll, einleiksverk fyrir selló, en það er nú frumflutt á Íslandi. Sigurður Bjarki Gunnarsson leikur. Hitt verkið er Vorhænsn, einleiksverk fyrir klarinett sem Ármann Helgason leikur.



## > Ekki missa af ...

... sýningu þeirra **Guðbjargar Lindar Jónsdóttur, Guðrúnar Kristjánsdóttur** og **Kristínar Jónsdóttur** frá Munkaþverá í Gallerí 100°, sem er á fyrstu hæð Orkuveituhússins við Bæjarháls, sem lýkur á mánudaginn, Sýningin er lokuð um helgar en er opin í dag og á mánudag frá kl. 8.3 til 16.

... óperunni **Tökin hert** sem frumsýnd verður í Íslensku óperunni í kvöld. Einungis sex sýningar verða á verkinu.

... **Rússnesku menningarhátíðinni** í Kópavogi með kvikmyndahátíð í Bókasafninu, fjölda tónleika í Salnum og sýningu á dýrgripum Romanov-ættarinnar í Gerðarsafni.






**JÓN LAXDAL** Sýningu hans á Akureyri lýkur á sunnudaginn.

# Sjónþing Jóns Laxdal

Sjónþing Jóns Laxdal verður haldið í Deiglunni á Akureyri á morgun og hefst klukkan 15. Spyrlar verða Jón Proppé, Arna Valsdóttir og Þröstur Ásmundsson, en fundarstjóri verður Hannes Sigurðsson.

Sjónþinginu er ætlað að veita persónulega innsýn í feril Jóns með það fyrir augum að skoða framlag hans og rifja upp farinn veg. Jafnframt því að sitja fyrir svörum og taka við fyrirspurnum úr sal verður sýndur fjöldi mynda af verkum listamannsins.

Á sunnudaginn lýkur síðan yfirlitssýningu á verkum Jóns Laxdal í Listasafninu á Akureyri. Sýningin er unnin í samstarfi við Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, og þangað fer hún þegar henni lýkur á Akureyri. Um svipað leyti verða verk eftir Jón til sýnis í Safni, nútímalistasal Péturs Arasonar við Laugaveg í Reykjavík. Í mars á næsta ári fara verkin síðan til Berlínar þar sem Jón sýnir í Spielhaus Morrison Galerie.

## TÓNLEIKAR

20.00 Rússneski barítónsöngvarinn **Vladimir Chernov** og kvartettinn **Terem** halda seinni tónleika sína í Salnum í Kópavogi.

## OPNANIR

18.00 Sýning **Húberts Nóa Jóhannessonar** verður opnuð í Listasafni Reykjanesbæjar.

**Garðar Jökulsson** opnar málverkasýningu í Byggðasafninu á Garðskaga.

## SKEMMTANIR

Hljómsveit **Rúnar Þórs** leikur á Ránni, Keflavík.

Hljómsveitin **Ízafold** leikur í Pakkhúsinu á Selfossi.

Hljómsveitin **Sérsveitin** heldur uppi dúndrandi stemmingu í Vélsmiðjunni á Akureyri.

## ÓPERA

20.00 Íslenska óperan frumsýnir í kvöld **Tökin hert** eftir Benjamin Britten.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Japanskt tehús í Reykjavík

Um síðustu helgi opnaði Guðrún Nielsen sýningu á verkum sínum í Gallerí Sævars Karls við Bankastræti. Í sýningarsalnum hefur Guðrún sett upp japanskt tehús og zen-garð með dreginni möl sem að öllum líkindum hefur aldrei sést í Reykjavík fyrr.

„Þetta kemur flestum ansi mikið á óvart að sjá þetta þarna með þessum sígildu rennihurðum, mottunum og öllu sem tilheyrir. Til dæmis er lítil hurð sem er ekki nema 70 sinnum 70 sentimetrar sem upphaflega var hugsuð til þess að herrarnir afvötnuðu sig þegar þeir færu í gegn,“ segir Guðrún, sem einnig sýnir litaðar teikningar á veggjunum þar sem greina má sterk tengsl við japönsk búddahof.

Sjálf hefur Guðrún ferðast í tvígang til Japans. Hún segir engu líkt að ganga um gömlu hverfin í Kyoto þar sem hefðin lifir enn góðu lífi.

„Það er eins og maður gangi aftur í tímann. Maður verður aldrei samur eftir að hafa komið þangað. Þetta er ekkert líkt því að koma á söfn því þetta er veruleikinn, þessi hefð lifir þarna enn góðu lífi.“

Guðrún lítur á tehúsið sitt og zen-garðinn sem hvert annað listaverk, innsetningu sem hún fellir inn í sýningarrýmið.

„Ég set þetta upp í þrívídd en það sem maður getur ekki gert er að flytja menninguna hingað, þótt hún lifi enn í Japan. Fólk gengur þarna inn og veit ekkert hvað þetta þýðir allt saman.“

Sýning Guðrúnar stendur fram á föstudag í næstu viku og er opin á opnunartíma verslunarinnar.



**GUÐRÚN NIELSEN VIÐ TEHÚSIÐ** Sýning Guðrúnar í Gallerí Sævars Karls stendur út næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## NÝJAR BÆKUR

**Höfuðlausn** er ný skáldsaga eftir Ólaf Gunnarsson sem JPV útgáfa hefur sent frá sér. Ólafur hlaut íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir síðustu skáldsögu sína, Öxin og jörðin.




**Eldhuginn - Sagan um Jörund hundadagakonung og byltingu hans á Íslandi** er kominn út hjá JPV útgáfu. Bókin er söguleg skáldsaga eftir Ragnar Arnalds.




Ný bók eftir Árna Þórarinsson, **Tími nornarinnar**, er komin út hjá JPV útgáfu. Árni Þórarinsson tvinnar sögulegan arf Íslendinga og næma sýn á þjóðlífið saman í margslungna fléttu þar sem hver gátan rekur aðra.




Játningar Láru miðils eftir **Pál Ásgeir Ásgeirsson** er komin út hjá JPV útgáfu. Þetta er opinská ævisaga byggð á hennar eigin frásögn og skjölum sem aldrei hafa komið fram í dagsljósið.









BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið

**Salka Valka**
Í kvöld kl. 20 Gul kort Lau 22/10 kl. 20 Rauð kort
Su 30/10 kl. 20 Græn kort Fi 3/11 kl. 20 Blá kort
Lau 12/11 kl. 20 Fi 17/11 kl. 20

**Woyzeck**
Í samstarfi við Vesturport og Barbican Center
Fi 27/10 kl.20 Forsýning UPPSELT
Fö 28/10 kl. 20 Frumsýning UPPSELT
Lau 29/10 kl. 20 Gul kort Lau 5/11 kl. 20 Rauð kort
Fi 10/11 kl. 20 Græn kort Fö 11/11 kl. 20 Blá kort

**Híbýli vindanna**
Su 23/10 kl. 20 Síðasta sýning

**Kalli á þakinu**
Su 23/10 kl. 14 UPPSELT
Su 30/10 kl. 14 UPPSELT Su 6/11 kl. 14

**TVENNUTILBOÐ**
Ef keyptur er miði á Híbýli vindanna og Lífsins tré fæst sérstakur afsláttur

Nýja svið/Littla svið

**Lífsins tré**
Fi 27/10 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Fö 28/10 kl. 20 Fi 3/11 kl. 20 Fö 4/11 kl. 20
Lau 5/11 kl. 20 Fi 10/11 kl. 20 Fö 11/11 kl. 20

**Alveg brilljant skilnaður**
Su 23/10 kl. 20 UPPSELT Þr 25/10 kl. 20 UPPSELT
Lau 29/10 kl.20 UPPSELT Su 30/10 KL. 20 UPPSELT
Su 6/11 kl. 20 AUKASÝNING
Su 13/11 kl. 20 AUKASÝING

**Manntafl**
Lau 22/10 kl. 20 Lau 12/11 kl. 20

**Forðist okkur**
Eftir Hugleik Dagsson, Nemendaleikhúsið í samvinnu við leikhópinn CommonNonsense
Aðeins sýnt í október
Í kvöld kl. 20 UPPSELT Lau 22/10 kl. 20 UPPSELT
Lau 29/10 kl. 18 Lau 29/10 kl. 20
Su 30/10 kl. 20 Má 31/10 kl. 20

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is



Ávaxtakarfan
Í AUSTURBÆ
Síðustu sýningar
Jónsi
Immi Ananas
....Ég er voldugur og
lika holdugur.
Enginn hér er betri en ég.
Ég um mig frá mér til mín.
Það getur enginn jafnast
á við mig...
SPARISJÓÐURINN
IsMedia
Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl.13 til kl.17 pantanir í síma 551 4700 www.midi.is
Athugið síðustu sýningar
Sunnudagur 23. okt. kl: 13:30
Aukasýning vegna mikillar aðsóknar
Sunnudagur 23. okt. kl: 16:30


# Salka Valka lengi lifi

**LEIKLIST**

VALGEIR SKAGFJÖRÐ

**Salka Valka**

Leikfélag Reykjavíkur / Borgarleikhúsið / Stóra sviðið / Salka Valka eftir: Halldór Laxness / Leikgerð: Hrafnhildur Hagalín / Leikstjóri: Edda Heiðrún Backman / Leikmynd: Jón Axel Björnsson / Búningar: Stefanía Adolfsdóttir / Tónlist: Óskar Guðjónsson og Ómar Guðjónsson / Lýsing: Kári Gíslason / Dans og hreyfingar: Lára Stefánsdóttir / Leikarar: Ilmur Kristjánsdóttir, Halldóra Geirharðsdóttir, Ellert A. Ingimundarson, Sveinn Geirsson, Kristján Franklín Magnúss / Bergur Þór Ingólfsson, Margrét Helga Jóhannsdóttir, Halla Vilhjálmsdóttir, Birna Hafstein, Þórhallur (Laddi) Sigurðsson, Guðmundur Ólafsson, Theódór Júlíusson, Guðrún Ásmundsdóttir og Pétur Einarsson.

**Niðurstaða**: Sýningin á Sölku Völku er vönduð og vel þess virði að verja einni kvöldstund í að rifja upp úr hvaða efnivið þessi þjóð er saman sett.



**SALKA VALKA** Leikfélag Reykjavíkur frumsýndi um helgina nýja leikgerð Hrafnhildar Hagalín Guðmundsdóttur á Sölku Völku í leikstjórn Eddu Heiðrúnar Backman.

Gallinn við svokallaðar leikgerðir er einatt sá að það er verið að draga skáldsögur upp á leiksvið og þær virðast ekki hafa neitt upp á sig annað en að endursegja viðkomandi skáldsögu á sviðinu. Að minnsta kosta þann hluta hennar sem höfundi leikgerðarinnar þykir mest um vert að koma yfir til áhorfenda.

Salka Valka er sú skáldsaga íslensk sem margir hafa miklar mætur á; ekki síst aðalpersóna sögunnar sem birtist sem sjóveikt barn í fangi móður sinnar flutt á léttabáti frá strandferðaskipi til Óseyrar við Axlarfjörð þar sem lífið er ekkert annað en saltfiskurinn hans Jóhanns Bogesen.

Sýning Borgarleikhússins nær engan veginn utan um alla þá margbrotnu sögu enda flutningur hennar rétt rúmir tveir tímar en skáldsagan meira en 400 blaðsíður. Það er hlaupið á hundavaði gegnum helstu vendipunkta í lífi Sölku frá því hún kemur til Óseyrar og þar til hún er orðin sjálfstæð útgerðarkona í plássinu.

Það er svo sem gott og blessað svo langt sem það nær og maður er ekki að gera meiri kröfur til svona leikgerða en að þær komi nokkurn veginn til skila því sem þeim er ætlað. Það tekst ágætlega í þessari sýningu.

Það er leikið stórt og á stundum verður leikurinn hálfgert handapat og hávaði en það er auðvitað verið að fjalla um heitar og stórar tilfinningar svo það er í sjálfu sér auðvelt að fyrirgefa en þrátt fyrir það var hljóðmyndin keyrð svo sterkt á frumsýningunni að ég átti bágt með að heyra textann sem leikararnir voru að reyna að flytja.

Auðvitað skipti sumt ekki svo miklu máli eins og allt iðrunarrausið í Sigurlínu en þetta var talsverður ljóður á sýningunni.

Að flestu leyti er sýningin sem slík ágætlega heppnuð en mikið er maður orðinn þreyttur á þessum sífelldu endurtekningum í útliti íslensks alþýðufólks fyrr á tímum eins og það hefur birst okkur í leikhúsinu gegnum árin. Það eru alltaf allir hoknir og hjólbeinóttir af beinkröm með berkla, bólur, útbrot og rennandi hor, klæddir í sömu ullar- og vaðmálsdruslurnar. Það er eins og enginn á Íslandi hafi nokkru sinni gert minnstu tilraun til að bera sig með einhverri lágmarks reisn. Ég hef séð gamlar ljósmyndir af íslensku verkafólki sem hefur verið sómasamlega til fara þrátt fyrir mikla þröng í búi.

En allt um það. Heildaryfirbragð sýningarinnar er með miklum ágætum og stílfærsla í hreyfingum gæðir hana enn fleiri litbrigðum. Mér fannst lýsingin reyndar full dimm á köflum. Tónlistin lyfti sýningunni oft og tíðum upp úr drunganum og „leikrænt krydd“ skapaði kátínu meðal áhorfenda.

Leikhópurinn vinnur vel saman með Ilmi Kristjánsdóttur í broddi fylkingar. Hún enda túlkaði „Sölku Völku okkar“ af djúpum skilningi og þeim tilfinningaþunga sem hlutverkið krefst og fataðist aldrei. Þrátt fyrir að vera þessi einþykka skapstóra stúlka þá sást alltaf glitta í viðkvæmnina og sársaukann undir niðri. Hinar blendnu tilfinningar til Steinþórs og draumkennd ástin á Arnaldi voru sífellt að togast á og Ilmur kom þessu öllu saman vel til skila á frumsýningarkvöldinu og uppskar fögnuð áhorfenda í lokin.

Hlutur Halldóru var einnig stór. Túlkun hennar á Sigurlínu er einkar frumleg og djörf svo ekki sé meira sagt. Húmorísk og harmræn í senn. Frábært kvöld hjá Halldóru og sömu sögu má raunar segja um flesta.

Ellert Ingimundarson var firna góður sem Steinþór, ógeðfelldur en samt einhvern veginn svo stórbrotinn eins og landið, sjórinn, slorið og eldurinn sem brennur innra með honum.

Arnaldur í meðförum Sveins svona týpískur ungur maður sem menntast og eignast hugsjónir en svo óstaðfastur að hann lítur á hverja freistingu sem tækifæri. Það er kannski ekki hægt að ætlast til þess að jafn flókin samskipti eins og eiga sér stað í þessum ástarþríhyrningi Steinþórs, Sölku og Arnaldar komist almennilega fyrir þegar baksvið sögunnar fær svona mikið pláss enda væri það sennilega efniviður í annað leikrit.

Plássið er dýrt í blaðinu svo þessum pistli fer að ljúka en í stuttu máli þá er sýningin á Sölku Völku vönduð og vel þess virði að eyða kvöldstund í leikhúsinu og rifja upp úr hvaða efniviði þessi þjóð er saman sett.


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
HALLDÓR Í HOLLYWOOD
4. sýn. í kvöld fös. 21/10 örfá sæti laus, 5. sýn. lau. 22/10 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 27/10 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 28/10 örfá sæti laus.
Sýnt í október og nóvember.
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 23/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 29/10 kl. 20:00 örfá sæti laus, sun. 6/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 13/11 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 20/11 kl. 14:00.
EDITH PIAF
Sun. 23/10 uppselt, sun. 6/11 uppselt, sun. 13/11 uppselt. Aukasýningar sun. 20/11, sun. 27/11, sun 4/12 - 90. sýning. Allra síðasta sýning.
KLIPPIMYNDIR - Konunglega danska leikhúsið
Sun. 30/10 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 16:00 nokkur sæti laus.

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00
KODDAMAÐURINN
Sun. 23/10 uppselt, mið. 26/10 uppselt, lau. 29/10 kl. 16:00, sun. 30/10 nokkur sæti laus. Síðustu sýningar.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
FRELSI
Forsýningar mið. 26/10 uppselt og fim. 27/10 uppselt.
Frumsýning fös. 28/10 uppselt, sun. 30/10, fim. 3/11 nokkur sæti laus, lau. 5/11.
Sýnt í október og nóvember.

LEIKHÚSKJALLARINN
Í kvöld fös. 21/10 kl. 22:30 - Iceland Airwaves
Lau. 22/10 kl. 22:30 - Iceland Airwaves
Sun. 23/10 kl. 21:00 Múlinn - Kvartettinn Lo5

Miðasala við innganginn. Upplýsingar í s. 585 1295
Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



Tökin hert
THE TURN OF THE SCREW
EFTIR
BENJAMIN BRITTEN
25 ára og yngri: 50% afsláttur af miðaverði í sal
21. okt. kl. 20 - Frumsýning- ÖRFÁ SÆTI LAUS
23. okt. kl. 20 - 2. sýning - 30. okt. kl. 20 - 3. sýning
4. nóv. kl. 20 - 4. sýning - 6. nóv. kl. 20 - 5. sýning
12. nóv. kl. 20 - 6. sýning - Lokasýning
Kynning fyrir sýningar á Tökin hert , 2. - 6. sýning
Kl. 19.15 – Stutt kynning á verkinu og uppsetningu þess.
Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalin í miðaverði.
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400
ÍSLENSKA ÓPERAN



HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur
eftir Árna Ibsen
11. sýn í kvöld örfá sæti laus
12. sýn lau 22. okt. örfá sæti laus
13. sýn fös 28. okt
14. sýn lau 29. okt
15. sýn fös 4. nóv
16. sýn lau 5. nóv
17. sýn fös 11. nóv
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is



★★★★ -DV
Frábær fjölskylduskemmtun!
- Fréttablaðið
18. sýn. laug. 22/10 kl. 15
Annie; Solveig
19. sýn. sun. 30/10 kl. 14
Annie; Thelma Lind
20. sýn. fim. 3/11 kl. 19
Annie; Lilja Björk
Annie
eftir Thomas MEEHAN, Charles STROUSE & Martin CHARNIN
Miðasala í s:551 4700 alla daga frá kl.13-17 í gamla AUSTURBÆJARBÍÓI
www.annie.is • www.midi.is



Haust tilboð fyrir 8 manns og fl.
Haust veisla
Misosúpa með grænmeti og sesam
Sushi - Maru: 10 bitar sushi og maki
Rétt verð kr. 2.950 Tilboð kr. 2.650.-
að viðbættri heitri súkkulaðiköku
Tilboð kr. 3.450.-
MARU
restaurant • bar • take-away
Aðalstræti 12 • Sími. 511 4440
www.maru.is • maru@maru.is

# Gaman að vera illmenni

**Benjamin Britten samdi óperuna Tökin hert upp úr drungalegri smásögu eftir Henry James þar sem draugar níðast á börnum. Íslenska óperan frumsýnir í kvöld.**



GUNNAR GUÐBJÖRNSSON SEM DRAUGURINN PETER QUINT Sýning Íslensku óperunnar er veisla fyrir auga jafnt sem eyra. E. ÓL.

„Það er mjög ferskt fyrir mig sem Mozart-söngvara að fá að takast á við karakter sem er aðeins meira bit í. Yfirleitt eru þetta einhverjir prinsar og hefðarmenn þar sem eðlið er frekar meinlaust,“ segir Gunnar Guðbjörnsson tenórsöngvari.

Hann hefur óskaplega gaman af að fá að vera illmennið Peter Quint í óperunni Tökin hert eftir Benjamin Britten, sem frumsýnd verður í Íslensku óperunni í kvöld.

„Peter Quint er reyndar ekki maður lengur, heldur draugur,“ segir Gunnar.

Óperan snýst um baráttu þessa framliðna fóls um sálir tveggja barna, drengsins Miles og eldri systur hans Floru. Það er hinn tólf ára gamli Ísak Ríkharðsson sem syngur hlutverk drengsins Miles en Floru syngur Þórunn Arna Kristjánsdóttir.

Hulda Björk Garðarsdóttir syngur hlutverk ungrar kennslukonu, sem hefur verið falin umsjón barnanna og berst hún hetjulegri baráttu gegn illum áformum Quints. Hún nýtur þar stuðnings ráðskonunnar á heimili barnanna, frú Grose, sem leikin er af Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur.

Draugsi hefur hins vegar í liði með sér fröken Jessel, fyrrverandi kennslukonu barnanna, Hún er einnig látin, en það er Hanna Dóra Sturludóttir sem fer með hlutverk hennar.

„Það er heilmikill húmor í þessari sýningu, en það er líka kolsvartur húmor,“ segir Gunnar. „Minn draugur á það sannarlega til að glotta enda hefur hann óskaplega gaman af því sem hann er að gera, sem er að kvelja börnin.“

Óperan Tökin hert var frumsýnd í Feneyjum árið 1954 og hefur síðan þá verið sýnd reglulega í öllum helstu óperuhúsum í heimi. Textinn er samin af Myfanwy Piber og byggður á samnefndri smásögu Henry James sem kom út árið 1898.

Leikstjóri er Halldór E. Laxness en hljómsveitarstjóri Kurt Kopecky. Snorri Freyr Hilmarsson leikmyndahönnuður hannar leikmynd og búninga og hefur fengið til liðs við sig hollenska videólistamanninn Gideon Kiers sem setur stóran svip á sýninguna.

Gestur - Síðasta máltíðin
Hinsegin óperetta
Lau. 22.okt. kl. 16 – frumsýning
Sun. 23. okt. kl. 17 – 2. sýning
Sun. 30. okt. kl. 17 – 3. sýning
Fim. 3. nóv. kl. 20 – 4. sýning
VÍSIR
Sýnt í Iðnó, miðasala í síma: 562-9700 og á idno@xnet.is

GERÐUBERG
Starfsdagur í Gerðubergi
Skrifstofur og sýningar eru lokaðar í dag.
Félagsstarfið í Gerðubergi
er opið í dag frá kl. 9 -16.30
Kaffi Berg
er opið frá kl. 9 -16
Borgarbókasafnið
Öll söfn Borgarbókasafnsins eru lokuð í dag vegna málþings starfsmanna.
www.gerduberg.is • Sími: 575 7700

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




















## Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI

**My Summer as a Salvation Soldier:** Anarchists are Hopeless Romantics, **Sálin:** Undir þínum áhrifum, **Worm is Green:** Push Play, Ampop: **My Delusions, Blindfold:** Blindfold, **Robbie Williams:** Intensive Care og **Starsailor:** On the Outside.

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# *Miðar á Sigur Rós rjúka út*

Uppselt er í stúku á tónleika Sigur Rósar í Laugardalshöll þann 27. nóvember næstkomandi. Miðasalan hófst í gærmorgun og gekk afar vel. Að sögn Kára Sturlusonar, tónleikahaldara, seldust miðarnir upp á um það bil tveimur mínútum sem er að sjálfsögðu frábær árangur. Er það greinilegt að íslenskir tónlistarunnendur ætla ekki að láta fyrstu tónleika Sigur Rósar hér á landi í tæp þrjú ár fram hjá sér fara. Einnig má búast við hópi erlendra gesta á tónleikana því boðið er upp á pakkaferðir frá Danmörku, Svþjóð og Noregi, auk þess sem Bandaríkin, Þýskaland og Holland bættust í hópinn fyrir skömmu.

Um miðjan dag í gær voru aðeins um eitt þúsund miðar eftir á tónleikana, en Höllin tekur 5.000 áhorfendur. Þess má geta að hljómsveitin Amina mun hita upp fyrir Sigur Rós eins og hún hefur gert á tónleikaferð hennar um heiminn að undanförnu.

Sigur Rós hefur verið í tónleikaferð til að fylgja eftir nýjustu plötu sinni Takk, sem hefur fengið afbragðs viðtökur, bæði gagnrýnenda og almennings.



**SIGUR RÓS** Hljómsveitin Sigur Rós heldur tónleika í Laugardalshöll 27. nóvember.

## > Plata vikunnar...



**DANÍEL ÁGÚST: Swallowed a Star**

*„Fyrsta sólóplata Daníels Ágústs er heillandi í flesta staði. Hún er þung áheyrnar á köflum en þeir sem leggja vel við hlustir fá það ríkulega launað.“* **FB**

## > Popptextinn...

*This week´s been awful, but today was okay. I wouldn´t mind so much if it wasn´t for the smell as such.*

**Þórir syngur um ástarsorgina í laginu The Captain is out to Lunch af plötunni Anarchists are Hopeless Romantics.**



**JEFF WHO?** Hljómsveitin Jeff Who? er í efsta sæti X-Dóminoslistans með lagið The Golden Age.

## X-DÓMÍNOSLISTINN

*TOPP 10 LISTI X-FM*

1. **JEFF WHO?** THE GOLDEN AGE
2. **DEATH CAB FOR CUTIE** SOUL MEETS BODY
3. **KAISER CHIEFS** I PREDICT A RIOT
4. **THE ZUTONS** DON´T EVER (THINK TO MUCH)
5. **OASIS** THE IMPORTANCE OF BEING IDLE
6. **FOO FIGHTERS** DOA
7. **COLDPLAY** FIX YOU
8. **FRANZ FERDINAND** DO YOU WANT TO?
9. **NADA SURF** ALWAYS LOVE
10. **U2** ALL BECAUSE OF YOU

# Grapevine Airwaves komið út

Fyrsta tölublað Grapevine Airwaves 2005 kemur út í dag. Um er að ræða fyrsta blaðið af þremur sem koma út í tengslum við Iceland Airwaves-hátíðina.

Heilar sjö blaðsíður í blaðinu í dag verða fylltar tónleikaumfjöllunum og myndum af tónleikum sem voru haldnir í gærkvöldi. Blaðinu verður dreift frítt í fimmtán þúsund eintökum um allan miðbæ Reykjavíkur.



**JÓN TRAUSTI SIGURÐARSON** Jón Trausti gefur í dag út Grapevine Airwaves 2005 ásamt hópi góðs fólks.



**THE ZUTONS** Hljómsveitin spilar á Iceland Airwaves-tónlistarhátíðinni í Hafnarhúsinu á morgun. The Zutons spila einhvers konar tónlistarbræðing úr hinum ýmsum stefnum. Árið 2004 var hún tilnefnd til Mercury-verðlaunanna fyrir plötuna Who killed...The Zutons en missti þau til rokkaranna í Franz Ferdinand.

# Saxófónar aftur í tísku

**Rokksveitin The Zutons spilar í Hafnarhúsinu á Airwaves-hátíðinni á morgun. Af því tilefni ræddi Borghildur Gunnarsdóttir við hina óumdeilanlega svölu Abi Harding sem leikur á saxófón með sveitinni og gefur lögunum sérstakan og skemmtilegan blæ.**

Hljómsveitin var stofnuð í Liverpool árið 2002 af söngvaranum og gítarleikaranum David McCabe, gítarleikaranum Boya Chowdhury, bassaleikaranum Russel Pritchard og trommaranum Sean Payne. Abi Harding var vinkona þeirra og lék stundum með þeim á tónleikum en gekk formlega til liðs við sveitina árið 2004. Hljómsveitin gaf út plötuna Who Killed.....The Zutons árið 2004 sem var meðal annars tilnefnd til Mercury-verðlaunanna sama ár. Hljómsveitarmenn spila einhvers konar blöndu af rokki, poppi, kántrí, folk-tónlist og fönki. Gæti hljómað eins og hörmulegur hrærigrautur en einhvern veginn tekst þeim að koma í veg fyrir það og lögin grúva mörg fjári vel.

**Saxófónleikari sem vekur athygli**

Abi Harding lýsir sjálf tónlistinni á mjög líkan hátt. „Þetta er mikil blanda úr öllum áttum. Ég býst samt við því að þetta sé popptónlist einungis vegna þess að hún er orðin vinsæl. Við blöndum þó ýmsum stefnum saman, erum frekar rokkuð en með sálar- og djassáhrif. Við hugsum voðalega lítið um það undir hvaða flokk tónlist okkar passar heldur gerum við bara það sem okkur finnst hljóma vel. Ég held að hljómurinn okkar á nýju plötunni sé örlítið breyttur frá þeirri fyrri. En við hljómum samt ennþá eins og The Zutons,“ segir hún dásamlega hásri röddu sem blaðamaður veltir fyrir sér hvort stafi af miklum reykingum, öskrum á tónleikum eða sé bara meðfædd.

Hún hefur spilað á saxófón síðan hún var fimmtán ára en hætti því í nokkurn tíma þegar hún hryggbrotnaði. „Ég gat ekki haldið á neinu þungu og byrjaði ekki aftur að spila fyrr en ég var orðin um sautján, átján ára. Stuttu seinna gekk ég til liðs við hljómsveitina,“ segir hún og viðurkennir að mörgum þyki merkilegt að í rokkhljómsveit sé stelpa sem spilar á saxófón. „Já mörgum finnst það skrítið. Saxófónar fóru örlítið úr tísku á tímabili en ég er núna að vinna hörðum höndum að því að koma þeim aftur í tísku,“ segir hún og hlær.

Abi hlustar ekki eingöngu á saxófóntónlist en á þó nokkra uppáhalds saxófónleikara. „Uppáhaldsleikarinn minn er djassarinn Paul Desmond sem var í The Dave Brubeck Quartet. Ég virkilega dáist að færni hans. Annars koma áhrifavaldar okkar í hljómsveitinni úr öllum áttum. Við hlustum öll mikið á Neil Young, Crosby Stills and Nash, Sly and the Family Stone, Funkadelics, Johnny Cash, James Brown, Talking Heads og margt fleira.“

Spurð hvaða nýja hljómsveit henni finnist vera að gera bestu hlutina segir hún: „Ég fíla til dæmis The Futureheads, The White Stripes, Arcade Fire og N.E.R.D.“

**Rokkstjörnur og slúðurheimurinn**

Talið berst að rokkstjörnuheiminum, kostum hans og göllum og slúðurheiminum sem rokkstjörnur eru núorðið partur af. „Ég held að eitt það besta við að vera rokkstjarna sé að geta ferðast og séð fullt af ólíkum löndum. En það albesta er samt að eiga kost á að spila á tónleikum á hverju kvöldi. Að spila lög sem þú hefur gert sjálfur og að sjá fólk kunna að meta þau er það besta í heimi!“

Að mati hennar er einnig óhjákvæmilegt fyrir rokkstjörnur að verða frægar og verða partur af slúðurheiminum. „Það er hægt að vera tónlistarmaður og vera ósýnilegur. En ef þú vilt græða peninga og vilt að fleiri manneskjur heyri tónlistina þá þarftu að sætta þig við frægðina. Við lifum í heimi þar sem allir eru svo uppteknir af fræga fólkinu, hverju það klæðist og hvað þau eru að gera. Það væri auðvitað betra að þurfa ekki að verða frægur en ég held að það sé ekki hægt að komast hjá því ef hljómsveitin er stór.“

**Vill að fólk fái hamingjutilfinningu**

Margar hljómsveitir leggja mikið á sig til þess að skapa sér ímynd og er Abi á því að ytri ímynd sé mikilvæg fyrir hljómsveit. „Það er nauðsynlegt að vera áberandi og stinga í stúf við aðrar hljómsveitir. Annars hafa fjölmiðlar líka minni áhuga á að taka myndir af manni eða á að fjalla um mann og þá vita færri af tilveru manns. Það er mjög sniðugt að pæla svolítið í klæðaburði og jafnvel klæðast búningum. Við höfum til dæmis klæðst einungis svörtu og appelsínugulu á nokkrum tónleikum. Þá spreyjuðum við míkrafónsstandana og trommurnar appelsínugular og svartar líka. Núna erum við að reyna að finna eitthvað nýtt til þess að gera,“ segir Abi og bætir við að það sé enn skemmtilegra fyrir áheyrendur að tónleikar bjóði líka upp á eitthvað fyrir augað.

„Ég vil að fólk finni fyrir einhverju þegar það hlustar á tónlistina okkar. Helst vil ég auðvitað að fólk fái hamingjutilfinningu. Ég elska allt í sambandi við tónlist og mér finnst dásamlegt ef ég get fengið áheyrendur til að finna fyrir einhverju góðu þegar þeir heyra tónlistina.“

Að lokum segist hún hlakka til þess að koma til Íslands. „Við eigum vin á Íslandi sem ætlar að sýna okkur hveri og þess háttar. Svo förum við beint aftur í hljóðver þegar við komum heim og tökum upp næstu plötuna okkar.“




## Hljóðupptökunámskeið í Stúdíó Sýrlandi

Hið árlega hljóðupptökunámskeið í Stúdíó Sýrlandi hefst í byrjun janúar 2006. Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa einhverja reynslu af hljóðupptökum og vilja bæta þekkingu sína enn frekar. Á námskeiðinu, sem haldið er í einu fullkomnasta hljóðveri landsins, verður lögð áhersla á vönduð vinnubrögð þar sem nútímatækni í hljóðvinnslu er nýtt til hins ítrasta. Námskeiðið stendur yfir í 8 vikur en fjöldi þátttakenda er takmarkaður. Innritun er hafin.

Allar nánari upplýsingar eru veittar í Stúdíó Sýrlandi, Skúlatúni 4 og í síma 591 5250 eða 591 5280

SÝRLAND recording studios

digidesign

BaseCamp

# Heilsteyptari en áður

Önnur sólóplata trúbadorsins Þóris, Anarchists are Hopeless Romantics, er komin í búðir. Fyrsta plata hans, I Believe in this, fékk mjög góðar viðtökur hér á landi er hún kom út fyrir síðustu jól, meðal annars vegna afslappaðrar útgáfu hans af Outkast-laginu Hey Ya! Eftirvæntingin hefur því verið mikil eftir nýju efni frá kappanum.

Þórir hefur breytt um listamannsnafn og kallar sig nú My summer as a salvation soldier til að auðvelda notkun nafnsins erlendis, en nýja platan verður m.a. gefin út í Skandinavíu. „Við lentum í svo miklu veseni síðast og þetta er nafnið sem ég notaði upphaflega áður en ég gerði samning við 12 tóna. Mig vantaði þá eitthvað nafn og þetta var bara einhver hugmynd sem ég fékk,“ segir hann.

Aðspurður segir Þórir að nýja platan sé mun heilsteyptari en sú fyrri. „Þessi er samin sem plata en hin var safn af lögum sem ég átti til. Ég er dálítið að prófa nýja hluti og nota meiri taktpælingar en áður. Þarna eru líka meiri áhrif frá fleiri tónlistarstefnum en á þeirri fyrri,“ segir hann. Nefnir Þórir meðal annars áhrif úr hiphopi og raftónlist.

Auk sólóferilsins segist Þórir vera í sjö hljómsveitum, þar á meðal harðkjarnahljómsveitunum Fighting Shit og Hryðjuverk. „Þetta eru hljómsveitir sem spila mismunandi gerðir af pönki og „hardcori.“ Síðan er ég líka að vinna að hiphop-plötu með félaga mínum sem er rappari,“ segir hann og getur því varla kvartað undan verkefnaskorti.

Þórir, sem er tvítugur, segist ekki stefna á að slá í gegn erlendis en hefur þó gaman af því að spila úti. „Ég spila stundum á eigin vegum úti. Ég fer ef ég fæ tölvupóst og þá græja ég hlutina sjálfur, sem er þægilegast. Það er gaman að fá að ferðast og spila fyrir nýtt fólk, það er ekkert meira sem mig vantar,“ segir Þórir, sem segist einnig fá aðstoð frá 12 tónum vegna ferðanna.

Þórir spilar á Iceland Airwaves á laugardagskvöld í Þjóðleikhúskjallaranum. Útgáfutónleikar vegna nýju plötunnar eru síðan fyrirhugaðir í næsta mánuði.



**ÞÓRIR** Trúbadorinn Þórir er að gefa út sína aðra sólóplötu. MYND/VALLI



**THE STROKES** Rokksveitin The Strokes spilar í Ástralíu í næsta mánuði.

## Frumflutningur í Ástralíu

Rokksveitin The Strokes ætlar að frumflytja efni af nýju plötunni sinni, First Impressions of Earth, á litlum tónleikastað í Ástralíu.

Tónleikarnir verða haldnir síðustu vikuna í nóvember að viðstöddum einungis 450 áhorfendum á stað sem kallast Annandale Hotel. Hljómsveitin Jet hefur áður haldið leynilega tónleika á sama stað. Þriðja plata The Strokes er væntanleg snemma á næsta ári.

## SMS

**UM NÝJUSTU PLÖTURNAR**

### Sleater Kinney: The Woods

„Stelpurnar í Sleater Kinney er búnar að vera svo lengi að gefa út plötur að þeim er loksins orðið skítsama hvað öðrum finnst um sköpunarverk sín. Þær hafa aldrei verið betri.“ BÖS

### Sugababes: Taller in More Ways

„Fjórða breiðskífa Sugababes gerir það sem hún á að gera hvað slagara varðar, en lítið meira og skilur því lítið eftir sig. Góðærið er búið, ég spái sólóferlum bráðlega.“ BÖS

### Franz Ferdinand: You Could Have it So Much Better

„Önnur plata Franz Ferdinand stenst væntingar. Er stuðandi, melódísk og sjarmerandi. Hér er haugur af framtíðar útvarpsslögurum.“ BÖS

### CocoRosie: Noah´s Arc

„Önnur plata CocoRosie er guðdómleg. Stórkostleg framför frá fyrri plötunni, sem var þó ekkert slor. Þeir eru örugglega með þessa á „repeat“ í himnaríki.“ BÖS

### Devandra Barnhart: Crippled Crow

„Devandra Barnhart hleður í kringum sig góðu fólki og gerir bestu plötu sína til þessa. Hér er tónlistarmaður sem vex og vex við hvert verk.“ BÖS



Wild Sushi from land and sea
Villibráðadagar á Maru
*Misosúpa með villisveppum og blóðbergi*
*Dádýra nigiri*
*Maki með gæsabringu og rjómaosti*
*Hrefnukjöt „tataki“ með wasaby eða hrefnu nigiri*
*Þorsk Sashimi „new style“*
Verð kr. 5.300.-
MARU
restaurant • bar • take-away
Aðalstræti 12 • Sími. 511 4440
www.maru.is • maru@maru.is



www.lin.is
G–lán
Ný kjör 2005–2006

Lán sem LÍN veitir frá og með skólaárinu 2005-2006 eru á nýjum kjörum, svokölluð G-lán. Allir umsækjendur um námslán verða því að skila nýju skuldabréfi og/eða skuldbreytingarbréfi til sjóðsins áður en til útborgunar kemur.
ath! Lokafrestur til að sækja um skuldbreytingu er til **1. nóvember 2005**.
Lánþegar sem skulda R-lán, þ.e. lán frá árunum 1992-2004, eiga rétt á skuldbreytingu. Með henni er líklegt að þeir geti létt árlega greiðslubyrði sína.
LÍN hvetur lánþega til að kynna sér nýju lánskjörin á vef sjóðsins **www.lin.is**. Þar er auðvelt og þægilegt að sækja um breytinguna. Á vefnum má einnig nálgast upplýsingar um núverandi skuldastöðu og ábyrgðarmenn.
LÍN
Lánasjóður íslenskra námsmanna Borgartúni 21 Reykjavík www.lin.is lin@lin.is
Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu


O.C. Þrátt fyrir vinalegt yfirbragð eru þættirnir ekki taldir fjölskylduvænir.

# Fátt fjölskylduvænt

Fjórir þættir frá Fox-sjónvarpsstöðinni deildu efstu sætunum hjá Samtökum fjölskyldu og sjónvarps í Bandaríkjunum yfir þá þætti sem þóttu ekki fjölskylduvænir. Meðal þáttanna voru The Family Guy og American Dad auk O.C. Sá sem trónaði efstur á palli var The War at Home. CSI og Aðþrengdar eiginkonur lentu einnig á svarta listanum hjá samtökunum auk That's 70 Show og Arrested Development.

Sá þáttur sem þótti hvað best til þess fallinn að fjölskyldan sameinaðist um var Extreme Makeover: Home Edition. Að sögn talsmanns samtakanna, L. Brent Bozell, voru blótsyrði og tilvísanir í kynlíf meðal þess sem dró þættina niður. Þá benti Bozell einnig á að þeim hefði ekki tekist að finna tíu þætti sem væru fjölskylduvænir. Einungis níu væru á þeirra lista.

allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga

# Unglingarnir stela senunni á Airwaves

**Tónlistarhátíðin Iceland Airwaves hófst í gær með fjölda tónleika í miðbæ Reykjavíkur. Birgir Örn Steinarsson kíkti á það sem var í boði.**

Það hlýtur að vera einsdæmi að það sé hægt að halda jafn viðamikla tónlistarhátíð í jafn litlum bæ og Reykjavík er. Hátíðin í ár sannar það líka að Íslendingar elska íslenska tónlist. Því þó það vanti nöfn í ár sem aðrir en bara tónlistargrúskarar myndu þekkja þá seldust allir miðarnir upp mínútum eftir að hátíðin var sett.

Hátíðin mín hófst á himneskan hátt á Nasa með ungri fartölvutrúbadúrshnátu sem kallar sig **Mr. Silla**. Hún er nýbyrjuð að troða upp ein og óstudd, en hefur það á ferilskránni að hafa unnið söngvakeppni framhaldsskólanna með vinkonu sinni fyrir um tveimur árum síðan. Silla spilar mjög lágstemmda tónlist á rafmagnsgítar og syngur eins og engill. Hún hlýtur að vera efnilegasta söngkona sinnar kynslóðar hér á Klakanum. Auk þess að syngja sín eigin lög færir hún lög eftir aðra í sinn angurværa búning. Þar á meðal lög eftir CocoRosie, Destiny´s Child og Prince-lagið Purple Rain sem hún flytur á svipaðan hátt og sænska gyðjan Stina Nordenstam gerði á tökulagaplötunni sinni. Stundum styðst Silla við berstrípaða takta en í öðrum lögum lætur hún gítarinn duga. Það verður spennandi að heyra þegar hún er komin aðeins lengra með eigin lagasmíðar, því hér er rísandi stjarna á ferð. Flutningur hennar var óaðfinnanlegur og hún er gædd þeim sérstaka hæfileika að geta dáleitt fólk án þess að þurfa á hjálparmönnum að halda. Svipað hættuleg og Sírenurnar úr Ódysseifskviðu Hómers.

## Benni Hemm Hemm er vinamargur

**Jara** skein aftur á móti ekki eins bjart á sviðinu á Nasa. Þrælefnileg stelpa með ágætis lög en hún er á engan hátt reiðubúin að leika á jafn fjölmennum tónleikum. Jara hefði passað betur á minni stað eins og Grand Rokk því hún var mjög stressuð og það hjálpaði ekki litlausri sviðsframkomunni. Synd, því hún hefur góða rödd og útsetur lögin sín á athyglisverðan hátt. Hún þarf bara að safna meiri spilareynslu og mæta aftur á liðnu ári. Ég naut þess þó að sjá Kolrössurnar Bíbi og Sigrúnu saman aftur á sviði. Rammi Jöru er flottur, en hana vantar bara helst sjálfsöryggið til þess að hægt sé að njóta innihaldsins.

Næsta atriði á svið var flippsveitin **Cotton + Einn**. Þar má sjá Örvar úr múm spila á bassa og vini hans láta öllum illum látum á sviðinu. Tónlistin er svipuð kvennasveitinni Le Tigre nema hvað að hún er ekkert sérstaklega skemmtileg. Að sjá þá á sviði var svolítið eins og að mæta á Listakvöld í FB og sjá flippuðu strákana fríka út. Ég þurfti vel að bíta á jaxlinn til þess að komast í gegnum tónleika þeirra. Að mínu mati áttu þeir ekkert erindi á svið Nasa, eins og Jara hefðu þeir notið sín mun betur á sveittari stað.

Næst rölti ég yfir á Grand Rokk til þess að sjá **Benna Hemm Hemm** og **Jakobínarínu**. Þegar ég labbaði inn var hljómsveitin **Vax** að ljúka sér af. Ég hef aldrei heyrt þeirra getið og í dagskrá Airwaves er engar upplýsingar um þá að finna. Samt efnilegasta sveit, sem er greinilega að gera tónlist frá hjartanu. Hefði viljað heyra meira frá þeim, en mætti of seint.

Benni Hemm Hemm er vinamargur. Með ellefu manns á sviðinu sem virkaði hálf fáránlega á jafn litlu svæði og Grand Rokk hefur upp á að bjóða. Tónlistin er óvenjulega lágstemmd miðað við stórhljómsveit og kerfið á staðnum náði ekki að yfirbuga kjaftagang drukkna gestra. Ég þurfti því að færa mig alla leið að sviðinu til þess að eiga séns að njóta þess sem þessi góði drengur hefur upp á að bjóða. Þá loksins gat ég notið lúðrablástursins til fulls. Benni semur einföld lög á gítarinn sinn, en það eru útsetningarnar sem gera tónlist hans svo áhugaverða. Svo tók pilturinn Til eru fræ, sem Haukur Morthens gerði ódauðlegt, í frábærri útsetningu. Ég var töluvert ósammála skipulagningunni þetta kvöld og hefði til dæmis viljað sjá Benna á stærri stað þar sem hann hefði getað notið sín almennilega. Ég get ímyndað mér að það sé mikill hausverkur að ná öllum á hljómsveitaræfingar.

## Jakobínarína stóð upp úr

**Jakobínarína** var án efa það besta sem ég sá þetta kvöld. Sigurvegarar Músíktilrauna náðu að fylla mig trú á íslenskri æsku, sem var hægt og rólega að glatast. Þrátt fyrir að flestir, ef ekki allir, meðlimir sveitarinnar hafi ekki aldur til þess að sækja svona samkomur þá voru þeir öryggið uppmálað. Þéttari rokksveit á Klakanum um þessar mundir er líklegast erfitt að finna. Tónlistin er undir greinilegum áhrifum frá Joy Division, Þeysurunum og Interpol. Þeir piltar hafa greinilega unnið heimavinnuna sína og eytt löngum stundum á æfingum í það að útsetja slagara sína. Það sem er eiginlega merkilegast við þessa sveit er að þeir falla ekki í sömu gryfju og flestar ungar sveitir gera, að vera of uppteknar á hljóðfærin sín. Það eru t.d. engir teljandi árekstrar hjá gítarleikurunum, eins og gerist alltaf. Uppbyggingar laga þeirra eru líka óvenju þroskaðar, og væru það þrátt fyrir að þessir piltar væru komnir yfir tvítugt. Söngvarinn minnir á Ian Curtis nema það að hann hljómar hamingjusamur, og sviðsframkoma þeirra er til fyrirmyndar. Hér og með gerist ég opinberlega aðdáandi númer eitt!

Í sæluvímu eftir ferska tóna unglinganna ákvað ég að kíkja á stærsta erlenda atriði kvöldsins, **Annie** frá Noregi. Ég hefði betur sleppt því, hún var hræðileg og álíka jafn spennandi og ferð til tannlæknisins. Ekki orð um það meir.

**Birgir Örn Steinarsson**


VAX Hljómsveitin Vax er hin efnilegasta sveit. MYND/VILLI

Heimsþekktir danshöfundar hjá Dansstúdíó World Class
DARRIN HENSON & JIMMY LOCUST
Einungis helgina 28. - 29. október!




Byrjendur – framhaldsnemendur - atvinnudansarar á Íslandi! Stelpur og strákar! Engin áhugamanneskja um dans ætti að láta þetta einstaka tækifæri fram hjá sér fara! Einstök upplifun og skemmtun! Sannkölluð DANSGLEÐI!

DAGSKRÁ

» Föstudagurinn 28. október
Byrjendahópur: Hægari yfirferð
Darrin Henson og Jimmy Locust frá 18:30-21:00
Framhaldshópur: Hröð yfirferð og flóknar rútínur
Darrin Henson og Jimmy Locust frá 18:30-21:00

» Laugardagurinn 29. október
Byrjendahópur: Hægari yfirferð
Darrin Henson og Jimmy Locust frá 11:30-14:00
Framhaldshópur: Hröð yfirferð og flóknar rútínur
Darrin Henson og Jimmy Locust frá 11:30-14:00

Gert verður hálftíma hlé milli skiptinga hjá kennurum og mun þá gefast tími í fyrirspurnir og spjall.

Skráning fer fram hjá Dansstúdíó World Class - DWC, Laugum í síma 553 0000

Jafnframt því að vera dansari og danshöfundur er Darrin Henson, leikari,leikstjóri og framleiðandi. Jimmy Locust er m.a. einn danshöfunda RHYTHM NATION 1814, tímamótaverks Janet Jacksson sem var framleitt af Propaganda Films Production og var þá í eigu íslendingsins Sigurjóns Sighvats. Báðir hafa þeir unnið með Michael Jacksson.

» Street-style
» Hip Hop
» Locking
» Funk
» Jazzfunk
» Break
» Freestyle

DWC Dansstúdíó World Class Iceland

HYUNDAI - RENAULT - BMW - LAND ROVER

# Sama hvernig það lítur út

## fáðu kaupaukann beint í veskið



FÁÐU BEINT Í VESKIÐ

# 50.000 KR.

# BENSÍNINNEIGN FRÍ ÁBYRGÐAR- OG KASKÓTRYGGING*

**Bensínkort með 50 þúsund króna inneign og frí ábyrgðar- og kaskótrygging* fylgir nú öllum nýjum bílum frá B&L.** Ef þú ert í bílahugleiðingum, fáðu þér nýjan og glæsilegan Hyundai, Renault, Land Rover eða BMW með kaupauka sem þú færð beint í veskið, **að verðmæti allt að 140 þúsund krónur.** Komdu við hjá okkur. **Við erum með bílinn handa þér.**

*Frí ábyrgðar- og kaskótrygging í 1 ár. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

VÖRÐUR ÍSLANDSTRYGGING

LÝSING

Með bílinn handa þér



HYUNDAI hefur gæðin



RENAULT





LAND ROVER GO BEYOND™

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

Opið virka daga frá kl. 10 til 18 og laugardaga frá kl 12 til 16.

Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílás Akranesi sími 431 2622 • SG Bílar Reykjanesbæ sími 421 4444

Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bíla- og búvélasalan Hvammstanga sími 451 2230 • Álaugarey Höfn sími 478 1577








# Kínverjar sungu með í Lucky One

KK og félagar í hljómsveitinni The Lucky Ones fengu frábærar viðtökur á fyrstu tónleikum sínum af þremur í Shanghai í Kína í fyrrakvöld.

Tónleikarnir fóru fram í Shanghai Concert Hall sem þykir afar glæsileg og rúmar yfir 1200 manns í sæti. Fullt hús var á tónleikunum og kunnu áheyrendur vel að meta tóna KK og félaga. Kom það mönnum í opna skjöldu að kínversku áheyrendurnir virtust þekkja sum laga KK og kom það vel í ljós þegar sveitin spilaði lagið Lucky One. Þá risu tónleikagestir úr sætum sínum og klöppuðu og sungu með.

Eyþór Gunnarsson hljómborðsleikari vakti einnig mikla lukku þegar hann söng gamla kínverska barnagælu með stuðningi áhorfenda sem flestir sungu með. Í lok tónleikanna var The Lucky Ones klöppuð upp og tók nokkur aukalög.

KK og félagar eru í Shanghai til að taka þátt í sjöundu alþjóðlegu lista- og kaupstefnuhátíðinni í Shanghai. Íslenskir þátttakendur á hátíðinni eru, auk The Lucky Ones, Zonet-útgáfan með Óttar Felix Hauksson í broddi fylkingar.



**THE LUCKY ONES** Hljómsveitin The Lucky Ones sló rækilega í gegn á fyrstu tónleikum sínum í Kína í fyrrakvöld.








# Harðhausarokk Dr. Spock

**UMFJÖLLUN**

**[TÓNLIST]**

Rokkhljómsveitin Dr. Spock er runnin undan rifjum Quicksand Jesus sem átti aldrei upp á pallborðið hjá undirrituðum. Man í raun ekki af hverju það var. Í fljótu bragði virðist samlíkingin við Rass og Ham vera óumflýjanleg. Sú hræðsla magnaðist þegar diskurinn fékk að rúlla í fyrsta skipti en hvarf eftir frekari hlustun. Það var í raun bara rödd Óttars Proppé sem kom þessari ranghugmynd inn í kollinn.

Á fyrstu skífu sveitarinnar, Dr. Phil, hefur sú leið verið farin að reyna að búa til eins hrátt rokk og hugsast getur. Skrúfað aðeins upp í magnaranum og farið úr að ofan. Allir stælar sendir út í hafsauga. Ekki miklum tíma varið í smáatriði enda platan tekin upp „live" á einum tuttugu tímum.

Lögin eru keyrð áfram af miklum krafti og þeir sem hafa séð sveitina á tónleikum vita að það er töggur í Dr. Spock. Engir hnökrar eru á spilamennskunni og sveitin verður seint sökuð um að vera ekki nógu þétt. Bráðskemmtileg lög eins og Beach Boys líta dagsins ljós og þá kemur texti Bítlalagsins, Strawberry Fields, skemmtilega við sögu.

Hvort um sé að ræða einhverja frægðarkomplexa veit ég ekkert um en verð að viðurkenna að mér finnst það ekki nógu gott mál þegar svona kröftug tónlist er á ferðinni að hún skuli sungin á ensku. Þessi gerð af tónlist býður upp á að nýta tungumálið okkar. Ef það er einhver söngvari sem getur nýtt sér það er sá maður Óttar Proppé. Suckmycock-Spockyoufuck og Andskotinn eru enda bestu lögin á plötunni.

Þeim sem ætla að njóta tónlistarinnar í botn er ráðlagt að festa kaup á hvítum hlýrabol, öflugum græjum og vara nágrannann við. Dr. Phil er ekki platan sem þú setur á þegar tengdaforeldrarnir koma í heimsókn heldur þegar þau eru farin af landi brott.

**Freyr Gígja Gunnarsson**




**DR.SPOCK**

***DR.PHIL***

***NIÐURSTAÐA:*** Ef þú ætlar að njóta tónlistar Dr. Spock ættirðu að kaupa þér hvítan hlýrabol, öflugar græjur og vara nágrannann við. Þetta er ekki platan sem þú setur á þegar tengdaforeldrarnir koma heimsókn.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Antonio Banderas** hefur verið heiðraður með stjörnu á **Hollywood Boulevard**. Spænski leikarinn sagði við tækifærið að honum væri það heiður og forréttindi að öðlast slíka viðurkenningu. „Ég kom til borgarinnar fyrir sextán árum með ekkert á milli handanna." Banderas tileinkaði konu sinn stjörnuna en hann hefur verið giftur **Melanie Griffith** í níu ár.



Ray Winstone segir samleikkonu sína, Angelinu Jolie, vera trúlofaða Brad Pitt. Winstone leikur með þokkagyðjunni í endurgerð Bjólfskviðu. Pitt og Jolie hafa verið í kastljósi fjölmiðla undanfarið ár en hafa ekki gefið færi á sér. Ekkert fékkst staðfest úr herbúðum skötuhjúanna.



Söngkonan sívinsæla, Britney Spears, er samkvæmt National Enquire sögð vera þjáð af fæðingarþunglyndi. Þetta kemur einnig fram í tímaritinu Star Peoble. Nú er kominn mánður síðan að Sean Preston fæddist og er Britney sögð það erfið í umgengni að hjúkrunarkonur flýja í ofvæni. Britney þarf því að sjá um barnið upp á eigin spýtur.

HÁDEGISBÍÓ
HÁDEGISBÍÓ: 400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI
3 BÍÓ
400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL: 3 UM HELGINA Í HÁSKÓLABÍÓI




## ÁLFABAKKI

| | | |
|---|---|---|
| FLIGHTPLAN | KL. 6-8.15-10.30 | B.I. 12 |
| FLIGHTPLAN VIP | KL. 3.45-6-8.15-10.30 | |
| WALLACE & GROMIT ísl. tal | KL. 4-6 | |
| WALLACE & GROMIT enskt tal | KL. 6-8.15-10.30 | |
| CINDERELLA MAN | KL. 5-8-10.50 | B.I. 14 |
| THE 40 YEAR OLD VIRGIN | KL. 5.30-8.10.30 | |
| GOAL | KL. 8.15-10.30 | |
| VALIANT ísl. tal | KL. 3.40 | |
| SKY HIGH | KL. 3.50 | |
| CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY | KL. 3.45 | |

## KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| WALLACE & GROMIT ísl. tal | KL. 6 |
| FLIGHTPLAN | KL. 8-10.10 |
| THE 40 YEAR OLD VIRGIN | KL. 8.40 |
| RED EYE | KL. 10.15 |
| VALIANT ísl. tal | KL. 6 |

## AKUREYRI

| | |
|---|---|
| WALLACE & GROMIT ísl. tal | KL. 6 |
| FLIGHTPLAN | KL. 8-10 |
| CINDERELLA MAN | KL. 10 |
| VALIANT ísl. tal | KL. 6 |
| THE 40 YEAR OLD VIRGIN | KL. 8 |

## KRINGLAN

| | | |
|---|---|---|
| PERFECT CATCH | KL. 6-8.15-10.30 | |
| TRANSPORTER 2 | KL. 8.15-10.30 | B.I. 16 |
| FLIGHTPLAN | KL. 8-10.15 | B.I. 12 |
| WALLACE & GROMIT ísl. tal | KL. 4-6 | |
| MUST LOVE DOGS | KL. 6 | |
| SKY HIGH | KL. 4 | |
| VALIANT ísl. tal | KL. 4 | |

FRÁBÆR SKEMMTUN
SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKI 587 8900 KRINGLAN 588 0800 AKUREYRI 461 4666 KEFLAVÍK 421 1170

| | | |
|---|---|---|
| DOOM | KL. 5.45-8-10.10 | B.I. 16 ára |
| FLIGHTPLAN | KL. 8-10.15 | B.I. 12 ára |
| CINDERELLA MAN | KL. 8.30-10.30 | B.I. 14 ára |
| MUST LOVE DOGS | KL. 8 | |
| CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY | KL. 5.45-8 | |
| STRÁKARNIR OKKAR | KL. 6-10 | B.I. 14 ára |
| KÓRINN - ÍSLENSK HEIMILDARMYND | KL. 6 | |

BÍÓDAGAR NORRÆNA HÚSSINS GARGANDI SNILLD KL. 5.15

Háskólabíó

# FRÉTTIR AF FÓLKI

Barnsfaðir söngkonunnar Geri Halliwell hefur lýst yfir stuðningi sínum vegna óléttu hennar. „Ég hyggst veita Geri og barninu alla þá ást og stuðning sem þau þurfa," sagði Sacha Gervasi en þau hafa verið í sambandi frá því í sumar. „Geri er himinlifandi yfir fréttunum en þetta var örlítið sjokk fyrir Sacha," sagði heimildarmaður.



Victoria Beckham segist búast við boði í brúðkaup leikaranna Tom Cruise og Katie Holmes. Beckham-hjónin vinguðust við Tom þegar hann fór á leik með Real Madrid í fyrra og hann kynnti þau seinna fyrir Katie þegar þau heimsóttu hann í júní. „Ég fer til Los Angeles í næstu viku og hitti Tom og Katie þá," sagði frú Beckham.



Móðir fyrirsætunnar Kate Moss flaug nýlega til Bandaríkjanna til þess að vera hjá dóttur sinni. Kate hafði þá nýlega hringt í móður sína og vildi að hún væri viðstödd part af meðferðinni sem snýst um fjölskylduna. „Linda hefur alltaf stutt dóttur sína og talaði við Kate á hverjum degi eftir að sagan um fíkn hennar komst á kreik. Kate veit ekki alveg hverjir eru virkilega vinir sínir en hún veit að hún getur treyst á móður sína," sagði vinkona fyrirsætunnar.



Tom Cruise virðist ætla að verða fyrirmyndartengdasonur. Leikarinn hefur nefnilega fest kaup á húsi við hliðina á foreldrum Katie Holmes en þau ráðgera brúðkaup í næsta mánuði. Frænka leikkonunnar sagði við breska blaðið Mirror að næsta skref hjá Cruise og Holmes væri sennilega að gifta sig í Ohio.



www.toyota.is




## Fimm stjörnu öryggi

Avensis fékk hæstu einkunn sem gefin hefur verið í árekstrarprófi Euro NCAP eða heilar fimm stjörnur fyrir öryggi. Þar vógu þungt öflugir loftpúðar og sterk yfirbygging. En sérstaða Avensis er ekki aðeins bundin við öryggi. Hann var líka kosinn bíll ársins í flokki fjölskyldubíla af tímaritinu WhatCar?

Avensis Wagon er hágæða fjölskyldubíll, ríkulega búinn og rúmgóður. Eftirtektarverður kostur sem sker sig úr hvar sem hann fer.

**Prófaðu verðlaunagripinn Avensis Wagon og sjáðu hvort hann smellpassi ekki fyrir fjölskylduna þína.**

**Verð frá 2.440.000 kr.**

TODAY TOMORROW TOYOTA

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota<br>Nýbýlavegi 4<br>KÓPAVOGUR<br>Sími: 570-5070 | Toyota Akureyri<br>Baldursnesi 1<br>AKUREYRI<br>Sími: 460-4300 | Toyotasalurinn<br>Njarðarbraut 19<br>REYKJANESBÆR<br>Sími: 421-4888 | Toyotasalurinn<br>Fossnesi 14<br>SELFOSS<br>Sími: 480-8000 |



## Kekic framlengdi

Sinisa Kekic skrifaði undir nýjan tveggja ára samning við Grindavík rétt áður en gengið var formlega frá ráðningu Sigurðar Jónssonar. Grindvíkingar geta þar með varpað öndinni léttar, enda hefur Kekic verið besti leikmaður liðsins sl. áratug.

# sport

sport@frettabladid.is

SIGURÐUR JÓNSSON RÁÐINN ÞJÁLFARI HJÁ GRINDAVÍK: SETUR SÉR HÁLEIT MARKMIÐ

# *Grindavík meistari innan þriggja ára*

Sigurður Jónsson skrifaði í gær undir þriggja ára samning við knattspyrnudeild Grindavíkur. Fyrstu tvö ár samningsins eru óuppsegjanleg. Sigurður náði samkomulagi við Grindvíkinga síðastliðinn sunnudag en þar sem hann er mjög hjátrúarfullur neitaði hann að skrifa undir samning fyrr en í gær.

„Ég er Skagamaður og það er svipað samfélag og í Grindavík. Í þessum bæjum tíðkast ekki að hefja samstarf á mánudegi enda er hann til mæðu. Þriðjudagur er til þrautar, miðvikudagur til moldar en fimmtudagur er til frama. Þess vegna kom aldrei annað til greina að skrifa undir samninginn fyrr en þá,“ sagði Sigurður en hann ætlar sér stóra hluti með Grindavíkurliðið. „Við setjum okkur það markmið að gera Grindavík að meisturum á þessum þrem árum. Ég er mjög metnaðarfullur sem og Grindvíkingar, og það er raunhæft að gera Grindavík að meisturum á þrem árum eins og hvað annað félag.“



Magni Fannberg Magnússon mun aðstoða Sigurð með liðið en Milan Stefán Jankovic, sem þjálfaði liðið í sumar, mun sjá um 2. flokk félagsins ásamt því sem hann verður yfirþjálfari yngri flokka félagsins.

„Ég ætla að búa til lið sem Grindvíkingar geta verið stoltir af. Næst á dagskrá er að skoða leikmannamálin en Kekic er búinn að framlengja og það er frábært. Þetta þríeyki sem ég, Magni og Janko skipa, mun sjá um alla flokka félagsins ásamt Jón Óla. Mér líst mjög vel á þetta samstarf og það verður gaman að vinna með þeim að því að byggja upp félagið,“ sagði nýráðinn þjálfari Grindavíkur, Sigurður Jónsson, sem ákvað að hætta þjálfun hjá Víkingi eftir að hafa komið liðinu upp í Landsbankadeildina.

## > Sigurvin til FH



Knattspyrnumaðurinn Sigurvin Ólafsson mun spila með Íslandsmeisturum FH á næsta ári. Sigurvin staðfesti við Fréttablaðið í gærkvöld að viðræður við FH væru á lokastigi og að hann myndi skrifa undir samning við félagið innan skamms. Sigurvin hefur leikið með KR undanfarin ár en samingur hans við félagið rann út eftir tímabilið í ár. „FH eru Íslandsmeistarar og með hörkulið og að sjálfsögðu stefni ég á að verja titilinn með þeim á næsta ári,“ sagði Sigurvin við Fréttablaðið í gær.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER

18 19 20 **21** 22 23 24

**Fimmtudagur**

**LEIKIR**

19.00 **KA** og **Fram** eigast við í DHL-deild karla í handbolta í KA-heimilinu.

19.15 **ÍR** og **HK** mætast í DHL-deild karla í handbolta í Austurbergi.

**LEIKIR**

07.00 **Olíssport** á Sýn. Þátturinn er endursýndur þrisvar sinnum til klukkan 09.00 og svo aftur klukkan 16.35.

17.05 **Gillette-sportpakkinn** á Sýn.

17.50 **Upphitun** á Skjá einum.

18.05 **NFL-tilþrif** á Sýn.

18.35 **Enski boltinn** á Sýn. Leikur Leeds United og Sheffield United sýndur beint.

20.35 **Motorworld** á Sýn.

21.05 **Meistaradeild Evrópu** á Sýn. Fréttir af leikmönnum og liðum Meistaradeildarinnar.

21.35 **Sloppið naumlega** á Sýn.

22.55 **NBA-bestu leikirnir** á Sýn.

# Óvissa með Viktor Bjarka og Grétar Sigfinn

**Framtíð Grétars Sigfinns Sigurðssonar og Viktors Bjarka Arnarssonar er í fullkominni óvissu þótt báðir séu samningsbundnir Víkingi.**

**FÓTBOLTI** Framtíð Grétars Sigurðssonar, sem lék með Val í sumar, og Viktors Bjarka Arnarssonar, sem var á mála hjá Fylki, er enn óljós en þeir eru báðir samningsbundnir Víkingi og voru í sumar á lánssamningum hjá Val og Fylki. Bæði félögin vilja halda leikmönnunum í sínum röðum en Magnús Gylfason, nýráðinn þjálfari Víkings, segir það ekki koma til greina að láta Viktor og Grétar fara frá félaginu.

Grétar segist hafa áhuga á því að leika áfram með Val en líst þó vel á það að Magnús Gylfason hafi verið ráðinn þjálfari hjá Víkingi. „Magnús er góður þjálfari ég get vel hugsað mér að starfa með honum. En það kitlar líka að halda áfram að vera leikmaður Vals og spila með liðinu í Evrópukeppninni á næstu leiktíð. Ég mun ræða við forráðamenn Víkings á næstunni og fara yfir málin en vonandi fara mín mál að skýrast sem allra fyrst.“

Viktor Bjarki tók í sama streng og sagðist vera orðinn leiður á óvissunni.

„Það er orðið tímabært að fá þessi mál hreint. Mér líst vel á Magnús sem þjálfara Víkings en get líka hugsað mér að vera áfram hjá Fylki og svo veit ég af áhuga Vals.“



**GRÉTAR SIGURÐSSON** Grétar, sem hér er í baráttu við Gunnlaug Jónsson, var sterkur í vörn Vals í sumar og hefur áhuga á því að reyna sig í Evrópukeppninni með liðinu á næsta ári.

Róbert Agnarsson, formaður knattspyrnudeildar Víkings, ætlar sér að ganga frá leikmannamálum á næstu dögum.

„Grétar og Viktor Bjarki eru samningsbundnir Víkingi og auðvitað viljum hafa halda þeim hjá Víkingi. Ég sagðist fyrst vilja ganga frá þjálfaramálum og síðan fara í leikmannamálin. Nú er búið að ráða Magnús og þá er bara næst að ganga frá leikmannamálum.“

Börkur Edvardsson, formaður knattspyrnudeildar Vals, hefur mikinn hug á því að halda Grétari í sínum röðum. „Við ætlum að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að halda Grétari í okkar röðum og vonandi tekst okkur það.“

Valsmenn hyggjast leggja fram kauptilboð í Grétar á næstunni en þeir hafa einnig áhuga á því að fá Viktor Bjarka í sínar raðir.

**magnush@frettabladid.is**



**SIGURSTEINN GÍSLASON** Kemur til greina sem arftaki Ólafs Kristjánssonar hjá Fram.

1.deildarlið Fram:

## Ræður þjálfara um helgina

**FÓTBOLTI** 1. deildarlið Fram hefur ekki enn fundið arftaka fyrir Ólaf Kristjánsson sem var leystur undan samningi á dögunum þar sem hann var ekki til á að lækka laun sín.

Þrír einstaklingar hafa aðallega verið orðaðir við stöðuna – Ásgeir Elíasson, Þorvaldur Örlygsson og Steinar Guðgeirsson. Brynjar Jóhannesson, framkvæmdastjóri Fótboltafélags Reykjavíkur, staðfesti við Fréttablaðið í gær að Steinar væri ekki valkostur. Þess má geta að Steinar er formaður Fótboltafélags Reykjavíkur.

Brynjar sagði að Framarar stefndu á að klára þjálfaramálin um helgina og staðfesti enn fremur að valið stæði á milli þeirra Ásgeirs og Þorvaldar og þriðja aðila sem ekki hefur verið í umræðunni áður en það er Sigursteinn Gíslason en hann stýrði liði KR undir lok síðasta sumars með góðum árangri.

Bjarni Ólafur Eiríksson:

## Hefur sent gagntilboð

**FÓTBOLTI** Bjarni Ólafur Eiríksson, vinstri bakvörður Vals, er nú á æfingum hjá Vålerenga í Noregi en lið félagsins getur tryggt sér meistaratitilinn um næstu helgi ef það leggur Rosenborg að velli. Bjarni hefur þegar fengið tilboð frá Odd Grenland en hann hafnaði því, í samráði við umboðsmann sinn Arnór Guðjohsen. Þó var ákveðið að senda gagntilboð sem beðið er eftir að verði svarað.

„Ég reyni nú að skipta mér sem minnst af þessum hlutum. Eina sem ég er að hugsa um er að standa mig vel á fótboltavellinum. Ef ég stend mig vel á æfingunum er góður möguleiki á því að ég fá samning, og þess vegna reyni ég bara að einbeita mér að fótboltanum.“ **- mh**

Traust
dráttarbeisli
Ásetning á staðnum.

VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

Blaðamaður hjá staðarblaði Reading í Englandi heldur ekki vatni yfir Brynjari Birni og Ívari Ingimarssyni:

# Á meðal bestu kaupa í sögu félagsins

**FÓTBOLTI** „Íslensku leikmennirnir hafa átt stóran þátt í þessu ótrúlega góða gengi Reading það sem af er leiktíðinni. Kaupin á þeim eru á meðal þeirra bestu í sögu félagsins,“ segir Nick Ive, helsti knattspyrnusérfræðingur staðarblaðsins í Reading í Englandi, The Evening Post, en þar spila þeir Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson og hafa staðið sig frábærlega í haust.

Reading er spútniklið ensku 1. deildarinnar það sem af er tímabili og er sem stendur í 2. sæti. Eftir að hafa beðið lægri hlut í opnunarleik tímabilsins hefur liðið ekki tapað 14 leiki í röð og þar að auki hefur liðið aðeins fengið á sig sjö mörk á öllu tímabilinu.

„Ívar er algjör lykilmaður í þessari langbestu vörn 1. deildarinnar og Brynjar er að spila stórkostlega sem djúpur miðjumaður í leikkerfinu 4-4-2. Brynjar er ekki sami leikmaðurinn og hann var hjá Stoke og Watford; hann er eiginlega kominn í annan klassa og það geislar af honum sjálfstraustið,“ segir Ive og sparar ekki stóru orðin.

Ívar kom til Reading frá Wolves í október 2003 en Brynjar var keyptur frá Watford fyrir 175 þúsund pund í sumar. „Þetta voru ótrúleg kjarakaup á tveimur hágæða leikmönnum,“ segir Ive.

Í síðustu þremur leikjum Reading hefur Ívar verið fyrirliði liðsins í fjarveru Graemes Murty og Steve Sidwell, sem venjulega eru fyrirliðar. Sidwell þessi, sem er miðjumaður líkt og Brynjar Björn, er af mörgum talinn einn besti leikmaður Englands utan úrvalsdeildarinnar og er að komast í leikform eftir að hafa verið meiddur undanfarnar sex vikur. En Ive telur að það sé fjarri því að hann eigi greiða leið í liðið.

„Ég held að Sidwell verði að sætta sig við að byrja á bekknum, vera á bekknum til að byrja með því það yrði óðs manns æði að taka Brynjar úr liðinu eins og hann hefur verið að spila,“ segir Ive.

**vignir@frettabladid.is**



**BRYNJAR GUNNARSSON** Hefur sjaldan eða aldrei verið í jafngóðu formi og um þessar mundir og er í lykilhlutverki á miðju Reading. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# Fótbolti




## Football manager 2006



Glæný útgáfa af söluhæsta manager leik allra tíma. Í leiknum eru fjöldi nýjunga og má þar helstar telja nýtt þjálfunarkerfi, öflugri fjölmiðlar, fleiri valmöguleikar og fínstilling í spilun. Það er því ljóst að Football Manager 2006 hefur aldrei verið betri en einmitt nú

Kominn í BT

PC

**3.499**




Coke og Pringles snakk fylgir á meðan birgðir endast




FYLGIR

FYLGIR

## Fifa manager 06

Glænýr managerleikur frá EA Sports, sem byggir á hinum geysivinsælu Fifa leikjum. Leikurinn hefur fengið glænýtt útlit frá því sem áður hefur verið í managerleikjunum frá EA Sports og inniheldur leikurinn ljósmyndir af meira en 10,000 leikmönnum. Síðan sjást leikirnir spilast í fullri þrívídd með Fifa 06 grafíkvélinni. Nú er í leiknum nýtt "match analysis tool" þar sem hægt era ð greina spil leikmanna eftir hvern leik á einfaldan máta.



PC

**3.999**




## Fifa 06

Þá er kominn nýr og glæsilegur Fifa leikur sem inniheldur fleiri nýjungar en nokkru sinni fyrr. Að þessu sinni geta leikmenn spilað í meira en 20 "official" deildum og eru í leiknum meira en 10,000 leikmenn. Þar að auki hefur leikjavél leiksins verið tekin í gegn og þurfa leikmenn nú að vera nákvæmari í sendingum og skotum. Í leiknum er fullkomið "manager mode" þar sem hægt er að kaupa og selja leikmenn.



PS2 XBOX

**5.499**




PSP

**4.999**

## Pro evolution soccer 5



Þá er hann mættur, Pro Evolution Soccer 5, hinn turninn í heimi knattspyrnuleikja. Að þessu sinni eru það John Terry og Thierry Henry sem leggja nafn sitt við leikinn, enda báðir miklir PES aðdáendur. Í þessari útgáfu leiksins eru fleiri license fyrir lið, fleiri brögð sem leikmenn geta gert, veðrið hefur meiri áhrif á leikina, ásamt því að búið er að fínstilla og bæta spilun leiksins.

PS2 XBOX

**4.999**




VAR AÐ LENDA

BT



**KRISTINN JAKOBSSON** Dæmdi stórleik CSKA Moskva og Marseille í gær.

Kristinn Jakobsson:

## Stóð sig vel í Moskvu

**FÓTBOLTI** Knattspyrnudómarinn Kristinn Jakobsson dæmdi í gær stærsta leik sem íslenskur dómari hefur nokkurn tímann dæmt þegar Evrópumeistarar CSKA Moskva tóku á móti franska stórliðinu Marseille í Rússlandi. Leikurinn fór 2-1 fyrir gestina frá Marseille.

Það er óhætt að segja að Kristni hafi farið verkið ágætlega úr hendi. Hann dæmdi reyndar glórulausa vítaspyrnu á Marseille í síðari hálfleik en Fabien Barthez, markvörður Marseille, „bjargaði“ Kristni og varði spyrnuna með glæsibrag. Þess utan dæmdi Kristinn mjög vel og hafði góða stjórn á leiknum. - hbg

# Hjálmar fær engin tækifæri

**Nýtt stórveldi hefur litið dagsins ljós í skosku knattspyrnunni, Hearts frá Edinborg. Fyrir vikið hefur Hjálmar Þórarinsson engin tækifæri fengið.**

**FÓTBOLTI** „Ég hef ekkert fengið að spreyta mig í ár en ég er þolinmóður og bíð rólegur. Það eru vissulega breyttar forsendur hjá mér en það fínt að vera hérna og mér liggur ekkert á að fara eitthvert annað,“ segir hinn 19 ára gamli framherji Hjálmar Þórarinsson, sem er til mála hjá spútnikliði Hearts í Skotlandi.

Hjálmar er einn af fjölmörgum leikmönnum liðsins sem hafa liðið fyrir komu rússneska auðkýfingsins Vladimir Romanov í sumar, en hann lét það vera sitt fyrsta verk að ráða hinn kunna knattspyrnustjóra George Burley og láta hann fá fullt af peningum til leikmannakaupa. Burley sló ekki hendinni gegn þeim fjármunum og frá því í sumar hefur hann fjárfest í tíu nýjum leikmönnum, þar af þremur framherjum. Fyrir vikið hefur Hjálmar, sem kom nokkuð við sögu hjá aðalliðinu undir lok síðasta tímabils eftir magnaða frammistöðu með vara- og unglingaliðinu, fallið aftur í goggunarröðinni.



**HJÁLMAR ÞÓRARINSSON** Var við það að brjóta sér leið í aðallið Hearts undir lok síðasta tímabils en hefur færst aftar í goggunarröðinni í ár.

„Auðvitað vill ég spila og eg ef fæ það ekki mun ég leita á önnur mið. En sem stendur ætla ég bara að sjá til hvernig tímabilið verður,“ segir Hjálmar.

Framganga Hearts í skosku deildinni hefur vakið mikla athygli í Bretlandi en liðið er taplaust eftir 10 leiki og með þriggja stiga forystu á Celtic, sem liðið gerði einmitt 1-1 jafntefli við á útivelli um síðustu helgi. Og í dag nefna fjölmiðlar ytra Hearts í sömu andrá og Celtic og Rangers, sem eitt af yfirburðaliðunum í Skotlandi.

„Þessi árangur er engin heppni. Hearts er einfaldlega hörkulið í dag,“ segir Hjálmar. „Toppsætið er mjög verðskuldað og að sjálfsögðu er stefnan að halda sér þar. En það er mikið eftir af mótinu og ég held að allir sem að félaginu koma yrðu sáttir með að komast í Evrópukeppnina á næsta ári.“

vignir@frettabladid.is







Loksins fær Íslendingur að spreyta sig hjá Stoke:

# Hannes spilar á vinstri vængnum

**FÓTBOLTI** Íslenski landsliðsmaðurinn Hannes Þ. Sigurðsson, sem seint verður talinn til léttvigtarframherja, hefur verið að leika í heldur nýstárlegri stöðu á vinstri kantinum fyrir Stoke í þeim tveimur leikjum sem hann hefur byrjað inn á, nú síðast í 2-0 sigri á Crewe í fyrradag. Hannes þykir hafa verið einstaklega óheppinn upp við mark andstæðinganna í þeim þremur leikjum þar sem hann hefur komið við sögu og er umtalað á nokkrum spjallsíðum stuðningsmanna Stoke að Hannes ætti með réttu að vera búinn að skora nokkur mörk.

Í leik gegn Derby um síðustu helgi skoraði Hannes það sem hann taldi hafa verið fullkomlega löglegt mark en dómari leiksins var ekki á sama máli og taldi einn leikmanna Derby hafa náð að bjarga á marklínu.

„Frá mínu sjónarhorni var boltinn kominn inn fyrir marklínuna,“ sagði Hannes eftir leikinn. „En það fagnaði enginn með mér svo að þá hélt ég að boltinn hefði aldrei farið inn,“ bætti hann við en í sjónvarpsupptökum sést hins vegar greinilega að boltinn fór inn fyrir línuna.

Þá skaut Hannes í stöng í sínum fyrsta leik fyrir Stoke eftir að hafa verið inni á vellinum í nokkrar mínútur og gegn Crewe í fyrradag varði markvörðurinn í tvígang meistaralega frá Hannesi. „Þetta hlýtur að fara að detta hjá mér,“ segir hann.

Hannes segist í viðtalinu njóta sín mun betur í fremstu víglínu en að hann muni spila í hvaða stöðu sem stjórinn vill að hann spili í. Og Hannes sér meira að segja kosti við að spila á vinstri vængnum. „Maður þarf að hlaupa mjög mikið þar og ég kemst allavega fyrr í gott leikform í þeirri stöðu,“ sagði Hannes og glotti.

vignir@frettabladid.is



**AÐ KOMAST Í FORM** Hannes Sigurðsson skoraði gott mark fyrir íslenska landsliðið gegn Póllandi fyrr í mánuðinum og var því marki gerð góð skil hjá staðarblaðinu í Stoke. Hér sést Hannes fagna markinu ásamt Gylfa Einarssyni og Stefáni Gíslasyni.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

## ÚR SPORTINU

Frank Arnesen, sem á haustdögum var ráðinn yfirmaður knattspyrnumála hjá Chelsea, hóf störf hjá félaginu í gær en samkvæmt samkomulagi sem Chelsea og Tottenham, þar sem Arnesen starfaði áður, gerðu með sér mátti Arnesen ekki hefja störf hjá Chelsea fyrr en í gær. Arnesen mun stýra unglingaþjálfun hjá Chelsea. „Mitt verkefni er að finna efnilegustu leikmenn í heimi, fá þá til Chelsea og skila að minnsta kosti tveimur leikmönnum upp í æfingahóp aðalliðsins á hverju ári. Miklum peningum hefur verið eytt á síðustu árum hjá Chelsea en það er ekki ætlunin í framtíðinni. Uppaldir leikmenn munu verða uppistaðan hjá félaginu.“



Christian Ziege, sem í mörg ár var einn af lykilmönnum þýska landsliðsins, ákvað í gær að leggja skóna á hilluna. Ziege hefur lengi glímt við erfið meiðsli og var einfaldlega búinn að fá nóg. „Það er auðvitað svekkjandi að þurfa að ljúka knattspyrnuferlinum með þessum hætti. Ég vann titla á Ítalíu og í Þýskalandi. Ég varð Evrópumeistari árið 1996 og spilaði með mörgum stórum félögum víðsvegar í Evrópu. Ég gat ekki afrekað neitt mikið meira og þess vegna hætti ég nokkuð sáttur, en þó sár yfir því að hætta vegna meiðsla.“



Katherine Ledge mun fá að prófa Formúlu 1 bíl Minardi-liðsins en hún hefur staðið sig afar vel í kappakstursmótum í Bandaríkjunum og vonast til þess að verða fyrsta konan til þess að keppa í Formúlu 1 mótaröðinni. Paul Stoddart, forseti Minardi-liðsins, sagðist hafa verið ákveðinn í því að gefa hæfileikaríkri konu tækifæri á því að sanna sig. „Katherine er góður ökumaður sem getur staðið sig vel ef hún fær tækifæri til.“ Katherine Ledge sjálf var að vonum ánægð með að hafa fengið þetta tækifæri. „Þetta er draumur fyrir mig. Nú verð ég bara að standa mig.“



Liverpool gekk í gær frá samningi við Mark Gonzalez, landsliðsmann Chile, en félagið reyndi að kaupa hann í sumar en beiðni um atvinnuleyfi í Englandi var hafnað. Rick Parry var að vonum ánægður með að vera búinn að ganga frá samningi við Gonzalez. „Það er mikill léttir að vera búinn að ganga frá þessu og vonandi mun Gonzalez spila leik fyrir Liverpool sem allra fyrst. Hann er mjög efnilegur og á eftir að verða enn betri undir stjórn Rafaels Benitez.“



Styrktarsjóður SPRON og ÍBR settur á laggirnar:

# 10 milljónir til ráðstöfunar

**ÍÞRÓTTIR UNGMENNA** Íþróttabandalag Reykjavíkur og Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis gerðu í gær með sér samkomulag um stofnun sjóðs til að styrkja ungt afreksíþróttafólk í íþróttafélögunum í Reykjavík. Reynir Ragnarsson, formaður ÍBR, er sannfærður um að sjóðurinn muni hafa afar jákvæð áhrif á starf íþróttafélaganna í Reykjavík.

„Þetta er mjög mikilvægt fyrir okkur. Við teljum okkur nú vera komin með sjóð sem styður efnilegt íþróttafólk líkt og Íþróttasamband Íslands styður íþróttamenn sem náð hafa árangri á heimsmælikvarða. Á hverju ári verður tíu milljónum króna ráðstafað til styrktar ungu íþróttafólki og það er okkar von að þessi sjóður bæti árangur ungmenna í íþróttum til framtíðar.“

Samkvæmt samkomulagi ÍBR og SPRON má gera ráð fyrir því að um 300 ungmennum verði veittar viðurkenningar fyrir afrek sín. Auglýst verður eftir umsóknum í sjóðinn þrisvar sinnum á ári, í janúar, maí og september, en sjóðstjórn mun auglýsa eftir fyrstu umsóknum í sjóðinn á næstunni. - mh



**SAMNINGAR Í HÖFN** Guðmundur Hauksson hjá SRON og Reynir Ragnarsson hjá ÍBR stofnsetja sjóðinn formlega.



**SIGÞÓR JÚLÍUSSON** Er ekki enn búinn að ákveða hvort hann reimi á sig knattspyrnuskóna á næstu leiktíð.

Knattspyrnulið Vals:

## Fjórir leikmenn óákveðnir

**FÓTBOLTI** Hugsanlegt gæti verið fjórir leikmenn Vals hætti að spila með Valsliðinu fyrir næsta tímabil, en það eru Sigþór Júlíusson, Sigurður Sæberg Þorsteinsson, Kristinn Lárusson og Guðmundur Benediktsson. Guðmundur eru þó bjartsýnn á að halda áfram en hefur þó ekki ákveðið sig ennþá.

„Ég er með samning við Val út næsta ár en ég hef ekkert ákveðið ennþá.“ Sigþór, sem starfar hjá KB-banka, hefur ekki gefið formlega út að hann sé hættur en játar þó að það gæti verið að hann hætti. „Ég er að hugsa mig um núna en það gæti farið svo að ég hætti að spila.“ Ljóst er að þessir fjórir menn myndu skilja eftir sig stórt skarð í leikmannahópi Valsliðsins. - mh

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*Evrópukeppni félagsliða :*

HALMSTAD-HERTHA BERLIN 0-1
0-1 Neuendorf (67.).
M. PETAH-TIKVA-PALERMO 1-2
VIKING-MONACO 1-0
1-0 Nhleko (18.).
**Allan Borgvardt** var ekki í leikmannahóp Viking.
RENNES-STUTTGART 0-2
0-1 Tomasson (87.), 0-2 Ljuboja (90.).
SHATKAR-PAOK 1-0
CSKA MOSKVA-MARSEILLE 1-2
0-1 Lamouchi (23.), 0-2 Niang (38.), 1-2 Vagner Love (80.)
BASEL-STRASBOURG 0-2
STEAUA-LENS 4-0
TROMSO-ROMA 1-2
0-1 Kuffour (35.), 1-1 Arst (42.), 1-2 Cufré (84.)
DNIPRO-AZ ALKMAR 1-2
0-1 Arveladze (14.), 0-2 Sektioui (52.), 1-2 Matiukhin (70.).
**Grétar Steinsson** lék allan leikinn fyrir AZ Alkmar í stöðu hægri bakvarðar.
GRASSHOPPERS-MIDDLESBROUGH 0-1
0-1 Hasselbaink (10.).
CSKA SOFIA-HAMBORG 0-1
0-1 Beinlich (57.).
DINAMO BUCAREST-HEERENVEEN 0-0
BESIKTAS-BOLTON 1-1
1-0 Ailton (7.), 1-1 Borgetti (29.).

Evrópukeppni félagsliða:

## Meistararnir töpuðu

**FÓTBOLTI** Evrópumeistarar félagsliða frá því í fyrra, CSKA Moskva, biðu nokkuð óvænt í lægri hlut á heimavelli gegn franska liðinu Marseille í Evrópukeppninni í gær þar sem Kristinn Jakobsson var með flautuna. Það voru þeir Sabri Lamouchi og Mamadu Niang sem komu gestunum í 2-0 áður en flautað var til hálfleiks en framherjinn Vagner Love náði að minnka muninn í þeim síðari.

Fabian Barthez átti stórleik í marki Marseille og bjargaði sínu liði frá tapi en hann varði meðal annars vítaspyrnu frá CSKA.

Ensku liðin í Evrópukeppninni áttu fínan dag í gær - Middlesbrough bar sigurorð af Grasshoppers frá Sviss þar sem hinn hollenski Jimmy Floyd Hasselbaink skoraði eina mark leiksins og þá gerði Bolton góða ferð til Tyrklands og náði jafntefli gegn Besiktas, 1-1. Það var framherjinn Javier Borgetti sem skoraði mark Bolton í leiknum en áður hafði brasilíski framherjinn Ailton komið Besiktas yfir.

Þá lagði norska liðið Viking franska stórliðið Monaco mjög óvænt á heimavelli sínum 1-0 en danski framherjinn Allan Borgvardt var ekki í leikmannahóp Viking í leiknum. - vig

Halmstad tapaði fyrir Herthu Berlin í Evrópukeppninni í gær:

# Svolítið skrítið að skora ekki

**FÓTBOLTI** Gunnar Heiðar Þorvaldsson og félagar hans í sænska liðinu Halmstad máttu síns lítils gegn öflugu liði Herthu Berlin í Evrópukeppni félagsliða í gærkvöld og máttu þola 1-0 tap á heimavelli, sem var síst of stórt miðað við gang leiksins. Eftir að hafa skorað í síðustu átta leikjum Halmstad fann Gunnar Heiðar loksins ekki leiðina að marki andstæðinganna og í samtali við Fréttablaðið í gær sagði hann ástæðuna hafa verið einfalda.

„Við vorum einfaldlega að mæta þarna hörkuliði sem spilar mjög öfluga vörn,“ sagði Gunnar Heiðar, sem lék einn í framlínu Halmstad í leiknum. „Ég náði aldrei að skapa mér neitt færi af einhverju viti og eftir á að hyggja var nokkuð skrítið að ganga af velli og vera ekki búinn að skora neitt mark.“

Útsendarar frá fjölmörgum liðum í Evrópu fylgdust með Gunnari Heiðari í leiknum og síðast í morgun bárust fregnir ytra þess efnis að enska úrvalsdeildarliðið Birmingham og þýska úrvalsdeildarliðið Hamborg væru með augastað á Eyjapeyjanum. Sjálfur segist hann lítið kippa sér upp við allan þennan áhuga. „Ég tek líklega manna minnst eftir þessu. Ég reyni bara að spila minn leik og ef það skilar mér einhverju þá er það hið besta mál,“ sagði Gunnar Heiðar sem spilar síðasta leikinn í sænsku úrvalsdeildinni á tímabilinu um næstu helgi og á góða möguleika á að verða markakóngur deildarinnar.

Þá spilaði Grétar Steinsson allan leikinn fyrir hollenska liðið AZ Alkmar sem bar sigurorð af Dnipro á útivelli, 1-2, í sömu keppni.



**GUNNAR HEIÐAR ÞORVALDSSON** Sést hér í baráttunni gegn einum varnarmanna Herthu Berlin í leiknum í gær.




## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„This isn't flying. This is falling, with style!“**

**Svar:**
Bósi Ljósár úr kvikmyndinni Toy Story árið 1995

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ Bergsteinn Sigurðsson er dálítið hissa á Sigvalda Kaldalóns

# *Svo lengi sem einhver hlustar*

Ég er maður af þeirri sort sem fátt vekur með meiri kæti en kolsvartur gálgahúmor sem fær harða sjómenn og mótorhjólatöffara til að súpa hveljur. Og þeir kalla ekki allt ömmu sína skal ég segja ykkur.

Í ljósi þessa kemst ég ekki hjá því að minnast aðeins á útvarpsþáttinn Zúúber á FM957, sem hefur fært hið klassíska grín á kostnað annarra yfir á áður óþekkt stig að ég leyfi mér að fullyrða. Í morgun var eins og oft áður leikinn símahrekkur í þættinum. Þegar þetta er skrifað hef ég ekki heyrt hrekkinn, en aðstandendur þáttarins hafa hins vegar tilkynnt með pompi og prakt í auglýsingum og orðsendingum að hér sé um að ræða vatnaskil í sögu grínsins. Og þá erum við ekki bara að tala um Ísland, ónei. Ekki er vitað til þess að í gjörvallri veröld hafi símahrekkur endað með svipuðum afleiðingum og í þessu tilfelli. Þau voru stór sporin sem mörkuð voru í útsendingu í morgun.



**SVALI Í ZÚÚBER** Þau kunna sig krakkarnir.

Í stuttu máli gekk grínið gráa út á að manni, sem taldi sig vera að tala við starfsmann Útlendingastofnunar, var brigslað um peningaþvætti og varð í kjölfarið svo mikið um að hann fékk hjartaáfall og var fluttur á sjúkrahús. Sniðugt, ekki satt?

Í beinu framhaldi er borðleggjandi að spyrja: Er Ísland orðið of lítið fyrir Sigvalda Kaldalóns og félaga í Zúúber? Það eru ekki nema 290 þúsund hræður sem búa á skerinu og aðeins brotabrot af þeim mun kunna að meta þessa tímalausu snilld, en aftur á móti myndu milljónir manna í hjólhýsahverfum Bandaríkjanna falla kylliflatar fyrir þessu gæfuverki. Vík burt Jerry Springer – hér kemur Zúúber!



▶ 22.20 *Bíó*

THE MEANING OF LIFE



▶ 21.25 *Nýtt*

LISTEN UP



▶ 21.40 *Bíó*

KEN PARK



▶ 20.35 *Drama*

CHARMED



▶ 18.35 *Fótbolti*

LEEDS – SHEFFIELD UNITED

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Tobbi tvisvar (8:26) **18.25** Villt dýr (4:26)

**18.30 Ungar ofurhetjur (22:26)**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.40 Kastljós**
**20.10 Latibær**
**20.40 Kelly fer í herskóla** (Cadet Kelly) Bandarísk fjölskyldumynd frá 2002 um unglingsstúlku sem er send í herskóla.
▶ **22.20 Tilgangur lífsins** (The Meaning of Life) Bresk bíómynd frá 1983 þar sem Monty Python-gengið veltir fyrir sér lífinu og tilverunni í stuttum grínatriðum. Leikstjórar eru Terry Jones og Terry Gilliam og þeir eru líka í aðalhlutverkum ásamt félögum sínum Michael Palin, Eric Idle, John Cleese og Graham Chapman. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára.

**0.05** Morðgáta – Keltneska ráðgátan **1.30** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið **12.20** Neighbours

**12.45** Í fínu formi 2005 **13.00** Perfect Strangers (62:150) **13.25** George Lopez (4:24) **13.55** Punk'd (3:8) (e) **14.20** David Blaine's Vertigo (e) **15.05** LAX (12:13) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.45** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**20.00 Arrested Development (11:22)** (Tómir asnar)
**20.30 Idol Sjtörnuleit 3 (4:45)** (Áheyrnarpróf)
▶ **21.25 Listen Up (1:22)** (Takið eftir) Gamanmyndaflokkur um þekktan fjölmiðlamann sem stjórnar spjallþætti um íþróttir. Hann er einn sá besti í sínu fagi en á heimavelli, í faðmi fjölskyldunnar, fer lítið fyrir virðingu og aðdáun.
**21.50 Entourage (8:8)** (Viðhengi) Gamanþáttaröð.
**22.20 Blue Collar TV (10:32)** (Grínsmiðjan)
**22.45 Malibu's Most Wanted** (Eftirlýstur í Malibu) Glæpamynd á laufléttum nótum. Bönnuð börnum.

**0.10** Good Morning Vietnam **2.05** The Sweetest Thing (Bönnuð börnum) **3.30** Red Skies (Bönnuð börnum) **4.50** Strákarnir **5.15** Fréttir og Ísland í dag **6.45** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Laguna Beach (3:11)** Einn ríkasti og fallegasti strandbær veraldar.
**19.30 Idol extra 2005/2006** Það síðasta og það besta frá seinni prufudegi Idol Stjörnuleitar áHótel Loftleiðum.
**20.00 Joan Of Arcadia (16:23)** (Double Dutch)
**20.50 Tru Calling (17:20)** (Death Becomes Her)
▶ **21.40 Ken Park** Larry Clark, höfundur Kids, er kominn hér með nýja mynd þar sem hann gengur skrefinu lengra en aðrir hafa þorað. Umfjöllunarefni myndarinnar er mjög viðkvæmt þar sem Clark tekur fyrir unglinga og kynlíf þeirra. Stranglega bönnuð börnum.

**23.20** Weeds (3:10) **23.50** HEX (3:19) **0.40** David Letterman **1.25** David Letterman

### SKJÁREINN

**17.25** Cheers – 7. þáttaröð **17.50** Upphitun **18.20** Íslenski bachelorinn (e)

**19.20 Þak yfir höfuðið**
**19.30 The King of Queens (e)**
**20.00 Spark – NÝTT!** Spark er splunkunýr spurningaþáttur um fótbolta og fótboltatengt efni. Höfundur spurninga og spyrill er Stefán Pálsson og með honum sem spyrill og sérlegur stuðbolti er Þórhallur Dan, knattspyrnukappi með meiru.
▶ **20.35 Charmed**
**21.20 Complete Savages**
**21.45 Ripley's Believe it or not!**
**22.30 The Jamie Kennedy Experiment – lokaþáttur** Grínarinn Jamie K veiðir fólk í gildru og kvikmyndar með falinni myndavél. Í þessum þætti fáum við að sjá bestu atriðin úr síðustu 15 þáttum.

**23.00** Dirty Sanchez **23.30** Battlestar Galactica **23.45** Íslenski bachelorinn (e) **0.40** Silvía Nótt (e) **1.05** Tvöfaldur Jay Leno (e) **2.35** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

**7.00** Olíssport **7.30** Olíssport **8.00** Olíssport **8.30** Olíssport

**16.35** Olíssport **17.05** Gillette-sportpakkinn **17.35** Timeless **18.05** NFL-tilþrif

▶ **18.35 Enski boltinn** (Leeds – Sheff. Utd.) Bein útsending frá leik Leeds og Sheffield United. Gestirnir hófu keppnistímabilið með miklum látum og eru staðráðnir í að endurheimta sæti sitt í efstu deild.
**20.35 Motorworld** Kraftmikill þáttur um allt það nýjasta í heimi akstursíþrótta.
**21.05 UEFA Champions League**
**21.35 And They Walked Away** (Sloppið naumlega) Í þessum magnaða myndaflokki sjáum við margar veltur en þótt ótrúlegt megi virðast sakaði ökuþórana ekki.
**22.55 NBA – Bestu leikirnir** (Indiana Pacers – New York Knicks 1994 Eastern Conference)

**0.35** K-1

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Heroe's Mountain **8.00** Flight Of Fancy **10.00** All Dogs Go to Heaven 2 **12.00** My Cousin Vinny **14.00** Flight Of Fancy **16.00** All Dogs Go to Heaven 2 **18.00** Heroe's Mountain **20.00 My Cousin Vinny** Gamanmynd um vinina Bill og Stan. **22.00 Hart's War** Dramatísk kvikmynd. **0.00** Harley Davidson and the Marlboro Man (Str. b. börnum) **2.00** Green Dragon (B. börnum) **4.00** Hart's War (Str. b. börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Gastineau Girls **13.00** E! Entertainment Specials **14.00** 101 Most Awesome Moments in... **15.00** That Was Huge **15.30** Totally High **16.00** Style Star **16.30** Style Star **17.00** Kill Reality **18.00** E! News **18.30** Gastineau Girls **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** 101 Most Awesome Moments in... **21.00** Rich Kids: Cattle Drive **22.00** Wild On Tara **22.30** Wild On Tara **23.00** E! News **23.30** Behind the Scenes **0.00** Rich Kids: Cattle Drive **1.00** The E! True Hollywood Story

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**14.00** Man. City – West Ham frá 16.10 **16.00** WBA – Arsenal **18.00** Að leikslokum (e)

**19.00 Upphitun**
**20.00 Spurningaþátturinn Spark – NÝTT!**
**20.30 Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt“ (e)**
**21.30 Upphitun (e)**
**22.00 Að leikslokum (e)**

**23.00** Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt“ (e) **0.00** Upphitun (e) **0.30** Middlesbrough – Portsmouth frá 15.10 **2.30** Dagskrárlok




# VIÐ MÆLUM MEÐ...

Spark **Skjár einn** kl. 20.00

***Stefán Pálsson með nýja tegund spurningaþátta.***

## *Splunkunýr fótboltaþáttur*



Höfundur spurninga og spyrill í þessum nýju þáttum er Stefán Pálsson en með honum sem spyrill er fótboltakappinn Þórhallur Dan. Uppbyggingin er nokkuð hefðbundin, þriggja manna lið spreyta sig á hraða-, bjöllu- og valflokkaspurningum, en þátturinn er þó í engu hefðbundinn að öðru leyti. Spurningarnar eru teknar úr ýmsum áttum og snúast ekki síður um ástarlíf og tískumeðvitund knattspyrnustjarna en knattspyrnuhæfileika og því ekki aðeins beinharðir knattspyrnuáhugamenn sem fylgst geta með þættinum.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.00** Fréttir **7.10** Morgunútvarpið **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.10** Hrafnaþing **14.05** Birta **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson. **18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag

**19.30** Morgunútvarpið e. **20.50** Allt og sumt e. **22.50** Á kassanum e. **23.20** Fréttir Stöðvar 2 og Ísland í dag e. **0.50** Hrafnaþing e.

**1.35** Birta e. **2.25** Fréttaviðtalið e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.05** Árla dags **6.50** Bæn **7.30** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.50** Leikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.57** Dánarfregnir **13.00** Eitt – línan **14.03** Útvarpssagan **14.30** Hálftíminn **15.03** Uppá teningnum **16.13** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá **18.00** Fréttir

**18.25** Spegillinn **19.00** Lög unga fólksins **19.30** Heimsókn **20.30** Kvöldtónar **21.00** Söngvari yls og sólar **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Pipar og salt **23.00** Kvöldgestir

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Einn og hálfur **7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari **10.03** Brot úr degi **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland

**16.00** Fréttir **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2 **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar

**18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir og Kastljósið **19.30** Tónlist að hætti hússins **20.00** Popp og ról

**22.10** Næturvaktin **0.00** Fréttir

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsd. **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **13.00** Ylfa Lind **14.00** Kjartan G. Kjartansson **15.00**

Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir **23.00**

Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson **5.00** Arnþrúður Karlsd.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.30** Table Tennis: World Cup Liege Belgium **13.30** Tennis: WTA Tournament Zurich **16.30** Football: Top 24 Clubs **17.00** Tennis: WTA Tournament Zurich **18.30** Football: UEFA Champions League **19.30** Table Tennis: World Cup Liege Belgium **20.30** Rally: World Championship Corsica France **21.00** Xtreme Sports: Yoz Xtreme **21.30** Adventure: Escape **22.00** Xtreme Sports: Asian X-games **23.00** Football: Top 24 Clubs

**BBC PRIME**
**12.00** Two Thousand Acres of Sky **13.00** Teletubbies Everywhere **13.10** Little Robots **13.20** Andy Pandy **13.25** William's Wish Wellingtons **13.30** Boogie Beebies **13.45** Fimbles **14.05** Tikkabilla **14.35** 50/50 **15.00** The Life Laundry **15.30** Ready Steady Cook **16.15** The Weakest Link **17.00** Holby City **18.00** The Life of Mammals **19.00** French and Saunders **19.30** Manchild **20.00** Knowing Me, Knowing You... With Alan Partridge **20.30** Fields of Gold **22.00** Sparkhouse **23.00** Wellington: The Iron Duke **23.55** Terry Jones' Medieval Lives **0.25** Landscape Mysteries **0.55** Spain on a Plate **1.25** Make German Your Business

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Monster Lobster **13.00** When Expeditions Go Wrong **14.00** Billabong Odyssey **16.00** Seconds From Disaster **17.00** Paranormal? **18.00** Monster Lobster **19.00** Egypt's Hidden Treasure **19.30** 7/7: Attack On London **21.00** The Day James Dean Died **22.00** Air Crash Investigation **23.00** When Expeditions Go Wrong **0.00** The Day James Dean Died

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Big Cat Diary **12.30** Predator's Prey **13.00** Killing for a Living **14.00** Animal Cops Houston **15.00** Pet Rescue **15.30** Wildlife SOS **16.00** Amazing Animal Videos **16.30** Big Cat Diary **17.00** Meerkat Manor **17.30** Monkey Business **18.00** Animals A-Z **18.30** Predator's Prey **19.00** Animal Precinct **20.00** Miami Animal Police **21.00** Meerkat Manor **21.30** Monkey Business **22.00** K9 Boot Camp **23.00** Pet Rescue **23.30** Wildlife SOS **0.00** Animal Precinct **1.00** Meerkat Manor **1.30** Monkey Business

**DISCOVERY**
**12.00** Rex Hunt Fishing Adventures **12.30** Fishing on the Edge **13.00** Super Structures **14.00** Extreme Machines **15.00** Scrapheap Challenge **16.00** Thunder Races **17.00** American Chopper **18.00** Mythbusters **19.00** Brainiac **20.00** The Great Biker Build-Off **21.00** Spy **22.00** Mythbusters **23.00** Forensic Detectives **0.00** Europe's Secret Armies

**MTV**
**13.00** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** Dance Floor Chart **18.00** Punk'd **18.30** Viva La Bam **19.00** Wild Boyz **19.30** The Osbournes **20.00** Top 10 at Ten **21.00** I Want a Famous Face **21.30** Wonder Showzen **22.00** Party Zone **23.00** Just See MTV

**VH1**
**11.30** VH1 Hits **15.00** So 80s **16.00** VH1's Viewers Jukebox **17.00** Smells Like the 90's **18.00** VH1 Classic **18.30** MTV at the Movies **19.00** Behind The Movie **20.00** When Star Wars Ruled the World **21.00** Friday Rock Videos **23.30** Flipside **0.00** Chill Out **0.30** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Crimes of Fashion **12.35** Lofty Ideas **13.00** Staying in Style **13.30** The Review **14.00** Girls Behaving Badly **14.25** The Villa **15.10** The Roseanne Show **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Retail Therapy **17.15** The Review **17.40** Girls Behaving Badly **18.05** Staying in Style **18.30** Paradise Seekers **19.00** Design Challenge **19.25** The Female Orgasm **20.15** Sextacy **21.10** Women Talk **21.35** My Messy Bedroom **22.00** Cheaters **23.00** Entertaining With James **23.30** City Hospital **0.25** Girls Behaving Badly **0.50** Completely Hammered **1.15** Innertainment **1.45** The Review

**CARTOON NETWORK**
**12.00** Dexter's Laboratory **12.30** Ed, Edd n Eddy **13.00** Codename: Kids Next Door **13.30** The Powerpuff Girls **14.00** Sabrina, The Animated Series **14.30** Atomic Betty **15.00** Teenage Mutant Ninja Turtles **15.30** B-Daman **16.00** Codename: Kids Next Door **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **17.00** Duck Dodgers in the 24 1/2 Century **17.30** Charlie Brown Specials **18.00** What's New Scooby-Doo? **18.30** Tom and Jerry **19.00** The Flintstones **19.30** Looney Tunes **20.00** Dastardly & Muttley in Their Flying Machines **20.30** Scooby-Doo **21.00** Tom and Jerry **22.00** Dexter's Laboratory **22.30** The Powerpuff Girls **23.00** Johnny Bravo **23.30** Ed, Edd n Eddy **0.00** Skipper & Skeeto **1.00** Spaced Out **1.30** Spaced Out

**JETIX**
**12.20** Goosebumps **12.50** Black Hole High **13.15** Spiderman **13.40** Moville Mysteries **14.05** Digimon II **14.30** Totally Spies **15.00** W.i.t.c.h **15.30** Sonic X

**MGM**
**12.35** The Adventures of Buckaroo Banzai **14.15** Far North **15.45** Louis Armstrong: Chicago Style **17.00** Samaritan: The Mitch Snyder Story **18.55** Sonny Boy **20.40** Vigilante Force **22.10** The Secret Invasion **23.50** Board Heads **1.20** After Midnight

**TCM**
**19.00** Brainstorm **20.45** A Patch of Blue **22.30** Pride of the Marines **0.30** Today we Live **2.25** Spinout

**HALLMARK**
**12.45** Love's Enduring Promise **14.15** Forbidden Territory: Stanley's Search for Livingstone **16.00** Vinegar Hill **17.30** McLeod's Daughters V **18.15** Jessica **20.00** The Murders in the Rue Morgue **21.30** Lonesome Dove: The Series **22.15** Crime and Punishment **0.00** The Murders in the Rue Morgue **1.30** Lonesome Dove: The Series

**BBC FOOD**
**12.00** Secret Recipes **12.30** A Cook's Tour **13.00** Made to Order **13.30** United States of Reza **14.00** Off the Menu **14.30** Deck Dates **15.00** Douglas Chew Cooks Asia **15.30** Masterchef Goes Large **16.00** Nigel Slater's Real Food **16.30** Forever Summer With Nigella **17.00** The Thirsty Traveller **17.30** Great Wine Walks **18.00** Gary Rhodes **18.30** Diet Trials **19.00** Neil Perry Rockpool Sessions **19.30** The Tanner Brothers **20.00** Secret Recipes **20.30** Giorgio Locatelli – Pure Italian **21.00** The Best **21.30** Saturday Kitchen

**DR1**
**12.00** Poesibogen **12.30** Rabatten **13.00** TV Avisen med vejret **13.20** Forsvundne danskere **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Boogie Listen **15.00** Tintin **15.20** H.C. Andersen **15.35** Walter og Trofast: En særlig ferietur **16.00** Fredagsbio **16.10** Postmand Per **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Hit med sangen **19.00** TV Avisen **19.30** My Big Fat Greek Wedding **21.00** Ubudne gæster **22.25** Boogie Listen

**SV1**
**13.00** Debatt **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Alla kan... inte ta körkort **15.30** Mitt i naturen **16.00** BoliBompa **16.01** Supersnällasilversara och Stålhenrik **16.25** Popverkstan **16.45** Häxan Surtant **17.00** Combo **17.30** Rapport **18.00** Doobidoo **19.00** Training Day **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.20** Popcorn **21.50** Harem Suare **23.35** Sändning från SVT24





**Splunkunýr spurningaþáttur um fótbolta, fótbolta og meiri fótbolta.**

SPARK er óhefðbundinn spurningaþáttur um fótbolta sem stjórnað er af **Stefáni Pálssyni** sem jafnframt er höfundur spurninga.

Honum til aðstoðar er stuðboltinn **Þórhallur Dan**, knattspyrnukappi með meiru.

Frumsýndur á **SKJÁ***EINUM* og Enska Boltanum í kvöld, 21. október, kl. 20.00.

ENSKI BOLTINN SKJÁREINN

ENNEMM / SÍA / NM18777

**Endursýndur á Enska Boltanum:**
Laugardaga kl. 22.30 • Sunnudaga kl. 22.30 • Föstudaga kl. 19.30



## HRÓSIÐ

*fær Regína Ósk Óskarsdóttir fyrir sína fyrstu plötu sem heitir í höfuðið á henni.*

REYKJAVÍKURNÆTUR **HARPA PÉTURSDÓTTIR** KÝS AÐ DEITA EKKI TVO Í EINU

# *Fyrirfram tapaður leikur!*

Þrátt fyrir að við séum ekki mörg og okkur finnist oft ekki úr miklu að moða getur það reynst svo að of margir góðir hlutir gerist á sama tíma. Þá er ég að tala um karlmenn. Þetta er mál sem fæstir vilja ræða þegar aðrir en vinkonuhópurinn heyrir til.

Fyrir stuttu stóð ein vinkona mín í því að vera að hitta tvo menn á sama tíma. Um leið og hún sagði okkur hvernig stæði á, helltum við yfir hana álíka sögum, sem voru nota bene, hver annarri verri og vandræðalegri. Svona tilfelli vilja oftar en ekki enda sérlega óskemmtilega. Það vill svo til að innst inni í ansi mörgum býr lítill djöfull sem heitir græðgi en hann treður sér fram í dagsljósið um leið og færi gefst.

Í hennar tilfelli var það svo að hún sagði já við deitboði eins manns þegar hún hafði þegar farið á tvö deit með öðrum gæja. Þessi nýi var ókannað land sem hún gat ómögulega séð af. Hún sem sagt fór að hitta manninn því hún er fíkill í að vera umvafin góðu mannsefni enda smekkmanneskja þar á ferð. Henni líður best þegar margir eru að senda henni sms og hringja og getur aldrei setið auðum höndum. Það var orðið þannig að hún þurfti að skipuleggja tímann vel til að komast upp með þetta og reyndi eftir fremsta megni að vera óséð. Í litlu Reykjavík getur það reynst ansi erfitt, eins og hún komst að raun um. Eftir að hafa farið á nokkur stefnumót með báðum mönnunum var þetta farið að líkjast sápuóperu og málin orðin frekar flókin. Hún gat ómögulega ákveðið hvor væri betri valkostur, menntaði og ábyrgi maðurinn eða hrikalega skemmtilegi vitleysingurinn.

Eitt kvöldið hafði hún mælt sér mót við annan þeirra og sendi sms til að staðfesta deitið en tókst einhvern veginn að senda það á vitlausan mann. Um kvöldið þegar hún labbaði inn á kaffihúsið sá hún hvar þeir sátu báðir einir og biðu. Þá rann upp fyrir henni að hún hafði málað sig út í horn og tapað. Þetta varð henni um megn og hún hreinlega rauk út. Þeir hringdu auðvitað báðir nokkrum mínútum síðar, agndofa yfir framkomunni en henni tókst að bulla sig út úr þessu með fuglaflensuafsökuninni. Þessi spennandi leikur sprakk sem sagt beint í andlitið á henni og má segja að þetta kvöld hafi hún ákveðið að setjast tímabundið í helgan stein deitlífsins. Hefði ekki verið betra að vanda til verksins og hafa smá stjórn á sér? Það má heldur ekki gleyma því að karlmenn hafa líka tilfinningar. Á endanum stóð hún ekki uppi sem tvöfaldur sigurvegari heldur sem margfaldur tapari!



| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT:** **2** eignaðist **6** klafi **8** klettasprunga **9** stormur **11** mjöður **12** hæðnisbros **14** mjóróma **16** ung **17** borða **18** geislahjúpur **20** tveir eins **21** merki.

**LÓÐRÉTT:** **1** harmur **3** persónufornafn **4** hræætu **5** matjurt **7** efnasamband **10** í hálsi **13** viður **15** viðskipti **16** lærdómur **19** rykkorn.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** fékk, **6** ok, **8** gjá, **9** rok, **11** öl, **12** glott, **14** skræk, **16** ný, **17** éta, **18** ára, **20** uu, **21** mark.
**LÓÐRÉTT:** **1** sorg, **3** ég, **4** kjötætu, **5** kál, **7** kolsýra, **10** kok, **13** tré, **15** kaup, **16** nám, **19** ar.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. Sigursteinn Másson
2. Wilma
3. Gunnlaugur Jónsson






**ELÍSABET RONALDSDÓTTIR** Telur af og frá að sömu aðilar vinni Edduna ár eftir ár. Aldrei hafa fleiri innsendingar borist en tilnefningar til Eddunnar verða tilkynntar 28.október. FRÉTTABLAÐIÐ / E.ÓL

EDDU-VERÐLAUNIN: BARÁTTAN ÓVENJUHÖRÐ

# Tilnefningum fjölgað í tveimur flokkum

Aldrei hafa borist fleiri innsendingar til Eddu-verðlaunanna sem afhent verða 13. nóvember en tilnefningar í sextán flokka verða tilkynntar 28. október. Mestur var fjöldinn í flokki sjónvarpsþátta og heimildarmynda og ákvað stjórn ÍKSA því að fjölga tilnefningum úr þremur í fimm. „Við fengum 90 innsendingar og slógum því metið frá því í fyrra," segir Elísbet Ronaldsdóttir, formaður IKSA. „Okkur bárust yfir tuttugu innsendingar í flokki sjónvarpsþátta og heimildarmyndaflokknum," bætir hún við og því ljóst að baráttan á eftir að verða mjög hörð. „Heimildarmyndagerðin kemur gleðilega á óvart en það er gaman að sjá hversu mikil gæði eru á þeim myndum," segir hún. Þá finnst Elísabetu það einnig fagnaðarefni hversu margar innsendingar af leiknu sjónvarpsefni hafi borist en alls bárust sjö.

Fjórar kvikmyndir bárust en það voru One Point Zero eftir Martein Þórisson, Strákarnir okkar eftir Róbert Douglas, Í takt við tímann eftir Ágúst Guðmundsson og Voksne Mennesker eftir Dag Kára en aðeins þrjár koma til greina. Tvær myndir, A Little Trip to Heaven í leikstjórn Baltasars Kormáks og Bjólfskviða eftir Sturlu Gunnarsson, náðu ekki að vera frumsýndar á Eddu-árinu, sem hefst 31. október.

Stjórn ÍKSA hefur að sögn Elísabetar ákveðið að taka nútímann í sína þjónustu og því geta allir níu hundruð meðlimir ÍKSA kosið með netpósti.

Margir hafa iðulega horn í síðu keppni sem þessarar og segja sömu aðilana vinna ár eftir ár. Þetta séu fámennar klíkur sem berjist um bestu bitana. Elísabet telur það af og frá en segir að taka verði tillit til þess að þetta sé mikill iðnaður í fámennu landi. „Við erum sennilega með flesta kvikmyndagerðamenn í heiminum ef miðað er við höfðatölu," útskýrir hún og telur að við ættum frekar að fagna því að Ísland hafi jafn margt hæfileikafólk og raun ber vitni.

- fgg

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Blaðið Blaðið birti í vikunni smáfrétt þess efnis að til stæði að færa sjónvarpsþátt Valgerðar Matthíasdóttur, Veggfóður, af dagskrá sjónvarpsstöðvarinnar Sirkus yfir á Stöð 2. Samkvæmt Blaðinu var þetta ákveðið í ljósi þess að Vala Matt væri líkleg til að trekkja að nýja áhorfendur. Þó vinsældir Völu séu óumdeildar er að öðru leyti ekki flugufótur fyrir þessari frétt og Vala ætlar að sitja sem fastast á Sirkus. Það fór víst samt hrollur um marga aðdáendur hennar sem hringdu á skiptiborð sjónvarpsstöðvarinnar og fengu þar áfallahjálp og voru fullvissaðir um að Vala yrði á sínum stað í vetur.



Rithöfundurinn Ólafur Gunnarsson hefur sent frá sér nýja skáldsögu, Höfuðlausn, en hann hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir síðustu skáldsögu sína, Öxina og jörðina. Ólafur fagnar einnig um þessar mundir 35 ára rithöfundarafmæli sínu en árið 1970 gaf hann út ljóðabókina Ljóð. Útgefandi Ólafs, Jóhann Páll Valdimarsson, ætlar því að slá til veislu til heiðurs höfundinum í dag og fagna þessu tvöfalda og ærna tilefni.



Útfærsla Vesturports á leikverki George Buchner, Woyzeck, er að sigra London. Uppfærslan hefur fengið fína dóma í miðlum á Bretlandseyjum sem hafa hrósað leikhópnum fyrir frumleika. Þá hefur tónlist Nicks Cave fengið úrvalsdóma en hann bar sjálfur mikið lof á leikhópinn. Breska blaðið Time Out gaf sýningunni fimm stjörnur og hafði hana sem „pick of the week", eða „val vikunnar". Er þetta merkilegt fyrir þær sakir að sjaldgæft er að erlendar leiksýningar komist í þann flokk. Íslenskir leikhúsgestir eru farnir að halda niðri í sér andanum því nú styttist enn frekar í frumsýningu verksins á fjölum Borgarleikhússins en ráðgert er að hún verði 28. október.

Stór Humar
Medium Humar
Risa Rækjur
Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686

# Nýjasta nýtt og eitthvað fáránlegt

Fjölmiðlamaðurinn Dr. Gunni er kominn yfir á X-FM með útvarpsþátt sinn Tónlistarþáttur Dr. Gunna.

Gunni hefur undanfarið verið á Talstöðinni með þáttinn en þar áður hefur þátturinn komið víða við í hinum ýmsu myndum undanfarin 16 ár. „Ég er að spila það sem ég er að hlusta á og nýjasta nýtt. Síðan spila ég líka eitthvað fáránlegt, hvort sem það er búlgarskt polka, ungverskt framúrstefnupönk eða nýsjálenskt iðnaðarrokk. Það er alls staðar einhver tónlist," segir Dr. Gunni.

Gunni, sem varð fertugur á dögunum, fór um svipað leyti á tónleika með Bítlinum fyrrverandi Paul McCartney í New York. Um stórkostlega upplifun var að ræða að sögn Gunna. „Paul McCartney er mikill alþýðumaður sem hefur mikinn áhuga á að gleðja sitt fólk og ég gladdist mikið. Ég stend fullkomlega við bakið á honum gegn japönsku nöðrunni, þessu talentlausa fífli," segir hann og á þar við deilu McCartney og Yoko Ono.

Gunni býst ekki við að þátturinn breytist mikið þrátt fyrir nýja eigendur. „Maður tekur aðeins mið af stöðinni sem maður er að vinna hjá. Ég var alltaf með það bak við eyrað að Illugi væri að hlusta á Talstöðina þannig að ég var af og til að stinga inn Bob Dylan-lagi. Hérna eru rokkarar eins og Matti. Maður tekur alltaf óbeint mið af eigendum sínum," segir doktorinn og kímir.

Tónlistarþáttur Dr. Gunna verður á hverjum sunnudegi milli klukkan 14 og 16.



**DR. GUNNI** Doktorinn er kominn yfir á X-FM með tónlistarþátt sinn.


SHINE
SSX
on tour
BASS
LOUDNESS
ROCK THE MOUNTAIN!
WWW.SSXONTOUR.COM
HRIKALEGA HRAÐUR SNJÓBRETTA-
OG SKÍÐALEIKUR Á PLAYSTATION 2!
KOMINN Í VERSLANIR!
TRYGGÐU ÞÉR EINTAK
3+
www.pegi.info
PlayStation 2
BaseCamp
góða skemmtun
sena

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**






**BAKÞANKAR**
**SÚSÖNNU SVAVARSDÓTTUR**

# Ærið verkefni

Fyrirgefið mér fávísri konunni en ég skil ekki baun í bala. Nú á að fara að rétta yfir Saddam karlinum Hussein úti í heimi fyrir að hafa fyrirskipað morð á 143 sjíum. Blessuð sé minning þeirra sjía en segið mér eitt, var hann ekki handtekinn fyrir eitthvað allt annað? Var mannfýlan ekki ógn við heimsbyggðina? Hvers vegna er hann ekki ákærður fyrir það?

**FÚSLEGA** skal ég viðurkenna að ég er algerlega á móti því að sjíar séu myrtir en mig rekur ekki minni til að hafa heyrt heiminn reka upp ramakvein yfir því hér um árið. Mig rekur ekki heldur minni til þess að hafa heyrt verkefnisstjórana B&B lýsa yfir því að slíkur blettur væri það á okkar annars óaðfinnanlegu veröld að ástæða væri til að transportera gervöllum stjörnustríðsflota kúlunnar á þennan útnára til þess að grafa karlálftina upp úr holu sem hann sjálfur kaus sér að híbýlum, draga hann á ótilgreindan stað í Evrópu og loka hann þar inni á meðan væri verið að telja hversu nákvæmlega margir sjíar hefðu komið upp dauðir. Að ekki sé talað um hina sem hurfu inn í samvisku karlsins.

**EN** það sem mig langar að vita er hvort sigurvegurunum hefur algerlega tekist að sneiða hjá því að drepa einn einasta sjía á þeim tveimur árum sem þeir hafa verið að snyrta til í Írak? Eru sjíar frábrugðnir öðrum landsmönnum í útliti og því auðþekkjanlegir? Eru þeir ekki slík flón að ráfa fyrir byssukúlur?

**EINS** og við vitum erum við Vesturlandabúar svo miklu betri í réttlæti en aðrar þjóðir. Við höfum verið að þróa þekkingu og skilning á gildi þess hugtaks allt frá dögum frönsku byltingarinnar. Af einhverjum ástæðum hefur maður alltaf hengt þá teóríu á réttlætið að hæpið sé að handtaka fólk fyrir eitt og kæra það fyrir eitthvað allt annað þegar upphaflega sakarefnið hefur týnst í hamaganginum.

**OG** hvert skal svo halda næst? Vitleysingar sem fyrirskipa aftökur á sínum sveitungum glenna sig svo víða, búandi í demöntum og gulli, silki og purpura, að héðan frá séð virðist það ærið verkefni að kenna heimsbyggðinni það kristilega hugarþel sem við berum í brjósti.

www.toyota.is




**Þetta er þitt tækifæri** til að eignast betri bíl.

Núna er allt fullt af betri notuðum bílum á hagstæðu verði, þar á meðal mikið úrval af Corolla Sedan. Hér færðu örugga þjónustu og bíla sem standast gæðakröfur. Komdu í Toyota Nýbýlavegi, kíktu á úrvalið og verðið, gakktu frá málunum á staðnum og aktu heim á betri notuðum bíl.

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR **TOYOTA**

Toyota Nýbýlavegi 4 Kópavogur Sími 570-5070

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 29933 10/2005

**AEG** FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

**LOKADAGAR ÞVOTTADAGA**



**AEG ÞVOTTAVÉLAR, ÞURRKARAR OG UPPÞVOTTAVÉLAR Á TILBOÐSVERÐI!**

**EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS**



TILBOÐSVERÐ KR.159.000,-

RADIONAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000

**ORMSSON**

**LÁGMÚLA** SÍMI 530 2800
**SMÁRALIND** SÍMI 530 2900
**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT**